

SHALDÖR
skoðun 18



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Atvinnumiðlun
& ráðgjöf



Iceland
frystivörurnar
eru komnar aftur

Iceland



FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

30. ágúst 2012
203. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeim tölköllum Capacent Gallup í maí - maí 2012



Óður til amma

Sigmundur Ernir Rúnarsson segir skriftir fara vel með þingstörfum.

tímamót 24

Teppin seldust upp

Samstarfsverkefni Farmers Market og Sigur Rósar vekur mikla lukku.

fólk 46




Sex á leið til Tyrklands

Landslið Íslands í golfi tekur þátt í Heimsmeistaramóti áhugamanna.

golf 42

veðrið í dag



DÁLÍTIL VÆTA sunnan og vestan til en bjart veður á Norður- og Austurlandi. Fremur hæg suðlæg átt og hlýnandi veður. Vaxandi vindur með rigningu SV-til í kvöld.

VEÐUR 4

TÖFRANDI



www.forlagid.is

Óttast að Bandaríkin loki á siglingar héðan til Ameríku

Eimskip segir hættu á að skipum verði meinað að sigla héðan til Bandaríkjanna ef laumufarþegar komast vestur um haf. Innarríkisráðuneytið hefur ekki svarað erindi félagsins sem óttast um öryggi starfsmanna.

SAMGÖNGUR Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, kveðst hafa verulegar áhyggjur af aukinni ásókn hælisleitenda sem reyna að komast um borð í Ameríkuskip félagsins. Í bréfi til innarríkisráðuneytisins segir Gylfi alvarlega stöðu koma upp sleppi laumufarþega með skipi vestur um haf.

„Slíkt myndi kosta Eimskip háar fjársektir, hættu á handtöku skipstjóra og möguleika á að skip félagsins yrði kyrrsett með tilheyrandi kostnaði,“ skrifar Gylfi og bætir við að að beinum siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku sé ógnað: „Yfirvöld í Ameríku fylgjast grannt með og gætu mögulega ályktað sem svo að siglingaleiðin sé ótrygg og gætu gert kröfu

til þess að vörur milli Íslands og Norður-Ameríku yrðu fluttar í gegnum hafnir á meginlandi Evrópu,“ útskýrir forstjóri Eimskips sem kveður þessar siglingar þá til dæmis geta orðið um Rotterdam. Þetta hefði mikinn kostnað í för með sér fyrir útflytjendur.

Þá bendir Gylfi á að sumir hælisleitendanna hafi ítrekað verið handteknir á athafnasvæði Eimskips eða um borð í skipum þess. Þeir hafi gert sjö „atlgur“ að því að lauma sér með skipum félagsins úr landi.

„Það er eins og þessir aðilar séu eftirlitslausir og að engin lög taki á ítrekuðum brotum þeirra sem valda tjóni á mannvirkjum og síðast en ekki síst viljum við ekki hugsa þá hugsun til enda ef til



LAUMAST Í SUNDAHÖFN Þrír hælisleitendur læðast um á afgirtu svæði Eimskips.

MYND/EIMSKIP

handalögmála kæmi við öryggisverði eða sjómenn,“ segir forstjórinn í bréfinu þar sem fram kemur að reyndar hafi legið við átökum. „Í síðustu tveimur tilraunum sýndu aðilar tilbúðni til að ráðast á öryggisverði félagsins.“

Óskað er eftir aðgerðum af hálfu innarríkisráðuneytisins. „Fundir hafa verið haldnir með embættismönnum ráðuneyta, útlendingaefirlits, siglingamála, lögregluembættis og hafnaryfirvalda. Þær viðræður hafa hingað til því miður litlu sem engu skilað,“ skrifar Gylfi ráðuneytinu og biður um skjót viðbrögð.

Bréfi Eimskips, sem dagsett er 16. júlí, hefur enn ekki verið svarað að sögn upplýsingafulltrúa ráðuneytisins. „Við erum enn að bíða,“ segir Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips.

Stjórn Faxaflóahafna segist hins vegar taka undir að viðeigandi yfirvöld eigi að grípa til nauðsynlegra ráðstafana vegna ítrekaðra tilrauna til innbrota á svæði Eimskips. -gar



ÓLYMPIULEIKAR FATLAÐRA Setningarathöfn Ólympíuleika fatlaðra í London í gærkvöldi gaf athöfninni fyrir Ólympíuleikana fyrir í mánuðinum ekkert eftir. Fjórir íslenskir keppendur eru í London og keppa þeir allir í fyrsta sinn á Ólympíuleikum. Fjórmenningarnir stefna allir á verðlaun. **Sjá síðu 40.**

NORDICPHOTOS/AFP

Lengra leikskólakennaranám gerir erfiðara að fjölga menntuðum kennurum:
Vantar á annað þúsund kennara

MENNTAMÁL Lagaákvæði um að tveir þriðju hlutar starfsmanna leikskóla skuli hafa lokið leikskólakennaraprófi verður ekki uppfyllt fyrir en í fyrsta lagi árið 2041, að óbreyttu. Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps um aðgerðir til eflingar leikskólastigsins. Árið 2010 vantaði 1.369 stöðugildi til að uppfylla lagaákvæðið.

Nám leikskólakennara var lengt í fimm ár árið 2011. Nokkuð hefur dregið úr aðsókn í námið síðan.

Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, segir ástandið alvarlegt. Útskrifa

„Ef við ætlum að laga þetta þá verður að gera eitthvað róttækt.“

HARALDUR FREYR GÍSLASON
FORMAÐUR FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNARA

þurfi 180 leikskólakennara á ári á næstu árum til að viðhalda stéttinni. Aðeins 105 hófu nám í haust. Þá segir Haraldur að bæta þurfi launakjörin.

„Við verðum sem þjóð að ákveða hvernig menntun við viljum veita. Ef við ætlum að veita úrvalsmenntun þá verðum við að fram-

leiða leikskólakennara, en þeir eru ekki að skila sér í námið. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst tengd launum og starfskjörum. Ef við ætlum að laga þetta þá verður að gera eitthvað róttækt.“

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir þetta áhyggjuefni. Meðal þess sem skoðað verði er hvort búa eigi til útgönguleiðir í náminu með því að hlutaskipta því. „Fólk getur þá fengið það metið í starfi á leikskólum.“ Þannig væri hægt að skipta fimm ára náminu upp í áfanga sem ljúka mætti síðar. -kóp / sjá síðu 4

Nýir þættir um mannhvörf:
Leitar svara um horfið fólk

SJÓNVARP „Mér finnst óviðunandi að manneskja geti horfið sporlaust í okkar litla samfélagi,“ segir fréttakonan

Helga Arnardóttir sem senn fer af stað með nýja sjónvarpsþætti á Stöð 2 þar sem fjallað verður um mannhvörf á Íslandi.

„Mér hefur verið mjög vel tekið. Aðstandendur, sama hversu langur tími er liðinn frá hvarfinu, eru alltaf að bíða og leita að svörum um afdrif einstaklingsins.“

Alls rata fjórar íslenskar þáttaraðir sem fjalla um mannhvörf, sakamál, slys og útskýrða atburði á skjái landsmanna í vetur.

-áp / sjá síðu 46



HELGA ARNARDÓTTIR



Opið til
21
í kvöld

Smáralind



Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!

VÍS HEFUR MARKAÐ SÉR METNAÐARFULLA NÝJA STEFNU OG ÚTLIT Í TAKT VIÐ HANA

Við trúum því að góð þjónusta felist í því að sjá fyrir hvar áhættan liggur og veita viðskiptavinum okkar hugarró með forvörnum. Allir starfsmenn VÍS eru forvarnarfulltrúar í þjónustu sinni við viðskiptavini.

Við leggjum áherslu á forvarnir í þeim tilgangi að fækka slysum og tjónum meðal viðskiptavina og í samfélaginu í heild. Hjá okkur snúast tryggingar um fólk.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS



HAGSTÆÐARA GENGI

VIÐ LÆKKUM VERÐ UM

ALLT AÐ **11,8%**



CAPTIVA LT

7 sæta, sjálfskiptur, dísel.
Verð áður kr. ~~6.790.000~~
Nú kr. **5.990.000**

VERTU MEÐ!

**KYNTU ÞÉR LÆGRA VERÐ
Á CHEVROLET BÍLUM!**

VEGNA HAGSTÆÐARA GENGIS ÍSLENSKU KRÓNUNNAR getum við nú lækkað verð á Chevrolet bílunum um allt að **11,8%**. Komdu í heimsókn, kíktu inn á **benni.is** og kynntu þér lægra verð á Chevrolet bílum. Þetta er þitt tækifæri til að eignast draumabílinn þinn frá Chevrolet - *á lægra verði.*

VERÐLÆKKUN	VERÐLÆKKUN	VERÐLÆKKUN	NÝR BÍLL	VERÐLÆKKUN
SPARK 1,0L, m/álfelgum Verð áður kr. 2.090.000 Nú kr. 1.940.000	AVEO LTZ 1,6L, sjálfskiptur, 5 dyra. Verð áður kr. 3.090.000 Nú kr. 2.890.000	CRUZE LTZ 4 dyra, 1,8L, beinskíptur. Verð áður kr. 3.290.000 Nú kr. 2.990.000	MALIBU 2,0L, dísel, LTZ. sjálfskiptur, leður + sóllúga Verð kr. 5.590.000	ORLANDO 2,0L, dísel, AT LTZ, leður. Verð áður kr. 5.290.000 Nú kr. 4.990.000

Er ekki kominn tími á nýjan lykil?

Nýr valkostur í bílafjármögnun
www.lykill.is

Verð áður miðast við verðlista í júlí 2012

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

GJÖFIN ÞÍN

DAGANA 30. ÁGÚST – 5. SEPTEMBER
Í SNYRTIVÖRUEILDUM HAGKAUPS

Glæsileg gjöf* fyrir þig ef þú verslar vörur
frá Estée Lauder fyrir 6.900 eða meira
í snyrtivörueildum Hagkaups
dagana 30. ágúst – 5. september.

ESTÉE LAUDER GJÖF



GJÖFIN INNIHELDUR:

Daywear Creme – dagkrem, 15ml
Idealist – serum sem jafnar út litamismun, 7ml
Take it Away – hreinsir fyrir augu og andlit, 30ml
Pure Color Eyeshadow – augnskuggabox með 4 litum

Pure Color Gloss – varagloss, litur, berry lush
Pure Color Lipstick – varalitur, bois de rose, full stærð
Sumptuous Extreme Mascara – svartan maskara
Fallega snyrtitösku

Verðgildi gjafarinnar er ca. 23.690,-

*Meðan birgðir endast



Raki, vörn og lýtalaus fullkomnun í einni túpu.

Daywear BB Creme SPF 35

Með öflugustu andoxunarefnum sem völ er á.
Þetta léttu krem gefur samstundis jafnan lit og heilbriggt útlit.
Fánlegt í 2 litum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



1. Hvaða húsgagnafyrirtæki mun jafnvel koma að hóteli við Hörpuna?
2. Við hverja mun Íslenska karlalíðið í knattspyrnu leika í næstu viku?
3. Við hvaða götu í Kópavogi eru eldri borgarar í þjónustublokk nú án nothæfrar lyftu?

SVÖR:

1. IKEA. 2. Normenn. 3. Kópavogsbraut.

FRÉTTASKÝRING: Breytingar á stjórnarráði

Skipting málaflokka

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti (UAR)

■ Rannsóknir á lífríki í ám og vötnum og ráðgjöf um nýtingu.

Veidimálastofnun sem heyrir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis (SLR) nú verður flutt til umhverfis- og auðlindaráðuneytis en aðkoma atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis tryggð í tengslum við ráðgjafaráð.



■ Grunnrannsóknir á jarðrænum auðlindum á landi og á hafsbotni, öðrum en olíu, og ráðgjöf um nýtingu þeirra. Ábyrgð á rannsóknum færast frá núverandi SLR til umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Íslenskar orkurannsóknir (ISOR) og Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna flytjast frá SLR til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

■ Skógræktarmál, þ.e. Skógrækt ríkisins og landshlutabundin skógræktarverkefni. Skógræktarmálefni hafa hingað til verið á ábyrgð tveggja ráðuneyta. Landshlutabundin skógræktarverkefni sem heyrta hafa undir SLR verða við breytingarnar sameinuð málefnum skógræktar (Skógrækt ríkisins) sem eru í núverandi umhverfisráðuneyti.

■ Rammaáætlun um vernd og nýtingu orkuvinnslusvæða. Færast frá iðnaðarráðuneyti til umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

■ Skilgreiningar á viðmiðum um sjálfbæra nýtingu auðlinda og eftirlitsviðmið til að treysta sjálfbærni. Þetta er nýtt verkefni sem mun tilheyrja umhverfis- og auðlindaráðuneyti.



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (ANR)

■ Rannsóknir á fiskistofnum og lifandi auðlindum hafins og ákvörðun um nýtingu þeirra. Hafrannsóknarstofnun mun tilheyrja atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu en auk þess samráð og samstarf verður milli þess og umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna auðlindarinnar.

■ Rekstur fyrirtækja og félagaskráa. Verður færður frá núverandi fjármálaráðuneyti til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis enda mun síðarnefnda ráðuneytið bera ábyrgð á félagarétti og viðskiptamálum.

■ Bygðamál. Eru nú á ábyrgð iðnaðarráðuneytis. Þau verða fyrst um sinn hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti en stofnaður verður starfshópur undir stjórn forsætisráðuneytisins sem skila mun tilögum í desember 2012 um framtíðarstaðsetningu innan Stjórnarráðsins.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið (FJR)

■ Umsýsla jarðeigna ríkisins og jarðasjóður. Verkefnið sem sinnt hefur verið í SLR fer til fjármála- og efnahagsráðuneytisins og sameinast þar annarri eignaumsýslu ríkisins. Einungis er um að ræða eignaumsýslu en ekki jarðalög eða ábúðarlög en umsjón með þeim mun flytjast til atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytis.

■ Málefni Hagstofu Íslands og Seðlabanka. Málefni Hagstofu og Seðlabanka sem áður heyrðu undir efnahags- og viðskiptaráðuneytið munu heyrja undir fjármála- og efnahagsráðuneyti.



Breytingar verða einnig á verkefnum umhverfisráðuneytisins sem mun heita umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Verkaskipting ráðuneytanna byggir í meginatriðum á því að umhverfis- og auðlindaráðuneytið fer með rannsóknir og ráðgjöf varðandi auðlindir, en atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun fara með ákvörðun um nýtingu í atvinnuskyni og stjórnun hennar. Þá flytjast verkefni efnahags- og viðskiptaráðuneytisins á sviði viðskipta og fjármálamarkaðar til fjármálaráðuneytisins og til verður fjármála- og efnahagsráðuneyti.

NANO-TECH BÍLABÓN

ALLT SEM ÞÚ PARFT

- High-Tech Polyethlen-akrýl efni
- Langtíma yfirborðsvörn
- Einstök UV vörn
- Háglaun án póleringar
- Hreinsar og ver í einni umferð

Bílasmiðurinn hf - Bildshöfða 16
sími: 5672330

TENNIS
er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

TENNISHÖLLIN
Kópavogi

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

Atvinnuvegirnir í eitt ráðuneyti

Öllum atvinnugreinum á að gera jafn hátt undir höfði í nýju atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Með skipan þess er brugðist við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti tekur til starfa um mánaðamótin. Segja má að með því sé forn skipan endurvakin, því í árdaga íslenskrar stjórnsýslu sátu atvinnuáráðgjafar í ríkisstjórn.

Hið nýja ráðuneyti tekur yfir verkefni sjávarútvegs- og landbúnaðar-, iðnaðar- og efnahags- og viðskiptaráðuneytisins að öllu eða hluta. Steingrímur J. Sigfússon gegnir embætti atvinnuvega- ráðherra. Hann segist sannfærður um að breytingin sé til batnaðar.

„Eftir að hafa tekið þátt í undirbúningnum er ég enn sannfærðari en áður um að þetta er hárrétt ákvörðun og í raun



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

mjög tímabær fyrir Ísland einmitt núna. Það er til bóta að ná saman á einum stað í öflugum tæki málefnum alls hins almenna atvinnulífs.

Með því verða atvinnugreinar gerðar jafn settar og hægt verður að sinna sameiginlegum málefnum þeirra allra með öflugum hætti.“

Steingrímur segir að með þessu sé verið að endurskipuleggja stjórnsýsluna í ljósi nútímaaðstæðna í atvinnulífinu, þannig að skipulagið mótist ekki af löngu liðnum tíma, heldur stöðunni í dag og þörfum framtíðarinnar. Meira jafnræði skapist með atvinnugreinunum.

„Við getum tekið einhverja mestu vaxtagrein íslensks atvinnulífs undanfarin ár og áratugi, ferðapjónustuna. Það hefur aldrei verið til ráðuneyti ferðamála, þó þeim hafi alltaf verið sinnt í þeim ráðuneytum

sem með þau hafa farið á hverjum tíma. Þá er verslunin mjög mikilvæg atvinnugrein, en hefur ekki kannski beinlínis verið sett upp sem slík í skipulagi stjórnarráðsins. Hinar skapandi greinar munu einnig eiga sinn fulltrúa í þessu nýja skipulagi, og svo mætti lengi telja.“

Rannsóknarskýrsla Alþingis setti út á smæð stofnana í íslensku stjórnkerfi, sem og skýrsla Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors við Háskóla Íslands, um stjórnarráðið. Steingrímur segir að brugðist sé við þeim athugasemdum með þessum breytingum.

„Veikleikar íslenskrar stjórnsýslu voru allt of margar, smáar og dreifðar einingar sem unnu ekki saman með nægilega skilvirkum hætti. Við því er meðal annars brugðist með þessum breytingum.“

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



STERKAR - EINFALDAR - ÞÆGILEGAR

**Bretta-
strekkivélar**

ATLANTA
STRETCH

VANDAÐIR
Pallettutjakkar
Lyftigeta: 2500 kg.

Til afgreiðslu strax
Plastprent
Sérfræðingar í umbúðalausnum

Sími: 580 5600 - plastprent.is



BYLGJAN 25
ÁRA
989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar



TAKK FYRIR ÞÁTTTÖKUNA!

Nú er Vegabréfaleik sumarsins lokið og farfuglarnir búa sig undir að kveðja að sinni. Að vanda tóku mörg þúsund viðskiptavinir þátt í leiknum og hafa á annað hundrað stálheppnir vinningshafar nú verið dregnir út.

Smelltu þér á www.n1.is og gáðu hvort þú hafir unnið!

Við þökkum þátttökuna og viðskiptin í sumar og hlökkum til að taka vel á móti ykkur um allt land í vetur!

NÖFN ALLRA
VINNINGSHAFA
ERU Á N1.IS



ÁLFT





KASTALI Í GARDINUM Þýsk hjón hafa reist 14 metra háa eftirlíkingu af kastala í bakgarði sínum í bænum Dudweiler í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Bashar al-Assad Sýrlandsforseti viðurkennir að her sinn eigi í erfiðu stríði:

Hvetur landsmenn til að flýja

SÝRLAND, AP „Við eigum í stríði sem nær til heimshlutans og heimsins alls, þannig að við þurfum tíma til að ná sigri,“ sagði Bashar al-Assad Sýrlandsforseti í útvarpsviðtali í gær.

Þetta er í fyrsta sinn sem hann viðurkennir að her sinn eigi í erfiðu stríði. Hann sagði þó utan- aðkomandi öfl eiga mesta sök á því hve stjórnarhernum gengur erfiðlega að sigrast á uppreisnarmönnum, sem hann hefur jafnan kallað hryðjuverkamenn.

Hann gerði lítið úr brotthlaupi bæði háttsettra ráðamanna og

óbreyttra hermanna, sem margir hafa gengið til liðs við uppreisnarherinn: „Brotthlaup er sjálfhreisibúnaður þjóðarinnar,“ sagði Assad. „Ef sýrlenskur borgari veit um einhvern sem vill flýja en hikar við það þá ætti hann að hvetja hann til þess.“

Átök hersins við uppreisnarmenn hafa kostað meira en 20 þúsund manns lífið frá því fyrstu mót-mælin gegn stjórn Assads hófust snemma á síðasta ári. Átök voru í gær í borgunum Aleppo, Homs og Hama og einnig í úthverfum höfuðborgarinnar Damaskus. -gb



Á SJÚKRAHÚSI Í ALEPPO Særður drengur ásamt uppreisnarmanni. NORDICPHOTOS/AFP

Pvert á spár greiningaraðila:

Verðbólga lækkaði talsvert

EFNAHAGSMÁL Tólf mánaða verðbólga mældist 4,1% í ágúst og lækkaði um hálf talsvert á milli mánaða. Verðbólga hefur ekki mælst minni síðan í maí í fyrra. Vísitala neysluverðs lækkaði í mánuðinum um 0,15%.

Þessi lækkun kom nokkuð á óvart enda höfðu spár helstu greiningaraðila gert ráð fyrir því að verðbólga myndi hækka í mánuðinum. Eins og áður sagði er tólf mánaða taktur verðbólgunnar 4,1% og þá er tólf mánaða verðbólga án áhrifa húsnæðisverðs 4,3%. -mpl

60% afsláttur

Úlpur 50% afsláttur
Krakkaúlpur 50% afsláttur
Útivistarjakkar 30% til 60% afsláttur og fleira og fleira...

Ekki missa af þessu Takmarkað magn!

ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

Air Crash Investigation
Flugslys krufin til mergjar og orsökinn fundin

NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL

NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STÖÐ 2 IS

Repúblikanar þinga í skugga fellibyls

Rúmlega tveir mánuðir eru til forsetakosninga í Bandaríkjunum. Repúblikanar hafa þingað í þessari viku, en í næstu viku er röðin komin að demókrötum.

BANDARÍKIN, AP Meðan fellibylurinn Ísak herjaði á íbúa New Orleans fylgdu repúblikanar almennt í Bandaríkjunum spenntir með landsþingi flokksins í Tampa, þar sem allir helstu leiðtogar flokksins flytja ræður.

Mikið úrhelli fylgdi fellibylnum en hvassviðrið varð aldrei jafn mikið og íbúar á þessum slóðum kynntust fyrir sjö árum, þegar fellibylurinn Katrina reið þar yfir.

Hundruð þúsunda yfirgáfu engu að síður heimili sín í öryggisskyni, en fellibylurinn fór hægt yfir og hellti ógrynni vatns yfir íbúa í Louisiana-ríki.

Á landsþingi repúblikana var röðin í gær komin að ræðu Pauls Ryan, varaforsetaefnis flokksins, sem afar skiptar skoðanir eru um meðal Bandaríkjamanna. Íhaldssamir frjálshyggjumenn hafa fagnað honum ákaft, en umdeildar fjárlagahugmyndir hans hafa farið misjafnlega í kjósendur.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun frá Pew-rannsóknarmiðstöðinni og dagblaðinu The Washington Post er algengast að Bandaríkjamenn telji hann bæði íhaldssaman og gáfaðan, en jafnframt hálfgerðan loddara og þykjustumann.

Í ræðu sinni í gærkvöld þurfti Ryan að tryggja sér og Mitt Romney, forsetaefni flokksins, stuðning sem flestra óákveðinna kjósenda



MITT ROMNEY OG ANN EIGINKONA HANS Í dag er röðin komin að Romney að flytja ræðu, en Ann ávarpaði landsþing repúblikana á þriðjudag. NORDICPHOTOS/AFP

sem geta ráðið úrslitum í forsetakosningunum í nóvember.

Stuðningsmenn Baracks Obama forseta notuðu hins vegar daginn í gær til að birta myndband þar sem dregin er upp sú mynd af Ryan að hann sé stjórnmalamaður frá löngu liðnum tíma, sem vilji meðal annars rústa heilbrigðistryggingakerfi eldri borgara.

Í gær skaut svo upp kollinum Condoleezza Rice, fyrrverandi utanríkisráðherra úr stjórn George W. Bush, sem flutti ræðu á landsþinginu. Þetta er í fyrsta sinn sem hún blandar sér að ráði í bandarísk stjórnmal eftir að hún lét af ráðherraembætti.

Í dag flytur svo Romney, forseta-

efnið sjálft, sína ræðu þar. Eigin-kona hans, Ann Romney, ávarpaði þingið á miðvikudagskvöld þar sem hún talaði meðal annars um 43 ára hjónaband þeirra og þá margvíslegu erfiðleika sem verkalýðsfjöl-skyldur eiga við að stríða: „Ef þið hlustið vandlega, þá heyrði þið að konurnar andvarpa aðeins hærra en karlarnir. Svona er það bara, er það ekki? Það eru mæðurnar sem alltaf þurfa að leggja aðeins meira á sig til að koma öllu í rétt horf,“ sagði hún.

Skoðanakannanir sýna að mjótt er á muninum. Kjósendur virðast treysta Romney betur í efnahagsmálum, en kunna almennt betur við Obama. gudsteinn@frettabladid.is

www.volkswagen.is

Volkswagen Golf BlueMotion

Sparnaðarráð frá Þýskalandi

Meðaleyðsla aðeins **3,8 lítrar á hverja 100 km****

Sigurvegari í sparakstri*

Golf kostar aðeins frá 3.290.000 kr.

Volkswagen

Das Auto.

* Volkswagen Golf var sigurvegari í árlegri sparaksturskeppni Atlantsliðu 2012, í flokki dísilbila 1.4-1.6 cc.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Golf

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Enn betri
verslun
opnar í dag

Frábær tilboð
í öllum deildum

Þessi og miklu fleiri í gangi alla helgina

Gerðu
lífið
skemmtilegra

30%
AFSLÁTTUR

af dömu
rykfrökkum
frá Collection

30%
AFSLÁTTUR

af "Snow Fleece"
náttslöppum

30%
AFSLÁTTUR

af völdum barna
Ticket to Heaven
regnfötum

Allt að

40%
AFSLÁTTUR

af völdum vörum
í snyrtivörudeild

30%
AFSLÁTTUR

af Maine herra
pólóbolum

Kaupauki

Þeir sem versla
fyrir 10.000 kr. eða
meira fá 2.000 kr.
gjafakort

Öll opnunartilboð
gilda til sunnudags

 Finndu okkur á facebook

Opið í dag frá kl. 11 til 21

DEBENHAMS

Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

16,6 PRÓSENT er sú hlutfallslega hækkun sem varð á verði á eggjum á Íslandi frá maí 2009 til maí 2012.

GÓÐ HÚSRÁÐ málningarvinna

Gott er að smyrja sápu á glerið.

Þegar haustar fara margir að huga aftur að viðhaldi innanhúss, þar á meðal málningarvinnu. Eitt gott ráð þegar kemur að því að mála gluggakarma og í kring um annað gler er að smyrja sápu á glerið. Þá festist málningin ekki þar við, verði slys líkt og gerast vill, og málning klínist í glerið. Einfalt er svo að hreinsa sápu og málningarleifar af glerinu eftir að málningin hefur fengið að þorna.

Matvæli

Nokkrar tegundir til af hreinu hvítu skyri



Nú eru til á markaðnum fjórar tegundir af hreinu hvítu skyri, að sögn sölustjóra MS, Aðalsteins Magnússonar. Óhræða skyrið merkt KEA er það skyr sem einna helst líkist því sem var til sölu áður fyrr. Það hefur aðallega verið selt á Norðurlandi en fæst einnig í einhverjum verslana Nettó á höfuðborgarsvæðinu. Líftími óhræða KEA-skyrsins er 15 dagar en líftími hinna skyrtegundanna er 30 dagar, að því er sölustjórinn greinir frá.

Samgöngur

Sektað ef brottfararspjald er ekki prentað út



Lággjaldsflugfélagið Ryanair krefst þess að allir farþegar skrá sig í flug á netinu. Þeir þurfa einnig að prenta út brottfararspjald og koma með það á flugvöllinn. Geri þeir það ekki þurfa þeir að greiða sekt upp á 60 evrur. Suzy McLeod frá Bretlandi og samferðamenn hennar þurftu að greiða alls 300 pund þar sem þau höfðu ekki prentað

út brottfararspjaldin. McLeod segir frá þessu á Facebook-síðu sinni. Yfir hálf milljón manns hafa lýst því yfir á Facebook að þeir séu sammála henni um að gjöldin séu óréttlát.



Á BÍÐSTÖÐ Nemakort í Strætó gilda nú í 12 mánuði. Ekki var komist hjá verðhækkun, að sögn forstjóra Strætó.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gagnrýna breyttan gildistíma nemakorta

Neytendasamtökin segja að sníða þurfi nemakort Strætó að raunverulegri þörf nemenda þótt verðhækkun hafi ekki verið umflúin, eins og talsmenn Strætó hafa greint frá. Samtökunum hafa borist margar kvartanir frá námsmönnum og aðstandendum þeirra vegna breytinga á fyrirkomulagi kortanna. Nú er eingöngu hægt að fá 12 mánaða nemakort sem kostar 38.500 krónur. Í fyrrahaust gátu nemendur keypt kort sem gildi í 9 mánuði og kostaði 20 þúsund krónur.

Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, gagnrýnir breytt fyrirkomulag á nemakortum Strætó. „Í fyrrahaust kostaði 9 mánaða

nemakort 20.000 krónur, rúmlega 2.200 krónur á mánuði, en mánaðarlegur kostnaður er nú rúmlega 3.200 krónur miðað við 12 mánaða kort á 38.500 krónur. Þetta er 45 prósent hækkun. Við höfum fengið margar kvartanir vegna þessa.“

Hún segir að með breytta fyrirkomulaginu sé í raun verið að neyða námsmenn til að kaupa kort sem gildir þremur mánuðum lengur en skólaárið er. „Ferðavenjur margra nema breytast á sumrin, til dæmis þeirra sem taka fram hjólið eða fara út á land að vinna. Fyrir þennan hóp verður verðhækkunin því um 93 prósent, úr 20.000 í 38.500 krónur.“

Reynir Jónsson, forstjóri Strætó, segir að ekki hafi verið komist hjá því að hækka verðið. „Ákveðið var að lina sársaukann með því að láta kortið gilda í 12 mánuði.“

Hann getur þess einnig að Strætó hafi borist margar athugasemdir þegar nemakortin voru annatengd eins og í fyrra. „Við vorum spurð af hverju þau giltu

ekki einnig yfir sumarið. Nemandafélög sögðu kannanir sýna að það væri ósk nemenda að kortin giltu að sumarlagi. Við gáfum út sumarkort í fyrra en það seldist illa. Nú veitum við kaupauka. 12 mánaða kortið er til dæmis ódýrara en 9 mánaða kort á venjulegri gjaldskrá sem kostar 42 þúsund krónur en það er auðvitað enginn sáttur að fá svona mikla hækkun.“

Þuríður telur líklegra að kaupaukinn sé fyrir Strætó en ekki nemendur. „Þeir hljóta að vera stór og mikilvægur viðskiptahópur. Þeir hafa ekki mikið fé á milli handanna og haustið er kostnaðarsamur tími. Strætó á að bjóða skástu leiðina til að lækka kostnað fyrir námsmenn en ekki gefa þrjá mánuði í búbot. Það á að sníða nemakort að raunverulegri þörf þeirra.“

Reynir segir ýmsa velta því fyrir sér hvað réttlæti niðurgreiðslu fyrir einn hóp umfram annan. „Hvers vegna ætti til dæmis að niðurgreiða kort fyrir nemanda í MBA-námi sem er í fullri vinnu?“

- ibs

LAUFIN, TRÉN OG VINDARNIR

Útgáfu ljóðáúrvals Jóns Óskars verður fagnað í Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi, í dag kl. 17.

Einnig verður opnuð sýning á blekmyndum Kristjáns Davíðssonar í nýju galleríi búðarinnar.

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Dómstóll í Kaupmannahöfn úrskurðar flugfarþegum í hag:

Næsta mögulega flug gildir

Neytendur eiga rétt á að flugfélag greiði fyrir nýjan flugmiða með fyrsta mögulega flugi á ákvörðunarstað þótt það sé með öðru flugfélagi. Það er ekki nóg að flugfélag bjóði endurgreiðslu eða miða með næsta flugi þess sjálfs hafi flugferð verið aflýst.

Á fréttavefnum metroexpress.dk er greint frá því að dómstóll í Kaupmannahöfn hafi dæmt flugfélagið KLM til að bæta kostnað lögfræðingsins Bente Hagelund og fjölskyldu hennar sem sætti sig ekki við sex daga seinkun og keypti miða með öðru flugfélagi.

Vegna fannfergis á Schiphol-flugvelli í Amsterdam veturinn 2010 var flugi til Ghana í Afríku, þangað sem fjölskylda Hagelund hafði keypt ferð til, fyrst seinkað um tvo daga. Fluginu var aftur seinkað og þá um fjóra daga. Ekki er greint frá ástæðum seinni seinkunarinnar í fréttinni. Fjölskyldan sætti sig ekki við viðbótarseinkunina og pantaði ferð með öðru flugfélagi.

KLM vildi ekki greiða kostnaðinn vegna þeirrar ferðar. Sú ferð var 15.700 dönskum krónum dýrari en ferðin með KLM sem



Á SCHIPHOL Danskur lögfræðingur sætti sig ekki við að þurfa að bíða í sex daga eftir flugi.

NORDICPHOTOS/GETTY

kostaði 29.000 danskar krónur. Lögfræðingurinn höfðaði mál gegn KLM sem var dæmt til að greiða báðar upphæðirnar.

Hagelund kveðst ekki hafa þekkt reglur Evrópusambandsins varðandi rétt neytenda. Hún segir það vera alltof erfitt að finna út úr því hvaða reglur séu í gildi, jafnvel fyrir lögfræðinga. Haft er eftir

lögfræðingi dönsku neytendasamtakanna að reglurnar gildi aðeins sé ferðast til eða frá Evrópusambandslandi og ef flugfélagið er staðsett í aðildarríki sambandsins.

Kristín Einarsdóttir, fulltrúi Neytendasamtakanna, segir að unnið sé hér á landi eftir reglugerðum Evrópusambandsins varðandi réttindi flugfarþega.

Canon IXUS 230 HS

8x aðdráttur, 28 mm gleiðlinsa. Intelligent IS. High-speed Burst & Super Slow Motion Movie. HS kerfi (12,1 Mpx), skilar hámarks gæðum. 7,5 cm (3,0") PureColor II G LCD skjár. Full HD vídeó, Powered IS.

Tilboð 39.900 kr.
Verð 44.900 kr.

Canon IXUS 500 HS

12x aðdráttur í nettu og glæsilegu málmhúsi. HS kerfi (10,1 Mpx) CMOS og DIGIC 5. Intelligent IS. Full HD upptaka. 7,5 cm (3,0") PureColor II G LCD skjár. High-speed shooting & Movie Digest (720p).

Tilboð 59.900 kr.
Verð 64.900 kr.

Canon PowerShot A2400 IS

16,0 Mpx. 28 mm gleiðlinsa, 5x aðdráttur. Intelligent IS, tryggir skarpar og stöðugar myndir. 6,8 cm (2,7") LCD skjár. Smart Auto (32 atriði). HD vídeó (720p). Skemmtilegar og skapandi stillingar.

Tilboð 26.900 kr.
Verð 29.900 kr.



MINNINGAFANGARAR FRÁ **Canon**



Canon PowerShot A810

16,0 Mpx myndflaga. HD upptaka (720p) 28 mm gleiðlinsa, 5x aðdráttarlinsa. 6,8 cm (2,7") LCD skjár. Smart Auto (32 atriði). Digital IS, hjálparhappur og Creative stillingar.

Tilboð 16.900 kr.
Verð 19.900 kr.

Canon PowerShot D20

Fyrir sundið, veiðina, skíðin og jaðarsportið. 12,1 Mpx HS kerfi og Full HD vídeó. Vatnsheld niður að 10 m. Rykheld. Polir allt að 10 stiga frost. 28 mm, 5x optical aðdráttur. Intelligent IS. GPS til að merkja staðsetningar.

Tilboð 69.900 kr.
Verð 74.900 kr.

Canon PowerShot SX150 IS

12x aðdráttur, 28 mm gleiðlinsa. Intelligent IS. 14,1 CCD myndflaga. 7,5 cm (3,0") LCD skjár. HD vídeó með víðóma hljóði og handvirkri stjórn. Creative Filters. Miniature Effect.

Tilboð 34.900 kr.
Verð 37.900 kr.

Veldu gæði og hönnun með IXUS og Powershot.

Nýherji Sími 569 7700 Borgartúni 37 - Reykjavík Kaupangi - Akureyri netverslun.is



NÝHERJI

KOMDU STRAX!

SEPTEMBER

FARTÖLVUTILBOÐIN HALDA ÁFRAM



acer

Fyrirferðalítill og flott fartölva. 10,1" fartölva með Intel Atom örgjörva. 1GB vinnsluminni og 320GB harður diskur.

44.990



ASUS

11,6" fartölva með AMD-C60 Dual Core örgjörva, 2GB vinnsluminni, AMD Radeon HD6250 skjástýringu og 320GB hörðum disk.

74.990



acer

Frábær fartölva með miklu geymsluplássi. 15,6" skjár með LED bakiýsingu. Intel Dual Core örgjörvi. 640GB diskur. 4GB vinnsluminni.

79.990



TOSHIBA

Ein af okkar vinsælustu fyrir skólann og heimilið. Hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel Pentium B950, 4GB minni og 500GB hörðum disk. Windows 7 Home Premium.

89.990

Geggjað verð fyrir hágæða Logitech HD 720P vefmyndavél.



Logitech

-33%

3.990

Fullt verð 5.990

-32%



SAMSUNG

Nýtt! Samsung Blu-Ray skrifari sem les og skrifar líka DVD og CD.

14.990

Fullt verð 21.990



EPSON

Þráðlaus fjölnotaprentari með iPrint. Skannar líka og ljósritar.

13.990

Fullt verð 17.990

-4.000



msi

Nýlent MSI GeForce skjákort N660GTX TI PE OC2.

-5.000

49.990

Fullt verð 54.990



acer

Acer Aspire X1430 turntölva með Dual Core örgjörva.

-20.000

69.990

Fullt verð 89.990



acer

-6.000

21,5"

21,5" Full HD LED Acer skjár með 12.000.000:1 skerpu.

19.990

Fullt verð 25.990

-41%



COOLER MASTER

Einn vinsælasti einangraði turnkassinn CoolerMaster Sileo 500.

9.990

Fullt verð 16.990



Einn háþróaðasti sjónvarpsflakkarinn með Boxee kerfinu.

-10.000

39.990

Fullt verð 49.990

LEIKJATURNTILBOÐ I SSD

Hrikalega öflug leikjavél á brjáluðu tilboðsverði. CoolerMaster HAF 912 Plus turnkassi sem hannaður er fyrir mikið loftflæði og kemur með rauðri LED víftu, öflugum 4-kjarna 3.6GHz AMD X4 örgjörva, AMD HD7770 1GB skjá korti, 90GB SSD Force 3 disk, 8GB vinnsluminni og hljóðlátum 1TB SATA3 hörðum disk. Kemur uppsett með Windows 7 Home Premium.

COOLER MASTER



149.990

LEIKJATURNTILBOÐ II SSD

Ofur leikjavél með 120GB SSD disk. Kröftugur 8 kjarna 3.1GHz AMD X8 örgjörva, AMD HD7850 Twin Frozr 2GD5/OC skjá korti, 120GB SSD Force 3 disk, 2TB SATA3 hörðum disk og CM Silent Pro M II 720 W aflgjafa. Flottur og öflugur HAF 912 Plus turnkassi með ótal tengimöguleikum.

199.990

TÖLVULISTINN

Heimilistæki

6 VERSLANIR UM ALLT LAND

BERTFEST

OPNUM
KL. 10

RUGLTILOBOÐ Í 6 DAGA!



15,6"

TOSHIBA

Kemur í flottum rauðum lit með Intel Pentium Dual Core örgjörva, 6GB vinnsluminni og stórum 640GB disk. Windows 7 Home Premium.

99.990



17,3"

Hvít með Dual Core AMD E2-1800 örgjörva, AMD HD7340G skjákjarna, 4GB minni og 500GB diskur. Frábær kaup.

99.990



15,6"

TOSHIBA

Mjög öflug vél með Intel Core i5 3210M örgjörva, Intel HD4000 og DirectX11. 4GB 1600MHz DDR3 minni (má stækka í 16GB), 640GB diskur, 2x USB3 tengi og HDMI.

129.990



15,6"

TOSHIBA

Mjög öflug vél með Intel Core i7 örgjörva, nVidia 2GB GeForce GT630M skjákorti, 6GB 1600MHz DDR3 minni, Harman Kardon hátölurum, 750GB hörðum disk, 4x USB3 tengjum og HDMI.

159.990

-20.000



EPSON

Heimabíóskjávurpi með HD-Ready og miklum tengimöguleikum.

119.990

Fullt verð 139.990



-17%

Hljóðlátur 1TB Western Digital Green SATA3.

14.990

Fullt verð 17.990

-38%



steelseries

Lokuð leikjaheyrnartól frá SteelSeries með útdraganlegum hljóðnema.

9.990

Fullt verð 15.990

-33%



steelseries

Kinzu v2 Pro leikjamús frá SteelSeries.

3.990

Fullt verð 5.990

-29%



UNITED

3.5" HD Multimedia Player

Brjálað verð fyrir sjónvarpsflakkara sem spilar meðal annars MKV skrár.

9.990

Fullt verð 13.990



-10.000

SanDisk

Hágæða 120GB SSD diskur á 10.000 króna afslætti!

24.990

Fullt verð 34.990

HITACHI

Traustur 2TB flakkari með tífalt meiri hraða á gagnaflytningu með USB3.

-22%



20.990

Fullt verð 26.990

-10.000



Hinn vinsæli 16GB iPod Nano á 10.000 króna afslætti. 3 litir.

29.990

Fullt verð 39.990

tl.is

NOKKUR HUNDRUÐ RUGLTILOBOÐ Í ÖLLUM FLOKKUM

BORÐTÖLVUR • FLAKKARAR • SPJALDTÖLVUR • SSD DISKAR • SKJÁKORT • PRENTARAR • SKJÁIR
• TURNKASSAR • ÖRGJÖRVAR • HÁTALARAR • AFLGJAFAR • HARDIR DISKAR • VEFMYNDAVÉLAR
• LEIKJATÖLVUR • LEIKJAVÖRUR • SJÓNVARPSFLAKKARAR • SKANNAR

**TÖLVU
LISTINN**

SKOÐAÐU 100 HEITUSTU TILBOÐIN Á TL.IS

4,6 PRÓSENT er sú meðalverðbólga sem markaðsaðilar á skuldabréfamarkaði telja að verði hér á landi næstu fimm árin.

Afkoma rekstarfélags batnar á milli ára:

Íslandssjóðir skiluðu 127 milljóna hagnaði

Rekstrarfélag Íslandssjóða skilaði 127 milljóna króna hagnaði eftir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta er nokkuð betri afkoma en á sama tímabili í fyrra þegar 98 milljóna króna hagnaður varð hjá félaginu. Þetta kemur fram í hálfársuppgjöri sjóðanna sem birt var í gær. Þar segir að hreinar rekstrartekjur hafi aukist milli ára en rekstrargjöld hafi minnkað á móti.

Hagnaður verðbréfasjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini jókst lítillega á fyrstu sex mánuðum ársins. Hann nam 2.136 milljónum króna samanborið við 2.120 milljóna króna hagnað fyrstu sex mánuðina í fyrra.

Hrein eign verðbréfasjóða Íslandssjóða nam tæpum 101 milljarði króna samanborið við 106 milljarða króna í árslok 2011.



EIMSKIP Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, skatta og fjármagnsliði hækkaði nokkuð.

Hálfársuppgjör Eimskips:

Um 1,2 milljarða króna hagnaður

Eimskip hagnaðist um 1,2 milljarða króna, átta milljónir evra, eftir skatta á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Rekstrarhagnaður félagsins (EBITDA) var 2,9 milljarðar króna, eða 19 milljónir evra, sem er meira en þeir 2,7 milljarðar króna, 17,9 milljónir evra, sem hann var á sama tímabili í fyrra. Þetta kemur fram í hálfársuppgjöri fyrirtækisins sem birt var í gær.

Velta Eimskips var um 29

milljarðar króna, eða 198,1 milljón evra, á fyrri hluta þessa árs. Að teknu tilliti til einskis-kostnaðar á árinu 2011 upp á 6,4 milljónir evra jókst veltan um tíu prósent á milli ára.

Heildareignir Eimskips eru metnar á tæpa 44 milljarða króna, eða 299,8 milljónir evra. Vaxtaberandi skuldir voru hins vegar 9,5 milljarðar króna, 61,9 milljónir evra, og eiginfjárlutfallið því 61,6 prósent.

- þsj



LÚXEMBORG Íslendingar hafa verið mjög umsvifamiklir í Lúxemborg á undanföllum árum. Eignir þeirra þar í landi námu 440,9 milljörðum króna árið 2006. Þær hafa síðan rýrnað hratt og voru 99,8 milljarðar króna í lok síðasta árs.

Eignir banka í slitum erlendis aukast hratt

Lífeyrissjóðir landsins eru langstærstu eigendur erlendra verðbréfa en fjármála-fyrirtæki í slitameðferð sækja hratt á. Erlend verðbréfaeign jókst í fyrra í fyrsta sinn frá hrúni. Flest erlend hlutabréf og skuldabréf eru keypt í Bandaríkjunum.

Rúmlega 68 prósent af allri erlendri verðbréfaeign innlendra aðila voru í fimm löndum í lok síðasta árs, 66 prósent hennar eru í Evrópu og 28,3 prósent eru í eigu banka sem eru í slitameðferð. Hún jókst um 44 prósent á milli ára. Alls nam erlend verðbréfaeign 922 milljörðum króna í lok árs 2011 og jókst um 125,5 milljarða króna í fyrra. Það var í fyrsta sinn sem hún jókst milli ára frá bankahrúni. Þetta kemur fram í upplýsingariti Seðlabanka Íslands sem birt var á þriðjudag. Um er að ræða eignir í hlutabréfum annars vegar og skuldaskjöllum hins vegar.


Þegar best lét, í árslok 2007, áttu innlendir aðilar erlendar verðbréfaeignir sem metnar voru á 1.903 milljarða króna. Þær höfðu þá aukist skarpt frá árinu 2002 þegar þær námu 151 milljarði króna. Eftir bankahrúnið drógust þessar erlendu eignir mjög hratt saman. Þær nær helminguðust árið 2008 og voru orðnar 796,4 milljarðar króna í lok árs 2010. Uppsveiflan í fyrra gerði það að verkum að erlendar verðbréfaeignir urðu svipaðar og þær höfðu verið snemma árs 2006.

Mest var aukningin í Bandaríkjunum. Þar fóru eignir innlendra aðila úr 204,2 milljörðum króna í 246,9 milljarða króna. Hlutdeild landa í Norður-Ameríku, Bandaríkjana og Kanada, var tæplega 29 prósent í lok síðasta árs og hefur ekki verið meiri síðan árið 2002. Eign innlendra aðila í Írlandi, Bretlandi, Þýskalandi, Hollandi, Noregi og Frakklandi jókst einnig umtalsvert á síðasta ári. Verðbréfaeignir í þessum löndum fóru úr því að vera 355,7 milljarða króna virði árið 2010 í að vera 427,8 milljarða króna virði í lok síðasta árs.

Á sama tíma drógust eignir í Lúxemborg mikið saman, en Íslendingar hafa lengi verið afar umsvifamiklir þar. Meðal annars ráku föllnu bankarnir þeir; Landsbanki, Glitnir og Kaupþing, allir dóttur-banka þar auk þess sem eignarhald íslenskra aðila á mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins var í gegnum félög sem staðsett voru í Lúxemborg. Ástæður þessa voru tvíþættar; annars vegar hagstæðara skattaumhverfi og hins vegar mjög rík bankaleynd.

Þegar best lét, á árinu 2006, áttu innlendir aðilar verðbréf upp á 440,9 milljarða króna í Lúxemborg. Í lok hrúnársins 2008 nam sú eign

Erlend verðbréfaeign eftir löndum



*Cayman-eyjar, bresku Jómfrúareyjarnar, Guernsey og Jersey.

Eignir í skattaskjöllum fjórfaldast

Athygli vekur að eignir í þekktum skattaskjöllum hafa aukist frá árunum fyrir hrún. Þannig hafa erlendar verðbréfaeignir innlendra aðila á Cayman-eyjum farið frá því að vera 4,9 milljarðar króna í lok árs 2007 í að vera 7,5 milljarðar króna um síðustu áramót. Eignir á Bresku Jómfrúareyjum, þar sem hin fræga Tortóla-eyja er stærst, hafa aukist úr því að vera 425 milljónir króna í 2,5 milljarða króna á sama tímabili. Þá hafa eignir á eyjunum Guernsey og Jersey farið frá því að vera 1,5 milljarðar króna í að vera 19,5 milljarðar króna. Samanlagt hefur virði verðbréfaeigna á þessum fjórum stöðum farið úr 6,9 milljörðum króna í lok árs 2007 í 29,5 milljarða króna um síðustu áramót og þær hafa því fjórfaldast. Á móti hafa eignir í Sviss, sem er þekkt fyrir ríka bankaleynd, dregist verulega saman. Þær voru 17,6 milljarðar króna í lok árs 2007 en 9,3 milljarðar króna í fyrra.

291 milljarði króna en hefur lækkað jafnt og þétt síðan þá, og var 99,8 milljarðar króna í lok síðasta árs. Í riti Seðlabankans kemur raunar fram að eignir innlendra aðila í Lúxemborg hafa ekki verið lægri frá árinu 2003.

Aukningin er að langmestu leyti tilkomin vegna aukinna fjárfestinga fjármálastofnana í slitameðferð. Þar munar mestu um föllnu bankana þrjá. Í riti Seðlabankans segir að erlend verðbréfaeign þeirra hafi aukist um 80,4 milljarða króna í fyrra og stóð í 261,4 milljörðum króna. „Þetta skýrist meðal annars af því að miklar eignir hafa verið seldar og í staðinn fjárfest í öruggum og auðseljanlegum eignum, mestmegnis skuldabréfum og víxlum.“

Protabú föllnu bankanna voru að

mestu leyti undanskilin gjaldeyrishöftunum og voru því í sérstakri stöðu til að auka erlenda verðbréfaeign sína. Því var hins vegar breytt í mars 2012 og geta þeirra til að versla með erlend verðbréf hefur verið takmörkuð eftir það. Mikilvægt er þó að hafa í huga að eigendur þess fjármagns sem slita-stjórnirnar eru að binda í erlendum verðbréfum eru kröfuhafar, sem að langstærstu leyti eru erlendir aðilar.

Lífeyrissjóðir eru enn langstærstu eigendur erlendra verðbréfa. Þeir eiga 50,9 prósent allra slíkra sem eru í eigu innlendra aðila. Virði bréfanna stóð hins vegar nánast í stað á milli ára og hlutdeild sjóðanna í erlendri verðbréfaeign lækkaði um tæp átta prósentustig.

thordur@frettabladid.is

DVD
VERÐ AÐEINS
1.998 KR

nettó

KOMINN
Í NETTÓ!

Kræsingar & kostakjör

TAX FREE DAGAR



FIMMTUDAG 30.08

FÖSTUDAG 31.08

**GILDIR AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA BLEKI ENDA ERUM VIÐ
ALLTAF ÓDÝRARI.**

Gildir einungis í verslunum A4

Afslátturinn er á kostnað A4. Ríkisskattstjóri fær að sjálfsgöðu greiddan virðisaukaskatt af vörinni.

www.a4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is

A4 Skeifunni 17 / **A4** Smáratorgi 1 / **A4** Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / **A4** Miðvangi 13, Egilsstöðum / **A4** Austurvegi 65, Selfossi



Alþingiskosningar eiga að snúast um aðalatriði:

Efnahagurinn, bjáni!

Vorið 2009 hefðu alþingiskosningarnar átt að snúast um nokkur lykilatriði í endurreisn fallins efnahags Íslands. Þess í stað lagði fyrsta vinstrisinnada meirihlutastjórnin upp með stærsta stjórnarsáttmála Íslandssögunnar. Hann innihélt víðtækar breytingar á mörgum sviðum samfélagsins. Því fer fjarríki að eining og sátt ríki hjá þjóðinni um þær breytingar. Á tímum þegar samstaða var nauðsynleg hefur sundrun og tortryggni aukist frekar en hitt. Það er eins og stjórnarflokkarnir hafi séð yfirstandandi kjörtímabil sem sitt eina tækifæri til að ýta í gegn öllum sínum hugðarefnum. Þá skorti sjálfstraust til að einkorða umboð sitt við mikilvægasta verkefnið sem þeim var falið, tiltektina. Vegna þessarar aðferðafræði verður líkast til langt þar til þeim býðst aftur sambærilegt tækifæri.

SKOÐUN

Pórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is



Þegar Bill Clinton bauð sig fram gegn, og lagði, George Bush eldri í bandarísku forsetakosningunum árið 1992 var það í krafti frasans „The economy, stupid“ (ísl. efnahagurinn, bjáni). Þar vísaði Clinton í það sem skipti hinn venjulega Bandaríkjamann mestu máli en áherslur Bush voru

á allt aðra hluti. Það væri vel ef einhver ábyrgur stjórnarmálflokkur gerði þennan frasa að sínum í kosningunum næsta vor. Staðan hér er nefnilega þannig að það er búið að slökkva efnahagslegu eldana sem brennuvargar fyrirhrunsáranna kveiktu. Enn er þó eftir að byggja nýtt hús í stað þess sem varð logunum að bráð. Mikilvægasta verkefni stjórnmalanna í dag er að það hús verði byggt á traustum grunni þar sem langtímahagsmunir heillar þjóðar verða látnir ráða för. Efnahagurinn þarf að vera aðalmálið.

Við blasir að móta þarf vitræna peningamálastefnu til fram-búðar. Það þarf að ákveða hvaða gjaldmiðil á að notast við og hvaða stýritæki eigi að beisla krónuna, verði hún ofan á sem valkostur. Það þarf að vinna á fjárlagahalla ríkisins og lækka tugmilljarða árlegan vaxtakostnað þess með skipulögðum hætti á sem skemmstum tíma. Það þarf að leysa úr því risavaxna vaxtamáli að ríkissjóður er í ábyrgð fyrir þorra 600 milljarða króna tryggingafræðilegrar skuldar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Það þarf að leggja fram skýra framtíðaráætlun um nýtingu auðlinda og búa til plan um hvernig við ætlum að bregðast við auknum umsvifum á Norðurlöndum. Það þarf að leggja fram raunhæfa leið til að afnema gjald-eyrishöft sem allra, allra fyrst og losa út þá þúsund milljarða króna sem fastir eru inni í höftunum.

Miðað við þær línur sem pólitíkusar eru að draga í sandinn virðist þetta ekki verða raunin. Kosningarnar skulu snúast um hvort Íslendingum sé treystandi til að kjósa sjálfir um hvort þeir séu tilbúnir að ganga í Evrópusambandið eða hvort fámenn yfirstétt eigi að taka þá ákvörðun fyrir þá. Þær skulu snúast um hvort eðlilegar greiðslur einkafyrirtækja fyrir aðgang að sameiginlegum auðlindum skuli vera rúkaðar inn áfram eða ekki. Þær skulu snúast um mismunandi útfærslur þess að setja ríkissjóð á höfuðið með almennum skuldaniðurfærslum, of dýrum spítalaframkvæmdum, gangnagerð og öðrum gæluverkefnum. Þær skulu snúast um sérhagsmunagæslu og lýðskrum. Um allt sem skiptir ekki höfuðmáli.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Ison 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hið leiða logatal

„Evrópa logar“ er að verða álika hvítleiður frasi og þeir um brim-skafana í kjölfar hrunsins. Nú er það Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sem grípur til hins deiga stílkorða, sem klisjan er, í grein í Fréttablaðinu. Þar segir ráðherra skiljanlegt að skoðanakannanir sýni andstöðu við ESB-áild, þar sem Evrópa logi. „Að sjálfsögðu á þjóðin rétt á því að vera spurð hvort hún vilji ganga inn í eldhafið.“ Og það er einmitt það sem ríkisstjórn Jóhanna Sigurðardóttur, með

Ögmund Jónasson innanborðs, hefur á stefnuskrá sinni; að spyrja þjóðina hvort hún vilji ganga í Evrópusambandið, reyndar án alls hins leiða logatals.

Í höndum þjóðarinnar

Í ljósi kröfunnar um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort viðræðum eigi að halda áfram, er kannski ekki úr vegi að rifja upp hvað stendur í stjórnarsáttmálanum sjálfum. „Ákvörðun um áild Íslands að Evrópu-sambandinu verði í höndum íslensku þjóðarinnar sem

mun greiða atkvæði um samning í þjóðaratkvæðagreiðslu að loknum viðræðum.“

Brot á stjórnarsáttmála?

Þetta er býsna skýrt. Svo skýrt að allir nema 6 á flokksráðsfundi Vinstri grænna í maí 2009 samþykktu þetta sem stefnu stjórnar flokksins. Ber þeim þá ekki skylda til þess að fara eftir þessu? Að leyfa þjóðinni að greiða atkvæði um samning að loknum viðræðum? Eða er stjórnarsáttmálinn bara fljótandi plagg sem breyta má að vild eftir því hvernig vindar skoðanakannana blása? kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Hver það um þetta?

Skipulagsmál



Sigurður Garðarsson
rekstraraðili við Ingólfstorg

Það var heldur óskemmtilegt fyrir þokkur sem starfað höfum um árabíl við Ingólfstorg að skoða svonefnda verðlaunatillögu að breyttu skipulagi torgsins og nágrenni þess og sjá að búið er að þurrka okkur hreinlega út!

Fjöldi starfsfólks, eigenda og fjölskyldna er eðlilega brugðið, fólks sem byggir afkomu sína á þeim veitingarekstri sem starfræktur er við norðanvert torgið.

Og spurt er: Hver það um þetta? Hverjum er eiginlega verið að þjóna með þessu brólti öllu? Alltént ekki þeim sem búa eða starfa við Ingólfstorg. Svo mikið er víst.

Þeim er einnig spurn, sem lagt hafa leið sína að Ingólfstorgi í sumar. Sjaldan – ef nokkru sinni – hefur mannlíf staðið þar í jafn miklum blóma og eftir að rekstraraðilar tóku sig saman um að fóstta torgið, koma þar á fót „Ylströnd Ingólfs“ með tilheyrandi sólbekkjum, grasbala, litríkum húsgögnum og viðburðahaldi.

Risaskjá hefur einnig verið komið fyrir við torgið þar sem fjöldi hefur safnast saman og notið afþreyingar dag eftir dag, viku eftir viku. Verslun og veit-

“ Og spurt er: Hver það um þetta? Hverjum er eiginlega verið að þjóna með þessu brólti öllu? Alltént ekki þeim sem búa eða starfa við Ingólfstorg. Svo mikið er víst.

ingarekstur hefur og verið með albesta móti.

Fjölmíðlar hafa verið duglegir við að birta myndir af iðandi mannlífina á þessu margumrædda torgi sem einnig var miðpunktur jólahalds og hátíðarviðburða um síðustu jól. Mannlífið það sem af er sumri hefur enda verið með eindæmum líflegt og myndirnar tala sínu máli.

Rétt er í þessu samhengi að minna á enska málsháttinn: „If it ain't broke, don't fix it!“ Fiktum ekki í því sem ekki þarfnast viðgerðar. Óþarfa fikt eykur til muna hættuna á bilun. Okkar krafa er einföld: Látum Ingólfstorg í friði!

Æfingin skapar meistarann

Endur-útgáfan komin í verslanir



Almenna bókafélagið

Meirihluti telur Ísland á réttri leið

Efnahagsmál

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra



Sumri hallar, sumarleyfum líkykur og skólarnir hefjast. Lífið heldur áfram sinn vana-gang. Margt er þó öðruvísi en fyrir fáeinum misserum. Margt hefur færst til hins betra eins og margir verða varir við. Við höfum þó ekki enn jafnað okkur fyllilega eftir áföll efnahags-hrunsins. Vanskil eru enn óeðli-lega tíð þótt vísbendingar séu um að úr þeim kunni að draga á næstunni.

Eitt af því sem breyst hefur eru viðhorf almennings til lífs-ins og tilverunnar eins og þau eru mæld af ýmsum ábyrgum aðilum. Flestar eru breytingar-nar ánægjulegar og bera vott um að Íslendingum líði almennt betur en fyrstu tvö árin eftir bankahrunið. Allt í kring-um okkur sjáum við merki um jákvæða þróun efnahagslífsins og vonir vakna um bættan hag

ar eru jákvæðir gagnvart sam-félagsþróuninni en íbúar flestra annarra Evrópulanda. Aðeins Svíar eru jákvæðari en Íslend-ingar í afstöðu sinni að þessu leyti. Um helmingur aðspurðra hér á landi telur nú að landið sé á réttri leið.

Þetta kemur ágætlega heim og saman við aðra tegund mælingar sem Capacent hér á landi hefur gert á lífsmati og lífsánægju. Niðurstöðurnar eru áhugaverðar. Þeir sem eru mjög ánægðir og bjartsýnir, dafna m.ö.o., voru 43% svarenda árið 2010 en eru nú 65%. Fjölgun í þessum hópi er meiri en 50% frá árinu 2010.

Sá hópur sem er í basli – er hvorki ánægður né óánægður – minnkar úr 53% í 32% svar-enda á sama tíma. Þeir sem eru í verstu stöðu og telja sig búa við þrengingar voru um 5% en hefur fækkað í tæplega 3% núna.

Mikilvægi þess að draga úr ójöfnuði

Þessar breytingar á viðhorf-um tala sínu máli og bæta þá mynd sem við þurfum að hafa af framvindunni. Hér er því ekki haldið fram að allt sé nú orðið eins og best verður á

Pað hefur verið sérstakt markmið ríkis-stjórnarinnar að draga úr ójöfnuði með því að beita skattkerfinu og bótakerf-inu og draga úr byrðum þeirra sem síst geta borið þær. Pað hefur borið ríkulegan árangur.

og aukið fjárhagslegt öryggi. Þessi kennd á sér fótfestu í áþreifanlegum breytingum sem orðið hafa til batnaðar. Stjórn-arandstöðuflokkarnir virðast eiga afar erfitt með að setta sig við þetta og reyna enn að telja þjóðinni trú um að hvítt sé svart og svart sé hvítt í málflutningi sínum.

Vélin er hætt að hökta

Pað er gott að hafa hugfast að með hruninu minnkaði lands-framleiðslan um 13% og henni fylgdi ógnvænleg kaupmáttar-ryrnun og greiðsluþröskuleikar fyrirtækja og heimila. Í samfelld tvö ár hafa þessi mál verið að þróast til betri vegar og nú vant-ur okkur aðeins um 2,5 prósentu-stig til að landsframleiðsla verði jafnmikil og hún var á hátíndi bóluhagkerfisins fyrir hrunið. Það markmið er vel innan seilingar. Þetta helst í hendur við minnkandi atvinnuleysi og auk-inn kaupmátt eins og allir geta kynnt sér í gögnum Hagstofu Íslands, Seðlabankans og Vinnu-málastofnunar. Fæst lönd geta státað af því að atvinnuleysi sé undir 5% eins og reyndin er hér á landi. Sama á við um hagvöxt-inn sem er nálægt þremur pró-sentum. Þá berast ánægjuleg tíð-inði af lækkuðum verðlags síðustu fjóra mánuði, en verðbólga síð-ustu 12 mánaða mælist nú 4,1%.

En ef einhver er ekki viss um að breytingar hafi orðið til batnaðar er ágætt að rýna í það sem fólk hefur sjálft um ástand-ið að segja og hvernig það lítur á málin. Þess vegna eru ýmsir félagsvísar og mælingar á lífs-ánægju æði merkilegar.

Pað sem fólk segir sjálft

Eurobarometer, eins konar þjóð-arpúls Evrópulandanna, hefur birt könnun meðal mismunandi þjóða þar sem spurt er hvort íbúar telji land sitt á réttri eða rangri leið. Um þetta var fjallað í netmiðlum í síðustu viku. Þar kom fram að fleiri Íslendingar telja nú samfélagið á réttri leið en rangri og fleiri Íslending-

kosið. En á móti fullyrði ég að sú stefna sem ríkisstjórnin og þingmeirihluti Samfylkingar og VG hefur fylgt, hefur ein-mitt miðað að því að færa byrð-ur hrunsins á herðar hinna ríkari og um leið hlífa þeim sem lakar standa eftir megni. Aðgerðir hafa miðað að því að draga úr ójöfnuði og verja vel-ferðarkerfið. Visbendingar og talnagögn um að dregið hafi úr ójöfnuði þeim sem hægrimenn ýttu undir fyrir hrun tala sínu máli. Við höfum náð eftirtektar-verðum árangri við að verja vel-ferðarkerfið og lífskjör þeirra sem veikast stóðu þegar hrun-ið skall á. Fólkið sem aldrei tók þátt í gróðrabralli bóluhagkerf-isins en hefði án nokkurs vafa orðið harðast úti í afleiðingum hrunsins, ef hægrimenn hefðu verið við völd.

Pað hefur verið sérstakt markmið ríkisstjórnarinnar að draga úr ójöfnuði með því að beita skattkerfinu og bótakerf-inu og draga úr byrðum þeirra sem síst geta borið þær. Það hefur borið ríkulegan árang-ur. Árið 2010 vorum við loks í hópi þeirra 10 þjóða sem búa við minnstan ójöfnuð í heiminum en á árunum fyrir hrun stefndi Ísland hraðbyri í að verða eitt af mestu ójafnaðarlöndum okkar heimshluta. Fátt sýnir með áþreifanlegri hætti mun-inn á stjórnarstefnu velferðar-ríkisstjórnar Samfylkingar og VG og þeirra hægristjórna hér sem hafa starfað undir leiðsögn Sjálfstæðisflokksins.

Hægrimönnum er í mun að láta aukna skatta á hina tekju-hæstu líta út sem almenna vax-andi skattþíningu. Það er auð-vitað fjarstæða. Reyndin er auk þess sú, að eftir því sem úr ójöfnuði dregur batnar líðan fólks og ekki aðeins það, því bætt lýðheilsa og minni tíðni glæpa virðist einnig haldast í hendur við minnkandi ójöfnuð. Við þetta staldra nú fræðimenn beggja vegna Atlantshafsins og Íslendingar finna í vaxandi mæli að þetta er rétta leiðin.

Valkostur í stjórnarskrármálinu

Ný stjórnarskrá

Skúli Magnússon

dósent við Lagadeild HÍ



Ígrein sem birtist í Frétta-bláðinu í kjölfar búsáhalda-byltingar, snemma árs 2009, varpaði ég fram þeirri spurn-ingu hvort það væri sanngjörn ályktun að lýðveldisstjórnar-skráin hefði brugðist íslensku samfélagi og hvort það væri óhjákvæmilegur þáttur í við-reisn Íslands að byrjað væri frá grunni við mótun íslenskrar stjórnskipunar.

Sjálfur leitaðist ég við að svara spurningunni á þá leið að holl-usta við grunngildi núverandi stjórnarskrár væri mikilvægari en setning nýrrar og áferðar-fallegri stjórnarskrár. Þótt yfir-vegaðar breytingar á afmörkuð-um atriðum stjórnarskrárinnar væru af hinu góða (og það væru vissulega atriði í íslenskrri stjórnskipun sem færa mættu til betri vegar) gegndi öðru máli um „stjórnskipulega óvissuferð“ á umbrotatímum. Slíkri vegferð kynni að lykta með því að stjórnskránni yrði í heild sinni varp-að fyrir róða með ófyrirséðum afleiðingum.

Nú, rúmlega þremur árum síðar eftir birtingu framan-greindrar greinar, liggur fyrir frumvarp Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá sem felur í sér breytingar á velflestum ef ekki öllum meginatriðum íslenskrar stjórnskipunar, jafn-val á sumum sem ekki hafa valdið sérstökum ágreiningi.

Þótt ætluð áhrif breytinganna, sem sumar hverjar eru róttæk-ar, hafi lítt verið könnuð og hin nýja stjórnskipun sé í raun þoku-kennd þegar lítið er á frumvarp-ið í heild, hefur verið ákveðið að frumvarpið verði borið undir atkvæði þjóðarinnar 20. októ-ber nk. í ráðgefandi atkvæða-greiðslu. Þar sem vilji núverandi ríkisstjórnar virðist standa til þess að frumvarpið verði sam-þykkt fyrir næstu kosningar til Alþingis getur það alls ekki talist fjarstæðukennt að frum-varp Stjórnlagaráðs verði, með eða án einhverra breytinga, sam-þykkt sem stjórnskipunarlög á

almennum hætti. Að mínum dómi hefur það hins vegar háð umræðunni um þetta mál að ekki hafa komið fram nánar útfærð-ar hugmyndir um hvernig slík stjórnarskrártillaga gæti lítið út. Úr þessu höfum við Ágúst Þór Árnason, deildarformaður laga-deildar Háskólans á Akureyri, séð okkur knúna til að bæta með því að birta opinberlega heild-stæða tillögu að endurskoðaðri stjórnarskrá lýðveldisins Íslands ásamt skýringum.

Tillaga höfum við endurskoð-aðri stjórnarskrá er að megin-stefnu byggð á atriðum sem hafa verið til umræðu á undan-

Hér er því ekki endilega um að ræða ein-hvers konar draumastjórnarskrá tveggja háskólamanna heldur tilraun til þess að festa hendur á þeim breytingum sem um ríkir víðtæk samstaða.

næsta kjörtímabili. Það er því löngu tímabært að frumvarp Stjórnlagaráðs sé tekið og rætt af fullri alvöru.

Eins og stjórnarskrármálið liggur fyrir á þessari stundu kann svo að virðast að valkost-irnir séu aðeins tveir: Að setta sig við óbreytta stjórnarskrá og stjórnskipulega stöðnun eða samþykkja frumvarp stjórn-lagaráðs og þá hugsanlega með einhverjum breytingum. Þá leið að nálgast endurskoðun stjórnskrárinnar með meiri var-kárni og yfirvegun en leiðir af frumvarpi Stjórnlagaráðs hefur vissulega borið á góma með

förnum árum og áratugum og hafa hlotið nokkuð rækilega athugun. Jafnframt er hér um að ræða atriði, þar sem veruleg samstaða ríkir um breytingar, en sneitt hjá þeim þáttum sem sætt hafa ágreiningi. Hér er því ekki endilega um að ræða ein-hvers konar draumastjórnarskrá tveggja háskólamanna heldur tilraun til þess að festa hendur á þeim breytingum sem um ríkir víðtæk samstaða. Von okkar er sú að tillagan verði uppbyggilegt framlag til umræðu um stjórnar-skrármál á komandi misserum. Tillagan, ásamt skýringum, er birt á vefsíðunni Stjornskipun.is.

PHILIPS SKJÁVEGGIR Í ÖLLUM STÆRÐUM




Komið skilaboðunum á framfæri með stæl.

Hægt er að setja allt að 16 skjái saman á einn vegg.




HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARDARSBRAUT 18A HÚSAVIK S: 464 1600

• GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • SUBURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500



BEDDINGE LÖVÅS þriggja sæta svefnsófi

59.900,-

Áklæði: bómull, pólýester og teygjuefni.
B200×D104, H91cm. Rúmstærð B140×L200cm.
Genarp hvítt 298.742.56



Nýi vörulistinn er á leiðinni til þín!

Að þessu sinni er vörulistinn sérstaklega tileinkaður vefnaðarvöru og er hann stútfullur af hugmyndum um hvernig gæða má heimilið nýju lífi með lítilli fyrirhöfn. Nú getur þú líka notað IKEA Catalogue smáforritið (app) til að skanna merktar opnur og þannig fengið aðgang að myndböndum, þrívíddarmyndum og öðru áhugaverðu aukaefni.

Vörulistinum er dreift inn á öll heimili landsins sem samþykkja fjölpóst dagana 29. til 31. ágúst og einnig er hægt að skoða hann á heimasíðunni okkar www.IKEA.is



2013

IKEA®

VERÐIÐ Í VÖRULISTANUM GILDIR
TIL 15. ÁGÚST 2013.

MALIN FIGUR púðaver

1.290,-

100% ramie. L50xB50cm.
702.248.98

GÆDDU HEIMILIÐ NÝJU LÍFI.

*IKEA HÆGINDASTÓLL FRÁ ÁRINU 1951.
GÆDDUR NÝJU LÍFI MEÐ NÝJUM PÚÐA.*



Forsíðan er þín!



Í tilefni útgáfu nýja IKEA vörulistans
ætlum við að bregða á leik!

**Dagana 30. ágúst til 2. september milli kl. 13 og 17
getur þú komið og látið mynda þig í stofunni sem
er á forsíðu vörulista IKEA í ár.**

Komdu með fjölskyldunni, vinunum, kærustunni, kærastanum, ömmu
og afa eða bara ein/n þíns liðs og gerðu stofuna að þinni. Það er um að
gera að vera frumleg í uppstillingum því það er til mikils að vinna.

Myndin sem sigrar hlýtur **100.000,-** gjafakort í IKEA og auk þess fá
sigurvegararnir sína eigin einstöku útgáfu af vörulistanum með myndinni
sinni á forsíðunni! Einnig eru veitt verðlaun fyrir 2.-10. sæti.
Skoðaðu nánari upplýsingar um leikinn og verðlaun á www.IKEA.is

**Komdu og gæddu
vörulistann þinn lífi!**



Áhættufé og gjaldeyrishöft

Fjármál

Sveinn Valfells
eðlisfræðingur og
hagfræðingur



hvergi er hægt að nota nema inn-
anlands.

Vöruskipti og þjónusta til sam-
ans skila afgangi, hið „raunveru-
lega hagkerfi“ er í jöfnuði og sjálf-
bært. En fjármagnshreyfingar eru
neikvæðar, peningar streyma úr
landinu þrátt fyrir höft. „Hengja“
af peningum bíður eftir að kom-
ast út.

Í hengjunni eru meðal annars
aflandskrónur, um 500 milljarð-
ar. Kröfur á föllnu íslensku bank-
ana, sem að hluta til hefur verið
umbreytt í hlutafé í þeim nýju, eru
einnig mældar í hundruðum millj-
arða. Erlendar eignir þrotabúa

En gamla krónan, þar með talin hengjan,
yrði leyst inn ódýrt. Eða látin fljóta, ISK
frá 2008 gæti gengið kaupum og sölum
alveg eins og kröfurnar á þrotabú bankanna. Sann-
virði fyrir „Disney dollar“ kæmi fljótt í ljós.

bankanna eru um 1.700 milljarðar,
lögum samkvæmt verður að gera
þær upp í krónum þó gjaldeyrir
komi á móti. Hengjan er fyrst og
fremst áhættufé frá 2008 og er á

stærð við árlega landsframléiðslu,
og jafnvel stærri, hvernig svo sem
talið er.

Núverandi aðferðir ganga ekki.
Það gæti tekið áratugi að láta

afganginn af sjálfbæra hluta hag-
kerfisins safna gjaldeyri upp í
hengjuna. Varla telst heldur boð-
legt að láta sjálfbæra hlutann
leysa gamla áhættuféð út. Ekki
ríkissjóð heldur, hann er sam-
eign okkar allra og komandi kyn-
slóða. Og nýtt áhættufé fæst varla
til landsins ef nýja féð á að borga
það gamla út. Hvernig má þá leysa
gjaldeyrishöftin án þess að skaða
heimili, fyrirtæki og ríkissjóð?

Einfaldast er að láta hengjuna
fara út sömu leið og hún kom inn,
á fljótandi gengi. En fjármála-
kerfið nýtur enn þá lítills trausts,
gjaldmiðillinn sömuleiðis. Ef
gengið væri gefið frjálst er hætt
við að meira en hengjan streymdi
út. Umrótið gæti skaðað fyrir-
tæki, heimili og ríkissjóð. Að láta
krónuna fljóta er ekki útilokað en
áhættusamt.

Grundvallarlögmál markaðar
er að eigendur áhættufjár eiga
að njóta hagnaðar ef vel gengur
en þola tap ef illa fer. Eðlilegt er
að láta áhættuféð sem festist inni
fyrir hrun taka skellino af losun
gjaldeyrishafna, ekki almenning,
venjuleg fyrirtæki, skattgreiðend-
ur eða nýja fjárfesta.

Á Íslandi varð kerfishrun í fjár-
málakerfi. Ef krónan á ekki að
fljóta þarf veruleg inngríp, hálf-
kák dugir skammt. Fyrirmyndin
er augljós, Þýskaland 1948, þar
var kerfishrunið algert, endur-
ræsa þurfti heilt þjóðfélag, þar á
meðal fjármálin. Breytingin átti
sér stað um helgi eftir nokkurra
mánaða undirbúning í kyrrþey.
Nýr gjaldmiðill var settur á fót,
sérhver íbúi fékk fasta upphæð,
fyrirtæki líka eftir rekstrarum-
svifum. „Hengja“ Þjóðverja eftir
tapað stríð var leyst inn á lágu
gengi, 10 til 15 gömul Reichsmark
fyrir eitt nýtt Deutsche Mark.
Myntbreytingin var forsenda fjár-
magns frá Bandaríkjunum sem
fylgdi í kjölfarið, þýska hagkerfið
lifnaði við.

Íslendingar gætu hæglega
farið svipaða leið og Þjóðverjar.
Nýrri mynt yrði úthlutað til allra
íbúa og fyrirtækja, hins raun-
verulega hagkerfis sem er í jafn-
vægi. Reglur um úthlutun þyrftu
að vera einfaldar, gagnsæjar og
gæta jafnræðis að þýskri fyrir-
mynd. Fóturinn undir nýju mynt-
ina gæti verið gjaldeyrir, gull eða
ríkisbréf, nýja myntin yrði lögeyr-
ir. Best væri ef nýja myntin væri
fasttengd við annan gjaldmiðil eða
fljóta nema algerlega ný vinnu-
brögð væru tekin upp í stjórn pen-
ingamála. Jafnvel mætti taka upp
annan gjaldmiðil einhliða.

En gamla krónan, þar með talin
hengjan, yrði leyst inn ódýrt. Eða
látin fljóta, ISK frá 2008 gæti
gengið kaupum og sölum alveg
eins og kröfurnar á þrotabú bank-
anna. Sannvirði fyrir „Disney doll-
ar“ kæmi fljótt í ljós.

Með nýrri mynt myndi líka opn-
ast leið til evrusamstarfs ef sá
kostur þykir ákjósanlegur. Við
núverandi aðstæður er sú leið
lokuð því þá myndi hengjan lenda
á ríkissjóð ef hún streymdi út.

Gjaldmiðlaskiptin 1948 lögðu
grunninn að efnahagsundri. Þýska-
land reis úr rústum og er nú lang-
öflugasta hagkerfi Evrópu. Þjóð-
félag sem hrundi fékk nýtt start.
Á Íslandi eru aðstæður miklu
betri. Stærsti hluti þjóðfélagsins
virkar enn þrátt fyrir efnahags-
áfall. Það var fjármálakerfið sem
hrundi, ekki heilt þjóðfélag. En
kostnaðurinn við hrundið var mik-
ill, gjaldmiðilsvandann verður að
leysa fljótt og á trúverðugan hátt
til að koma í veg fyrir frekara tjón.
Frumforsendan við að leysa gjald-
eyrshöftin er að vernda almenning,
ríkissjóð og hinn sjálfbæra hluta
atvinnulífsins. Einnig þarf að
greiða fyrir nýjum fjárfestingum.

Augljós leið að þessum mark-
miðum er að fylgja fordæmi Þjóð-
verja frá 1948. Taka upp nýja mynt
og úthluta til almennings og fyr-
irtækja. Láta svo gömlu krónuna
fljóta eða leysa hana inn á lágu
gengi, leyfa áhættufénu frá 2008
að uppskera eins og til var sáð.

Neutral®

ÞVOTTAEFNI FYRIR HVERT TILEFNI



Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi
mælir með vörum frá Neutral



STÓRÞVOTTUR FRAMUNDAN?

Ekkert jafnast á við
Neutral Storvask til
að komast til botns
í þvottakörfunni.
Hentar fyrir þvott
af öllu tagi.



HAFÐU ÞAÐ FÍNT

Silkihönskum, ullarteppum
og dúnúlpum hæfir 30 til
40 gráðu þvottur í höndum
eða vél með Neutral Uld-
og finvask.



NÚ ER ÞAÐ SVART

Neutral Sort vask varðveitir
svartan glæsileikann svo hann
tapi ekki lit sínum. Upplitað er
bara ekki í tísku þessa dagana.

Létt er að flokka
litrika sokka.

Fyrir alla muni, ekki láta
þennan lenda í hvíta
þvottinum.

NÚ ER ÞAÐ HVÍTT

Ensímín í Neutral Hvid vask
losa þig við erfiða bletti og
óhreinindi. Það skilar sér í
björtum og hvítum þvotti.
Fljótandi Neutral leysist vel
upp og hentar því líka vel í
handþvottinum.



HALTU LÍFI Í LITUNUM

Settu svoltið af Neutral Color
í hölfið og njóttu þess að fá
þvottinn jafn litrikan úr vélinni
aftur. Þetta er kröftugt, þú
notar bara lítið af dufti í
hverja vél. Fljótandi Neutral
Color endist líka og endist.



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á NEUTRAL.IS

Ruglingsleg þjóðaratkvæðagreiðsla

Ný stjórnarskrá

Birgir Armannsson
alþingismaður



Í grein hér í blaðinu sl. miðviku- dag vísar Þorkell Helgason, fyrrverandi stjórnlagaráðsmaður, nokkuð að þeim spurningum, sem leggja á fyrir kjósendur í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem innanríkisráðuneytið hefur auglýst að fara eigi fram þann 20. október nk. Eins og fram kemur í greininni er ráðgert að spyrja annars vegar almennt hvort fólk sé fylgjandi því eða andvígnt að tillögur stjórnlagaráðs frá síðasta ári verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá, og hins vegar er spurt um afstöðu til fimm tiltekinnna álitamála, sem tengjast stjórnarskránni. Þorkell lætur þess getið, að sé fólk sammála tillögu stjórnlagaráðs í einu og öllu hljóti það að svara almennu spurningunni og fjórum sértæku spurninganna játandi en einni, þeirri sem tengist þjóðkirkjunni, neitandi.

Þetta má vera rétt, svo langt sem það nær. Þessi orð lýsa hins vegar valmöguleikum kjósenda, og túlkunarmöguleikum í þessu sambandi, aðeins að mjög takmörkuðu leyti. Þannig að sjá má fyrir sér að allmargir kjósendur geti hugsað sér að svara flestum ef ekki öllum sértæku spurningum játandi, en almennu spurningunni um afstöðu til tillagna stjórnlagaráðs neitandi. Það er ekkert sem útilokar að kjósendur leggist gegn því að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar nýrri stjórnarskrá, þótt þeir geti fyrir sitt leyti svar-

að hinum spurningunum játandi. Kjósandi getur verið fylgjandi því að auka vægi þjóðaratkvæðagreiðslna og að atkvæðisréttur í landinu verði jafn, svo dæmi séu tekin, en verið alfarið andvígur útfærslu þessara atriða í tillögum stjórnlagaráðs – eða einfaldlega mjög á móti einhverjum öðrum atriðum í tillögum ráðsins.

Þessu til skýringar er einfaldast að benda á, að í sértæku spurningunum fimm er orðalagið með þeim hætti, að ekki er vísað til tiltekinnna ákvæða eða útfærslna í tillögum stjórnlagaráðs. Orðalagið er mun opnara og

almennara. Ef ætlunin hefði verið að spyrja um afstöðu kjósenda til útfærslu stjórnlagaráðs á þessum tilteknu álitamálum, hefðu spurningarnar að sjálfsögðu verið orðaðar skýrt með þeim hætti og vísað beint til viðkomandi ákvæða í tillögum ráðsins. Það var ekki gert af hálfu meirihluta Alþingis í vor, og ætla verður að komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að vel athuguðu máli.

Eins ber að hafa í huga, að álitamálin, sem tengjast stjórnarskránni og tillögum stjórnlagaráðs, eru miklu fleiri en þau fimm tilteknu atriði sem dregin

eru fram í sérstökum spurningum í hinni fyrirhuguðu þjóðaratkvæðagreiðslu. Tillögur stjórnlagaráðs gera ráð fyrir að svo til öllum ákvæðum núgildandi stjórnarskrár verði breytt, mörgum verulega, og við bætt mörgum tugum nýrra ákvæða. Vonandi mun kynning og umfjöllun um þessi mál á næstu vikum taka mið af því.

Það var meðal annars af ofangreindum ástæðum, sem ég og fleiri þingmenn lögðumst gegn tillöggunni um þjóðaratkvæðagreiðslu, sem var til afgreiðslu á þingi í vor. Það, að blanda saman

annars vegar almennri spurningu um afstöðu til tillagna stjórnlagaráðs og hins vegar fimm sértækum spurningum, skapar rugling fyrir kjósendur og gerir það að verkum, að unnt verður eftir á að túlka úrslitin út og suður. Það að orða spurningarnar með þeim hætti, sem gert er, eykur auðvitað enn á þá hættu og fyrir vikið verður leiðbeiningargildi þessarar atkvæðagreiðslu miklu minna en ella.


Um öðra galla í sambandi við meðferð og framsetningu þessa máls mun ég fjalla nánar síðar. Þar er af nógu að taka.



Tulip



Babette



Krystal



Nina



Annie

ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLA

Ný sending af seríum


Allar seríur
35%
afsláttur
fimmtudag til sunnudags



Babette




Dea




Flower



Bolette



David




Amelia



Sofie




Bolette



Anne



Vita



Nina Champagne

bygggtogbúið

568 9400 bygggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / bygggtogbuid

AF NETINU

Fiskur og einkavina-
væðing

Það er dálítið skemmtilegt að Guðmundur, útgerðarmaður í Brimi, skuli orða það svo að fiskurinn í sjónum eigi sjálfan sig. Jú, hann syndir sjálfsagt um frjáls og telur sig vera engum gefinn. En svo er það nú þannig að sumum er heimilt að sækja fiskinn, öðrum ekki. Sumum er meira að segja heimilt að selja, leigja eða veðsetja óveiddan fisk í sjó – og um það veit þorskurinn ábyggilega ekki neitt. Hann veit ekki að hann hefur verið notaður sem veð í lánaviðskiptum við erlenda banka, jafnvel í alls konar skuldavafninga. Og þótt eitthvað af þessu sé afskrifað, þá kannski til að létta undir með Guðmundi í Brimi, þá veit þorskurinn ekkert um það heldur. Það er líka skemmtilegt að Guðmundur skuli nefna Bæjarútgerð Reykjavíkur og hvernig hún var rekin með tapi. Þar er nefnilega saga sem ekki hefur verið nóg-samlega rifjuð upp, um einkavina-
væðingu Bæjarútgerðarinnar.

<http://eyjan.pressan.is/silfuregils/>

Egill Helgason

Þú kemst fljótt að!
FUDGE
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan
Klapparstíg
S: 551 3010



54 SIGRÚN EDDA BJÖRNSDÓTTIR leikkona er 54 ára í dag.
 „Það lá svo beinast við að ég yrði leikkona þar sem ég ólst upp í Iðná þar sem mamma var leikkona. Leikhúsið varð því minn hversdagur, en líka hátíð.“

+

Faðir okkar,
PÉTUR SIGURÐSSON
 bóndi á Hjaltastöðum,
 lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki
 28. ágúst. Jarðarförin auglýst síðar.

Pórólfur Pétursson
Bryndís Pétursdóttir
Margrét Pétursdóttir



+

Pökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, ömmu og langömmu,
JÓNU VESTMANN
 Grandavegi 11, Reykjavík,
 sem andaðist fimmtudaginn 2. ágúst.

Emil Emilsson
Ellen Vestmann Emilsdóttir
Adam Vestmann
Gústav Aron Gústavsson
Margrét Vala Steinarsdóttir
Eva Sól Adamsdóttir



+

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, vinkona, dóttir, systir og mágkona,
ANNA STEINUNN ÁGÚSTSDÓTTIR
 Sjafnargötu 10, Reykjavík,
 lést fimmtudaginn 23. ágúst. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 5. september kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Menntunarsjóð barnanna. Reikningsnúmerið er 0301-13-703715 og kennitalan er 040291-2459.

Kjartan Bjargmundsson
Elsa Kjartansdóttir
Bjargmundur Ingi Kjartansson
Ingebjörg Kjartansdóttir
Ragnheiður Ólína Kjartansdóttir
Ágúst H. Eliasson
Elsa Vestmann Stefánsdóttir
Einar Ingi Ágústsson
Elías Halldór Ágústsson
Eva Ágústsdóttir




Birgir Sigurðsson
Ásta Margrét Guðlaugsdóttir
Kristín Vilhjálmsdóttir

+

Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,
ARNÓR ÞÓRHALLSSON
 verkfræðingur,
 Reynihlíð 5, Reykjavík,
 lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 26. ágúst. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 5. september kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á krabbameinsdeild 11E á Landspítalanum.

Ingebjörg Hrund Björnsdóttir
Lilja Birna Arnórsdóttir
Þórhallur Arnórsson
Björn Lárus Arnórsson
Birgir Már Arnórsson
Áslaug Bennie Þórhallsdóttir
Þórhildur Þórhallsdóttir
Ingebjörg Erla Birgisdóttir
Magnús Birgisson
 og barnabörn.



Guðjón Karl Reynisson
Sigríður Sunna Ebenesersdóttir
Arnheiður Leifsdóttir

+

Kærar þakkir færur við þeim sem sýndu okkur samúð og hluttekningu vegna andláts bróður okkar, móðurbróður og frænda,
GÍSLA SCHEVING KRISTMUNDSSONAR,
 Efri-Brunnastöðum, Vatnsleysuströnd,
 sem lést á hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði 13. ágúst. Sérstakar þakkir til starfsfólks Garðvangs, fyrir frábæra umönnun og hjúkrun. Guð blessi ykkur öll.

Elin Kristín Kristmundsdóttir
Anna Scheving Kristmundsdóttir
Hallgrímur Kristmundsson
Virgill Scheving Einarsson
Hannesína Scheving Skarphéðinsdóttir
Svanur Scheving Skarphéðinsson
Kristmundur Skarphéðinsson
Elin Kristín Scheving Skarphéðinsdóttir
 og börn.



Brynja Hafsteinsdóttir
Ingunn Lúðvíksdóttir



ÖMMUSTRÁKUR Sigmundur Ernir leitast við að fanga liðinn tíma nægjustu og nærveru fjölskyldunnar í nýjustu ljóðabók sinni. FRETTABLAÐIÐ/ANTON

SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON: SENDIR FRÁ SÉR SÍNA NÍUNDU LJÓÐABÓK Óður til amma og liðins tíma

„Þetta átti bara að vera kafli í einni bók en svo rann á mig slíkt endurminningar-æði að ég gat ekki stoppað,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, alþingismaður og ljóðskáld, um ljóðabókina Eldhús ömmu Rún sem komin er út á vegum Uppheima.

Þetta er núnda ljóðabók Sigmundar Ernir en hér ferðast hann með „tímavél minninganna til æskulóða sinna á Akureyri,“ eins og stendur á bókakápu. Sigmundur gengst fúslega við því að það sé mikil fortíðarþrá í textanum.

„Mig langaði að reyna að fanga þennan tíma nýtni og nægjustu og samheldni fjölskyldunnar sem er svo fallegur; tíma sem kemur aldrei aftur og lýsir sér í rólegra samfélagi og gildum sem fléttuðust um nærveru og nægjustu. Heimili voru í rauninni hálfgerð framléiðslufyrirtæki, þar sem bæði matur og flest öll fót voru búin til og jafnvel húsgögn ef því var að skipta. Þessi kafli óx og varð að samfelldum ljóðaflokki, eða prósaflokki, því þetta er nokkuð frjáls texti.

Sögurnar segir Sigmundur Ernir í

Úr Eldhúsi ömmu Rún

Ég gæti best trúað því að Rafha hafi verið fyrsta orðið sem ég lærði að lesa ...

Rafha

svart á hvítu stóð það framan á ofnum;

orðið sjálft ...

og merkti mat.

gegnum ömmur sínar, þær Sigrúnu og Guðrúnu, sem hann tileinkar jafnframt bókina.

„Ömmur mínar voru húsmæður af þessum gamla sígilda skóla trúar og tryggðar; konur sem fóru sjaldan út úr húsi og „héldu heimili“. Ég var mikið hjá þeim á mínum uppvaxtarárum þegar ég var að komast til vits og þroska og allt-

af var á vísan að róa; alltaf hádegismatur og allt í föstum skorðum. Kannski er maður líka að reyna að tengja samhengi aldanna; ömmur mínar fæddust beggja megin við aldamótin 1900 og ljóðin eru ort rúmlega hundrað árum síðar.“

Þetta er önnur ljóðabók Sigmundar Ernir á jafnmörgum árum en Afviknir staðir sem kom út í fyrra var fyrsta ljóðabók hans síðan 2002.

„Ég hafði gefið út þrjár sögur í millitíðinni en eins og öll ljóðskáld þekkja er maður alltaf að; hversdagslegustu atburðir á borð við að ganga fram á ljósa-staur geta kallað fram mynd sem maður skrifar hjá sér. Það hafði því safnast niður heimikið efni á þessum áratug og í rauninni þurfti ég bara að setjast niður og ristýra því sem ég átti í mínum ranni.“

Hann segir skriftirnar fara ágætlega saman við þingstörfin. „Að því leyti að á þinginu er svolitill gassagangur í orðunum en við skriftirnar þarf maður að liggja yfir hverju orði og hverjum staf.“

bergsteinn@frettabladid.is

+

Eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,
BJARNI SIGURÓLI JAKOBSSON
 til heimilis að Baldursbrekku 1 á Húsavík,
 lést á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga
 mánudaginn 27. ágúst. Jarðarförin mun fara fram frá Húsavíkurkirkju þriðjudaginn 4. september kl. 14.00.

Helga Gunnarsdóttir
Guðrún Siguróladdóttir
Bára Siguróladdóttir
Jakob S. Bjarnason
Brynja Siguróladdóttir
Vignir Sigurólason
Björk Siguróladdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.



Jóhann Halldórsson
Sturla Sigtryggsson
Lára G. Stephensen
Grétar Þór Eypórsson
Berlingind Sigurðardóttir
Gunnar Birgir Gunnlaugsson

+

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
RÓS ÓLAFSDÓTTIR
 Laugarnesvegi 89, Reykjavík,
 lést mánudaginn 27. ágúst á hjúkrunarheimilinu Grund, Reykjavík.

Þorbergur Pétursson
Pétur Þorbergsson
Kristján Þorbergsson
Sigríður Rós Pétursdóttir
Bergros Kristjánsdóttir



Jóhanna Traustadóttir
Þórunn Sigurðardóttir
Bryndís María Kristjánsdóttir
Sigrún Valdísl Kristjánsdóttir

+

Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
ORMUR ÓLAFSSON
 Safamýri 54,
 sem lést á hjúkrunardeild Hrafnistu Reykjavík 22. ágúst, verður jarðsúnginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 30. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vildu minnst hans er bent á Sjálfsbjörg – Landssamband fatlaðra.

Alfa Guðmundsdóttir
Ólafur Ormsson
Ágúst Þór Ormsson
Gunnlaugur Óskar Ágústsson
Sveinn Fjalal Ágústsson
Sverrir Rafn Ágústsson
Freyja Ágústsdóttir
 og langafabörn.



Ingebjörg Kristinsdóttir
Anna Heiður Heiðarsdóttir
Jóna Rún Gísladóttir
Hrefna Fanney Matthíasdóttir

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
HALLDÓRA STEFÁNSDÓTTIR
 frá Raufarhöfn, áður til heimilis að Vogatungu 101, Kópavogi,
 lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 26. ágúst.

Árni Pétursson
Gísli Þróstur Kristjánsson
Guðleif Kristjánsdóttir
Arnþróður Kristjánsdóttir
Stefán Kristjánsson
 barnabörn og barnabarnabörn.



Svanhildur Sigurðardóttir
Oddný Gestsdóttir
Helgi Eiríksson
Hafsteinn Guðmundsson
Agla Róbertsdóttir

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



SVART Í VETUR

Tískuhönnuðir hafa flestir sýnt ýmsar útfærslur buxna-dragta á haust- og vetrarsýningum sínum fyrir 2012-13. Hér er sænska fyrirsætan Frida Gustavsson í svörtum samfestingi hönnuðum af Jean-Paul Gaultier en vetrar-lína hans var öll í dökkum litum.




Opið á laugardögum

Laugardaga kl. 11-16 • virka daga kl. 9-18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur

Létt fylltur bh á AÐEINS KR. 2.500,- buxur við á AÐEINS KR. 1.000,-



VELUR ÞÆGINDIN

UNDIRBYR PEYSUFATADAG Elísabet Inga Sigurðardóttir hefur nóg að gera. Fyrir utan að stunda fullt nám í Kvinnaskólanum kennir hún dans, afgreiðir í Body Shop og undirbýr árlegan Peysufatadag ásamt félögum úr skólanum.

Elísabet Inga Sigurðardóttir er tæplega 17 ára Kvinnaskólalía, en hún er að hefja sitt annað ár í skólanum. Hún stundar auk þess dansnám í Dansskóla Birnu Björns og kennir sjálf dans í söng- og leiklistarskólanum Sönglist. Jafnframt afgreiðir hún í Body Shop, svo það er nóg að gera hjá henni. Varðandi fatastíl sinn segir hún þægindin skipta mestu máli. Peysuna sem hún klæðist á myndinni keypti hún í Lindex og buxur kaupir hún yfirleitt í Júnik í Smáralindinni. „Þær eru teygjanlegar og þægilegar,“ segir hún. Annars segist hún ekki fara í ákveðnar búðir þegar hún kaupir sér fót. „Ef ég sé flott fót í búðum, þá fer ég inn.“ Hálsmenið sem hún ber þykir henni vænt um en það er þó í eigu mómmu hennar: „Hún fékk það í Namibíu þegar við fórum þangað að heimsækja ömmu, en hún bjó þar þegar ég var lítil,“ segir Elísabet.

PEYSUFATADAGURINN NÁLGAST
Þessa dagana er Elísabet upptekin við að undirbúa hinn árlega Peysufatadag í

Kvinnó, ásamt þremur öðrum meðlimum Peysufatanefndar. „Þetta er líklega skemmtilegasti dagur annars árs,“ segir Elísabet, en þann 28. september munu nemendur á öðru ári klæða sig upp í hinum þjóðlega stíl, dansa þjóðdansa, borða vöflur og halda svo á ball um kvöldið. Þeim sem ekki eiga þeim mun þjóðlegri fjölskyldur getur reynst þrautin þyngri að útvega sér peysuföt fyrir herlegheitin, en hægt er að leigja föt meðal annars hjá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur.

HUGURINN REIKAR VÍÐA

Elísabet segist ekki viss um hvort hún ætli að taka Kvinnó á þremur eða fjórum árum. Varðandi framhaldið er hún einnig tvístígandi: „Mig langar annað hvort í blaða- og fréttamennsku í Háskóla Íslands eða framhaldsnám í lýðheilsuvísindum. Ég hef reyndar líka velt fyrir mér að fara í lögræði.“ Elísabet hefur þó nógan tíma til að velja þessu fyrir sér og nýtur í bili menntaskólaáranna.

HVERSDAGSLEGI FATASTÍLLINN

Elísabet Inga klæðist helst þægilegum buxum úr teygjanlegu efni og notalegum peysum dagsdaglega. MYND/GVA

HLAKKAR TIL PEYSUFATADAGS

„Ég hugsa að þetta sé örugglega skemmtilegasti dagur annars árs.“

Ný sending frá



NeroGiardini

MADE IN ITALY

Vandaðir og þægilegir leðurskór

Vertu vinur okkar á Facebook



hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahnfranhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16

Gerið gæða- og verðsamanburð

NÝTT

BOAS RAFDRIFNIR
Leður hægindasófar og stólar

Ný sending af hágæða sængurverasettum

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa



www.svefn.is

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

HÁTT UPPI Á STRIGASKÓM

■ FLOTTUR HÖNNUÐUR

Fatahönnuðurinn Isabella Marant átti þá snildarhugmynd að búa til háhæla strigaskó sem nú tröllriða öllu. Með þeim er hægt að upplifa frelsið og þann hversdagsleika sem felst í því að klæðast strigaskóm og ná sér í smá upphækkun og glæsileika í leiðinni. Isabella er þekkt fyrir að hanna fót fyrir athafnasamar konur á framabroti. Eða eins og hún sjálf lýsir einkennum hönnunar sinnar: „Fyrir konur sem vilja hafa sterkan persónuleika án þess að vera uppstrílaðar. Fyrir konur sem vilja vera öðruvísi á lágstemmdan hátt. Fyrir konur sem vilja líða vel í fötunum sem þær klæðast án þess að reyna of mikið.“




NÝ SENDING

AF DRÖGTUM OG BUXUM!

B/A/S/L/E/R Parisar
TÍSKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

ENSKUSKÓLI ERLU ARA

Enskuskóli Erlu Ara auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna. Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 40 ára og eldri.

Við bjóðum upp á: 10 getustig með áherslu á tal. Styrkt af starfsmenntasjóðum.

Skráning í síma 8917576 og erlaara@gmail.com

Þú ert velkominn í heimsókn og tekur ákvörðum eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt.

www.enskaforiralla.is



Facebook, vertu vinur
<http://www.facebook.com/enskuskoerluara>

Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga.

Alþjóðleg ferðaráðgjöf

Ferðamálastólur Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa“ til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðapjónustu. www.menntun.is



Ferðamálastólur Íslands
The Icelandic Institute of Tourism and Travel

Bíldshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8–22

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

ÞÚSUNDIR MYNDBANDA

VÍSIR
- oft á dag



PÍNULITLIR CONVERSE

LITLAR EFTIRMYNDIR Ásdís Sveinsdóttir heklar nákvæmar eftirmyndir af Converse-strigaskóm og gefur í sængurgjafir. Í saumaklúbbnum hennar er skylda að hafa einhver handavinnuverkefni.

Ásdís Sveinsdóttir ökukennari byrjaði í sumar að hekla pínulitlar eftirmyndir af Converse-strigaskóm. „Ég þurfti að fara í aðgerð í byrjun sumars og var rúmföst í nokkra daga. Ég þarf helst alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni þannig að ég þurfti að finna mér verkefni þessa daga sem ég lá fyrir. Ég hafði stuttu áður séð mynd af svona skóm í saumaklúbbi hjá vinkonu minni og ákvað að prófa,“ segir Ásdís.

Saumaklúbbur Ásdísar hefur það að skilyrði að meðlimir hans þurfa að hafa einhver verkefni þegar þær hittast. „Það þarf að hafa eitthvað á þrónunum eða hafa eitthvað annað handavinnuverkefni að grípa í. Við hittumst ekki bara til að fá okkur eitthvað gott að borða og blaðra, þótt það sé yfirleitt gert líka.“

Að undanförunu hefur verkefni Ásdísar verið litlu hekludu Converse-skórnir en hún hefur aðallega verið að gefa þá sem sængurgjafir. „Mér hafa reyndar borist nokkrar fyrirspurnir frá fólki um að fá að kaupa skóna og hef selt fjögur pör. Ég hef gert þá í rauðu,

bláu og svörtu og nú bíður þar tilbúið fyrir eina litla frænku. Svo bíð ég bara eftir litlum frændum og frænkum til að hekla á því við erum sex systurnar og því von á stækkandi fjölskyldu þegar barnabörnin fara að koma,“ segir hún.

Hekluðu skórnir eru nákvæm eftirmynd Converse-strigaskónna sem hafa verið mjög vinsælir að undanförunu. „Ég fann uppskrift á netinu og skoðaði skó dóttur minnar. Það var erfiðast að finna réttu reimarnar en ég endaði á því að klippa venjulegar reimar í tvennt og setja lím á endann á þeim. Það er nú ekki svo mikil vinna í þessu, ætli ég sé ekki í um það bil tvo klukkutíma með parið ef ég sit við verkefnið. Ég hef reynt að fikra mig áfram með að gera hekludu skóna á stærri börn en ég held að þeir séu flottastir svona litlir, á alveg nýfædd börn til um það bil sex mánaða.“

Aðspurð segist hún sjálf ekki eiga hina vinsælu Converse-skó. „Ég er bara ekki svo mikill unglundur í mér og ekki alveg svoleiðis týpa,“ segir Ásdís og hlær.

■ lilja.bjork@365.is

HANNYRÐAKONA

Ásdís hefur undanfarnar vikur heklað litla strigaskó. Orðspor hennar í heklunni er að breiðast út því hún hefur fengið nokkrar fyrirspurnir frá ókunnugu fólki varðandi skóna.

MYND/STEFÁN



ALVEG EINS

Litlu Converse-skórnir eru ofsalega krúttlegir og alveg eins og fyrirmyndin.

FALLEGIR, ÍSLENSKIR JUR TALITIR

Í jurtaríki landsins finnast margir litir sem nota má til litunar ýmissa efna. Þorgerður Hlöðversdóttir hefur stundað þessa aldagömlu iðju um tíð.

Jurtalitun hefur notið vaxandi vinsælda undanfarin ár. Þorgerður Hlöðversdóttir listgreinakennari og Sigrún Helgadóttir, líf- og umhverfisfræðingur, hafa sinnt þessari aldagömlu hefð sem stundað hefur verið á Íslandi frá því að land byggðist.

Litirnir eru unnir úr íslenskum jurtum sem fengnar eru úr náttúru landsins. „Við notum til dæmis birki, blágresi og beitleyng við litunina. Þá er farið út í náttúruna og náð í plönturnar og þær soðnar til að ná úr þeim litarefni. Síðan er ullin, sem meðhöndluð hefur verið með alúni til að festa litinn, látin liggja í litunarleginum við 90 gráður í klukkutíma. Jurtaliti er einungis hægt að nota til að lita náttúruleg efni eins og ull, silki, bómull eða hör.“ Spurð um lítaúrvalið segir Þorgerður litina úr íslenskri náttúru flesta gul- eða gulgrænleita. „Það sem er svo heillandi er hve vel litirnir tóna hver við annan, líkt og í náttúrunni. En ef við viljum fá sterkari



liti eins og bláan eða rauðan þá notum við erlend litarefni svo sem indigo og kaktuslús.“

Árið 2010 kom út bókin Foldarskart í ull og fat eftir þær stóllur. Einnig hafa þær staðið fyrir námskeiðum í jurtalitun á vegum Heimilisiðnaðarfélagsins og merkja verulega aukningu á áhuga fólks á jurtalitun undanfarin ár. Vilji fólk kynna sér jurtalitun nánar er ýmsan fróðleik að nálgast á heimasíðu þeirra www.jurtalitun.blogspot.com eða á Facebook undir Jurtalitun – Foldarskart í ull og fat.

■ vidir@365.is

REGNBOGADANS

Jurtaliti er hægt að nota til að lita náttúruleg efni eins og ull, silki, bómull og hör.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



ELSKAR DIOR

Marion í Dior

Franska leik- og söngkonan Marion Cotillard vekur athygli hvar sem hún kemur fyrir glæsilegan klæðaburð. Leikkonan er sérstakur aðdáandi Raf Simons, aðalhönnuðar Dior, og gengur jafnan í hönnun hans. Marion varð heimsfræg er hún hlaut Óskarsverðlaun árið 2008 fyrir leik sinn í kvikmyndinni Édith Piaf en hún hlaut fjölda verðlauna fyrir þá kvikmynd. Nýjasta mynd hennar, The Dark Knight Rises, var frumsýnd í lok júlí og þá mætti Marion í hátískufatnaði frá Dior. Nokkrum dögum áður hafði sami fatnaður verið sýndur á haust- og vetrarsýningu Dior. Marion hefur leikið í fjölmörgum þekktum kvikmyndum og má meðal annars nefna Midnight in Paris eftir Woody Allen. Hún var forsíðustúlka Vogue Paris nú í ágúst.



EIGIN PRJÓNAVÉL

ÍSLENSK HÖNNUN Hönnunartvíeykið Volka stendur í stórræðum þessa dagana. Fyrirtækið tekur þátt í hönnunarvikunni í Helsinki í september og Stokkhólmi í vor.

Það eru mjög spennandi tímar fram undan hjá okkur. Meðal annars erum við að flytja í nýtt vinnuhúsnæði þar sem við setjum upp okkar eigið prjónaverkstæði. Við erum bara að flytja inn prjónavélina,“ segir Olga Hrafnisdóttir vörubönduð en hún rekur hönnunartvíeykið Volka ásamt vörubönduðinum Elisabetu Jónsdóttur.

Þær stöllur hafa sent frá sér heimilsvörur úr íslenskri ull, púða og teppi og einnig kolla sem þær hafa heklað utan um úr prjónuðum lengjum. Kollur frá Volka verður meðal annars sýndur á Hönnunarvikunni í Helsinki nú í september og þá eru þær að fara á fullt við undirbúning hönnunarvinnunnar í Stokkhólmi í vor. Með nýrri prjónavél segir Olga ný tækifæri bíða Volka.

„Við förum á námskeið á vélina og eftir það eru okkur allir vegir færir,“ segir hún hlæjandi og bætir við að svona vél hafi vantað hér á landi. „Þetta er svaka græja sem getur tekið allt upp í 17 litri. Í framhaldinu verður auðvitað vörubrúun hjá okkur. Okkur langaði til að vera sjálfstæðar með okkar framleiðslu en það skiptir okkur miklu máli að vörurnar okkar séu framleiddar á Íslandi. Það þýðir auðvitað meiri kostnað. Sjálf er ég tilbúin til að borga meira fyrir vöru sem ég veit hvaðan kemur og hvernig er unnin.“

■ heida@365.is

NÝ TÆKIFÆRI

Olga Hrafnisdóttir og Elisabet Jónsdóttir vörubönduðir leggja mikið upp úr því að vörur Volka séu framleiddar hér á landi. Þær eru að flytja inn prjónavél og munu í framhaldinu framleiða sjálfar vörulínu Volka.

MYND/ANTON

VÖRUBRÚUN

Með nýju prjónavélinni sem er afar afkastamikil er hægt að fara í frekari munsturgerð og bæta við teppum og púðum og fleira spennandi,“ segir Olga.

Haustvörurnar komnar



áður 14.990,-
nú 11.990,-

20% afsláttur

áður 16.990,-
nú 13.590,-

St. 38-48



Laugaveg 54,
sími: 552 5201



Við erum á Facebook

RÝMINGARSALA Á ÚTSÖLUNNI

90% afsláttur af öllum útsöluvörum*

Flott fót fyrir flottar konur
st. 40-58

Verlunin Belladonna á Facebook

*90% afsláttur frá upphaflegu verði
- reiknast af á kassa

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

OUTLET SKÓR

áðals 11.900 kr.



Herra skór
St. 41-46

áðals 9.900 kr.



Herra skór
St. 41-47

áðals 9.900 kr.



Tone Ups
dömu skór
St. 36-41

áðals 4.900 kr.



Stráka skór
St. 27-39

áðals 4.900 kr.



Stelpu skór
St. 22-27

OUTLET-SKÓR | FISKISLÓÐ 75 | 101 REYKJAVÍK
Opíð: mán-fös 13-18 & lau 12-16 sími: 514 4407



BÍLAR & FARATÆKI



Stofnað 1974

Bilamarkaðurinn



HYUNDAI I20 gl. Árgærd 2011, ekinn 64 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 2.170.000. Rnr.222019.



MAZDA Cx7 grand touring 4wd. Árgærd 2007, ekinn 40 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.350.000. Rnr.222012.

Bilamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

STÓRA BÍLASALAN



Land Rover Discovery DÍSEL Árgærd 2003, ekinn 205þ.km, ssk. Mjög gott eintak sem er á staðnum! Verð 1.840.000kr. Raðnúmer 140738. Sjá nánar á www.stora.is



Skoda Superb 1.8T Árgærd 2007, ekinn 112þ.km, ssk, cruise, a/c o.m.fl. Flottur bíll sem er á staðnum! TILBOÐSVERÐ 1.590.000kr. Raðn 131477. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

BÍLASALA SELFOSS



MMC Outlander intense 2,4 bensín sjálfsk. Árgærd 2008, ekinn 40 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.506979.



LEXUS Rx 350 luxury. Árgærd 2008, ekinn 56 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.950.000. Rnr.506894.



M.BENZ MI 500. Árgærd 2006, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.940.000. Rnr.507031.



LMC Caravan 560k. Árgærd 2005. Markísa, sjónvarpsloftnet, sólarrella, varadekk, wc, hjónarúm, stór ísskápur o.fl.Verð 2.690.000. Rnr.320211. Hægt er að hringja í 846-1562 eftir kl.18:00

Bílasala Selfoss
Hrísmýri 3, 800 Selfoss
Sími: 482 1416
Söluumboð Heklu og Öskju
www.bilasalaselfoss.is



Nissan Qashqai +2 (7 manna) árg. 07/2012 sjálfskiptur ek 7 þ.km 2.0 L bensín allur sem nýr er á staðnum. Verð 5350 þús.

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

bifreidar.is



TOYOTA Avensis wagon sol 2009 ng. Árgærd 2009, ekinn 57 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 3.250. þús Rnr.105390.

bifreidar.is
Réttaráhals 2, 110 Reykjavík
Sími: 577 4777
Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.
http://www.bifreidar.is



HÖFÐABÍLAR



AUDI Q7 Árg. 2006, ek. 75 Þ.KM, 4,2 bensín, sjálfskiptur. Verð 5.790þ. Flottur Umboðsbíll. Einn eigandi!! Rnr.153987.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn
www.hofdabilar.is

TOPPBÍLAR



HYUNDAI H1 starex. Árgærd 2004, ekinn 96 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. TILBOÐ 1.290.000.- Rnr.285471.



DODGE Grand caravan se. Árgærd 2005, ekinn 85 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000.TILBOÐ 1.290.000.- Rnr.334238.

Toppbílar
Kletthálsi 2, 110 Rvk.
Sími: 587 2000
www.toppbilar.is

100 bílar.is



Skráðu bílinn fritt hjá okkur! Okkur vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu til okkar eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Fullkomin reiknivél á ergo.is



Suzuki Baleno '99. Ek.156þús. km.Sjálfsk.Bílinn er snyrtilegur að innan og utan. 290þ.k. S.7778010.



Audi V6, samskipt 44, B turbo. Allt rafdrifið. Árg. '01 des. Ek. 170 km. S. 616 2597.



SPARIBAUKUR
Ford Focus station 04, sk.2013, ek.100þkm Sölusk. frá Frumherja fylgir Verð 990þ s.8222008



Dekurbíll
Kia Clarus '03. Sk. '13. Vél 2000 bs. Ásett 490þ. Staðgr. 350þ. Uppl. 662-6008.

500-999 þús.



TILBOÐ 590þús - 100% VISA
Trooper 35" árg. '00 ek. 270þús. leður, sjálfssk. sk. '13 Ásett 1180þús TILBOÐ 590þús stgr. Möguleiki á 100% visaláni S. 772 6107

Bílar óskast

Óska eftir bíl fyrir allt að 150 þús. í peningum strax!!!!
Fólksbíl smábíll eða jeppi allt kemur til greina! Má vera bilaður tjónaður óskoðaður eða bara orðin sjúkaður! eða bara í lagi! og þer vantar að losna við hann strax! fyrir allt að 150 þús. staðgreitt! s. 691 9374.

Kaupi bilaða bíla
Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar á ca. 30 - 300 þús. S. 896 6744.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Bílaþjónusta



INNI VINNULYFTUR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. EINNIG STÆRRI LYFTUR TIL LEIGU Á FRÁBÆRU VERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

Vörubílar



Fellihýsi



Viking árg. '96 mikið endurnýjað og mikið af aukahlutum. Ásett 650þús Tilboð 395þús. stgr. Möguleiki á 100% visaláni S. 772 6107.

Lyftarar



Doosan D25S-5 diesel 3,3L.Yanmar, fullt frílyft, 3fallt mastur, aukaúttak. Einnig Íslenskur snúningur galvaniseraður Til afgreiðslu strax. Fjaðrabúðin Partur ehf 585-2500 og 567-8757.

Hjólbarðar



KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is

VAKA



Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Vantar nýlega bíla á staðinn
Inni-og útisvæði • Mikil sala

Aukin þjónusta: Opíð frá kl. 10:00 - 21:00 á fimmtudögum!

FIMMTUDAGUR 30. ÁGÚST 2012

ATVINNUMIÐLUN

&RÁÐGJÖF

Kynningarblað Persónuleikapróf, ráðningar,
atvinnuviðtalið, starfsmannaráðgjöf og heildarþjónusta.



Ráðgjöf og vinnumiðlun

Vinnumálastofnunar

Hjá **Vinnumálastofnun** er margvísleg þjónusta í boði fyrir fólk í atvinnuleit. Fólk gefst til dæmis kostur á aðstoð við gerð ferilsskrár og leiðsögn um árangursríkar aðferðir í atvinnuleit.

Hjá Vinnumálastofnun býðst atvinnuleitendum ráðgjöf og aðstoð við atvinnuleit auk þess sem það er hlutverk stofnunarinnar að halda skrá yfir laus störf sem í boði eru á landinu öllu, miðla upplýsingum um laus störf til atvinnuleitenda og veita þeim aðstoð við að finna störf við hæfi. Auk þess aðstoðar Vinnumálastofnun atvinnurekendur við ráðningu starfsfólks og veitir þeim upplýsingar um framboð á vinnuafli. Vinnumálastofnun rekur átta þjónustuskrifstofur í kringum landið, þar sem veitt er öll almenn þjónusta við atvinnuleitendur.

„Við leggjum áherslu á að veita atvinnuleitendum öflugra þjónustu sem hefur það að markmiði að styrkja þá í atvinnuleitinni og aðstoða þá við að ná settum markmiðum,“ segir Hrafnhildur Tómasdóttir, sviðsstjóri ráðgjafar- og vinnumiðlunarviðs. Þjónustan felst m.a. í:

■ Að veita aðstoð við gerð ferilsskrár og leiðsögn um árangursríkar aðferðir í atvinnuleit.

■ Að bjóða atvinnuleitendum aðstoð við að kanna áhugasvið sitt og leggja fyrir áhugasviðskönnun og lesa úr henni með atvinnuleitendum.

■ Að veita ráðgjöf um val á námi eða þjálfun og veita upplýsingar um námskeið og námsstyrki.

■ Að veita ráðgjöf og aðstoða atvinnuleitendur með skerta starfsgetu.

■ Að miðla upplýsingum um laus störf. Vinnumálastofnun býður atvinnuleitendum fjölbreytt námskeið sem styrkja og



Starfsmenn Vinnumálastofnunar bjóða atvinnuleitendum upp á ráðgjöf og aðstoð.

MYND/GVA

efla færni og aðstoða þá við að ná markmiðum sínum. Upplýsingar um námskeiðin má fá hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar.

Atvinnuráðgjafar Vinnumálastofnunar aðstoða einnig þá sem hyggja á atvinnuleit erlendis. Gott er að byrja slíka leit á að skoða heimasíðu samevrópsku

vinnumiðlunarinnar www.eures.is. Nánari upplýsingar fást hjá EURES ráðgjafa VMST. Á heimasíðu Vinnumálastofnunar, www.vinnumalastofnun.is, má finna upplýsingar um laus störf.

„Í lokin viljum við minna á að lykkillinn að góðu starfi er að eiga góða starfsferilsskrá og á heimasíðu Vinnumálastofnunar

undir „Atvinnuleitandi“ má finna gagnlegar upplýsingar um ferilsskrárgerð, atvinnuleitina o.fl. Við hvetjum alla atvinnuleitendur til að nýta sér þjónustu atvinnuráðgjafa Vinnumálastofnunar því það gæti skipt sköpum.“ Hægt er að bóka viðtal eða senda fyrirspurn á radgjafar@vmst.is.

„Þetta er allt að koma“

Mikill fjöldi starfa er á skrá hjá atvinnumiðluninni **Job.is**. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir vinnumarkaðinn vera að taka við sér.



Kolbeinn Pálsson, framkvæmdastjóri Job.is.

„Vinnumarkaðurinn er allur að taka við sér,“ segir Kolbeinn Pálsson, framkvæmdastjóri Job.is.

„Þetta hefur verið í hálfgerðri spennitreyju. Fólk hefur ekki þorað að skipta um vinnu og öll áherslan hefur verið á að útvega störf fyrir atvinnulausa. Vinnumálastofnun sogaði til sín stóran hluta af atvinnumiðluninni með því að bjóða fyrirtækjum og stofnunum þjónustu. Fókussinn var allur á atvinnulausa, eins og gefur að skilja. En vinnumarkaðurinn er bara svo miklu, miklu stærri. Við sjáum t.d. að núna eru um átta þúsund manns skráðir atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun, en það eru 25 þúsund einstaklingar í atvinnuleit skráðir hjá Job.is.“

Kolbeinn segir að atvinnurekendur hafi verið að átta sig á því að þessi þjónusta Vinnumálastofnunar hafi ekki endilega virkað sem skyldi. „Síðustu mánuði hefur atvinnuauklýsingum á Job.is fjölgað verulega og fyrirtæki og stofnanir eru að fá mjög fínar umsóknir.“ Job.is sendir auglýsingar um laus störf með tölvuþósti til þeirra 25 þúsund einstaklinga sem eru á skrá hjá fyrirtækinu.

Umsóknir berast inn í gegnum Job-Pro úrvinnslukerfi Job.is. Í Job-Pro kerfinu er hægt að fara yfir allar umsóknir, flokka þær og merkja til nánari skoðunar eða frávísunar. Einnig gerir kerfið mögulegt að svara umsækjendum með afar fljótlegum hætti til að upplýsa þá um niðurstöðuna.

Æfing borgar sig

Atvinnuviðtal getur tekið á taugarnar og því er betra að undirbúa sig vel. Á netinu er að finna fjölda ráða sem nýtast vel við undirbúning viðtals. Eftirfarandi ráðleggingar eru fengnar af jobsearch.about.com.

Æfing borgar sig

Æfðu þig heima. Svaraðu upphátt spurningum sem líklega munu koma upp í viðtalinu og vertu tilbúin/nn með dæmi um hæfni þína. Á netinu er að finna fjölda líklegra spurninga sem hægt er að styðjast við.

Rannsóknarvinna

Kynntu þér fyrirtækið sem þú sækir um vinnu hjá og vertu með tilbúið svar við spurningunni „hvað veistu um okkur?“ Reyndu einnig að nota nafn þess sem tekur við þig viðtalið þegar þið talið saman. Vertu jafnvel búin/nn að fá nafn viðkomandi áður.

Taktu þig til

Vertu snyrtileg/ur til fara og í viðeigandi klæðnaði miðað við um hvaða vinnu ræðir. Prentaðu út ferilsskrána þína og hafðu meðferðis í snyrtilegri möppu. Taktu einnig með penna og blað.

Stundvísi

Mættu á réttum tíma í viðtalið, helst nokkrum mínútum fyrr. Sniðugt gæti verið að keyra á staðinn daginn áður svo þú vitir hversu lengi þú ert á leiðinni.



Ráðleggingar um undirbúning fyrir atvinnuviðtal er að finna víða á netinu.

MYND/NORDICPHOTOS GETTY

Taktu því rólega

Reyndu að slaka á meðan á viðtalinu stendur. Gefðu þér tíma, vertu í augnsambandi við þann sem talar við þig og hlustaðu á spurninguna til enda áður en þú svarar. Taktu vel eftir svo ekki þurfi að endurtaka spurninguna, það kemur illa út.

Sýndu hvað í þér býr

Þegar hæfni þín og ferill er til umræðu í viðtalinu skaltu reyna að tengja það við það sem fyrirtækið er að leita eftir. Vertu búin/nn að lista niður kosti þína í samræmi við þær hæfniskröfur sem gerðar eru varðandi þetta tiltekna starf.

www.jobsearch.about.com



Starfsfólk Hagvangs leggur sig fram við að samþætta hag einstaklinga og velgengni fyrirtækja. Það er því engin tilviljun að Hagvangur er eitt öflugasta ráðgjafar- og ráðningarfyrirtæki á Íslandi.

MYND/GVA

Traust, trúnaður og fagleg vinnubrögð

Hagvangur er fyrsta ráðningarþjónustan sem tók til starfa á Íslandi. Hagvangur starfar á þremur megin sviðum; við ráðningar, ráðgjöf, greiningar og próf. Framúrskarandi þjónustulund, trúnaður, traust og fagleg vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi hjá Hagvangi og leggur starfsfólk sig fram um að samþætta hag einstaklinga og velgengni fyrirtækja.

Það er engin tilviljun að Hagvangur er enn eitt öflugasta ráðningar- og ráðgjafarfyrirtæki á íslenskum vinnu-markaði,“ segir Katrín Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs. „Ráðgjafar okkar búa yfir mikilli reynslu og faglegri þekkingu hvað varðar ráðningar og önnur mannauds-mál en meirihluti ráðgjafanna hafa háskólamenntun á sviði sálfræði, mannauds-stjórnunar og viðskiptafræði. Víðtæk þekking ráðgjafa okkar á íslensku atvinnulífi er einnig mikilvægur styrkur.“

Hagvangur leggur áherslu á að koma til móts við þarfir hvers viðskiptavinar og getur því komið að ráðningarferlinu á öllum stigum. Katrín segir reynsluna þó hafa sýnt að best takist til með ráðningu þegar ráðgjafinn vinnur allt ferlið með fyrirtækinu. Ráðgjafinn sparar einnig mannaudsstjórnun og stjórnendum mikla vinnu og tryggir fagleg vinnubrögð sem kemur bæði umsækjendum og fyrirtækinu til góða.

En er vinnu að hafa í dag?

„Atvinnuástandið síðastliðna mánuði hefur farið batnandi og vonandi fara horfur að skýrast betur hvað varðar fjárfestingar og önnur tækifæri til atvinnuuppbyggingar. Framkvæmdir, stórar sem smáar, hafa mikla þýðingu fyrir atvinnulífið og fólkið almennt í bættum lífsgæðum. Þannig skapast störf og staða annarra fyrirtækja batnar að sama skapi,“ segir Katrín.

„Við teljum að bjartari tímar séu fram undan, skráð atvinnuleysi hefur mælst lægra undanfarið eða 4,4% og er það með því minnsta síðan í nóvember 2008. Aukin breidd er í eftirspurn eftir fólki til starfa og sóknar-hugur er í mörgum fyrirtækjum. Mörg fyrirtæki hafa spjarað sig vel eftir hrunið og finna hægt og bítandi aukna þörf fyrir þjónustu. Það kallar á aukinn mannafla. Talsverð eftirspurn er eftir starfsfólki í verkfræði- og tæknistörf, bæði hér heima og erlendis. Það er alltaf þörf fyrir fólk sem vill sýna árangur í starfi.“

Heildarþjónusta á sviði mannaudsmála

- Ferilskrá og umsóknir
- Greiningar á stjórnendateymum
- Hönnun starfsmannavalskerfa
- Launastefna
- Námskeið í notkun persónuleikaprófa
- Persónuleg ráðgjöf
- Persónuleikapróf
- Ráðgjöf vegna uppsagna
- Ráðningar
- Sérhæfð leit að starfsmanni
- Starfsleit
- Starfslýsingar
- Starfslokagreining
- Starfsmannahandbók
- Starfsmannasamtöl
- Starfsþróun
- Stefnumótun í mannaudsmálum
- Stjórnendamat og þjálfun
- Styrking og greining vinnuhópa
- Streitustjórnun
- Undirbúningur viðtala
- Viðhorfskannanir
- Vinnustaðagreiningar
- Öryggis- og gæðamál

Hagvangur er aðili að alþjóðasamtökunum EMA Partners International, Excellence in Executive Search og dreifingaraðili fyrir bandaríska prófaframleiðandann Hogan Assessment Systems. Hagvangur, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, sími 520 4700, www.hagvangur.is.



HAGVANGUR

NÝR RÁÐGJAFI

Sverrir Briem er nýjasti ráðgjafinn hjá Hagvangi en hann kemur til starfa á haustmánuðum. Sverrir lauk M.Sc. í sálfræði frá Kaupmannaháskóla og hefur nýlokið prófi í starfsmannavali og viðtalstækni frá BI Norwegian Business School. Undanfarið hefur Sverrir starfað sem sálfræðingur hjá Kongsberg Sykehus í Noregi.



Auðveldara atvinnuleysi

Að vera atvinnulaus um tíma getur haft mikil áhrif á þá sem í því lenda. Það er edlilegt að sjálfstraustið minnki og fólk verði niðurdregið. Það er þó ýmislegt hægt að gera til að gera þennan tíma auðveldari.

Mikilvægt er að koma sér upp nokkurs konar stundaskrá. Gott er að fara að sofa og fara á fætur á sama tíma á hverjum degi, ekki snúa sólarhringnum við. Hugsíð um atvinnuleitina eins og hefðbundna vinnu og gerið eitthvað í þeim málum á hverjum degi. Setjið dagleg markmið. Það er ef til vill erfitt að sjá heildarmyndina í þessum aðstæðum og auðveldara að setja sér minni markmið í einu.

Farið eitthvað út á hverjum degi. Það er ekki gott að hanga bara heima, þá er auðvelt að detta í þunglyndi. Farið í göngu-túr í miðbænum eða bara í kringum húsið ykkar. Það er líka gott að hitta annað fólk og tala um ástandið. Þegar, og ef, ástandið fer að leggjast of þungt á sálina er nauðsynlegt að koma því frá sér og byrgja ekki tilfinningarnar inni. Snúid ykkur til þeirra sem þið treystið og eru bestir til stuðnings í þessum málum. Þetta þarf ekki endilega að vera maki eða besti vinur. Stundum er gott að leita til vina sem standa aðeins fjær og sjá málin í öðru ljósi.

Þetta er góður tími til að læra eitthvað nýtt. Nýtið tækifærið og lærið eitthvað sem ekki hefur



verið tími til áður. Nám heldur fólki uppteknu um leið og það eykur möguleika á að fá nýtt starf.

Atvinnulausir geta fengið afslátt af líkamsræktar-, sund- og bókasafnskortum og því um að gera að nýta sér það til að hafa ofan af fyrir sjálfum sér. Nú er nægur tími til að lesa allar bækurnar sem fólk hefur langað til að lesa í langan tíma eða taka almennilega á því í ræktinni. Hreyfing er góð fyrir alla. Við áreynslu losna endorfín og seró-

tónín sem eru taugaboðefni sem valda vellíðan. Fólk sem hreyfir sig sýnir færri merki um kvíða, þunglyndi og stress. Auk þessa þá verður líkamsástandið betra. Það er líka mikilvægt að borða hollan og góðan mat af sömu ástæðum.

Fagnið litlum sigrum. Þó að atvinnuviðtal gangi ekki jafn vel og von var til er ástæða til þess að gleðjast yfir því að hafa komist í viðtal. Það er erfitt að vera jákvæður í þessum aðstæðum en vel þess virði að reyna það meðvitað.

Aukin aðsókn í mannauðsstjórnunarnám

Háskóli Íslands býður upp á mastersnám í mannauðsstjórnun. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson dósent heldur utan um námið. „Mannauðsstjórnun er þverfaglegt nám og fólk með fjölbreyttan bakgrunn sækir það; sálfræðingar, stjórnmálafræðingar, viðskiptafræðingar, kennarar og fleiri. Námið er hugsað fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu og öðlast skilning á því hvernig hægt er að ná hámarksárangri í að stjórna mannauðnum. Það eru ekki allir sem ætla að vinna eingöngu sem mannauðsstjórar. Margir starfa sem fræðslustjórar, starfsþróunarstjórar eða hjá ráðningar- og ráðgjafarskrifstofum. Þetta er góð almenn menntun sem eykur færni til að vera góður stjórnandi og þeir sem eru með mannaforráð og stýra litlum deildum eða stórum eru í sjálfu sér mannauðsstjórar og námið tilvalið fyrir þá.“

Mannauðsstjórnun er 90 eininga nám þar sem komið er inn á helstu grundvallarþætti reksturs fyrirtækja og stofnana. „Við byggjum mikið á rannsóknum sem tengjast atvinnulífinu. Snertiflöturinn er því mjög breiður og námið gríðarlega hagnýtt og fjölbreytt.“

Gylfi segir mikla aðsókn hafa verið í mannauðsstjórnun að undanförunu og yfir hundrað manns hafi sótt um í haust. „Það komast þó ekki allir að þar sem gerðar eru ýmsar kröfur sem



Gylfi Dalmann Aðalsteinsson dósent.

ekki allir ná að uppfylla. Frá því að boðið var upp á námið upp úr aldamótunum hafa yfir tvö hundruð manns útskrifast.“

Margt hefur breyst í starfi mannauðsstjóra á undanförunum árum. „Fyrir hrún var hlutverk mannauðsstjóra að skapa eftirsóknarvert starfsumhverfi enda eftirspurnin og samkeppnin um besta starfsfólkið mikil. Það breyttist svo snögglega yfir í að aðstoða við uppsagnir, breytingastjórnun, endurskipulagningu ásamt fleiru. Á þessu tímabili hefur skapast dýrmæt þekking og reynsla innan þessa geira sem mun nýtast í framtíðinni.“

Ráðningar fyrir allt atvinnulífið

Ráðgjafar Capacent ráðninga og Vinna.is hafa víðtæka þekkingu og reynslu af ráðningum. Fyrirtækin bjóða upp á persónuleika- og hæfnispróf auk matsmiðstöðvar við mat á umsækjendum.

Capacent rekur ráðningarstofurnar Capacent ráðningar og Vinna.is. Til samans þjónusta fyrirtækin allan vinnumarkaðinn. Capacent sérhæfir sig í ráðningum í allt frá sérhæfðum skrifstofustörfum til ráðninga stjórnenda, jafnt í einka- og opinbera geiranum, en Vinna.is sérhæfir sig í ráðningum sem ekki krefjast háskólamenntunar. Auður Bjarnadóttir, ráðningarstjóri hjá Capacent ráðningum og Agla Sigríður Björnsdóttir, ráðningarstjóri Vinna.is, segja þjónustu beggja fyrirtækja sýna vel þá breidd sem boðið er upp á. „Við sjáum um ráðningar frá framlínufólki til stjórnenda fyrirtækja og aðlögum þjónustuna að þörfum viðskiptavinarins,“ segir Auður.

Agla segir fyrirtæki í dag mun meðvitaðri en áður um kosti þess að leita með ráðningar starfsmanna til ráðningarstofa. „Þeir sem stýra starfsmannamálum fyrirtækja í dag eru vel menntaðir í mannauðsfræðum og vita um mikilvægi þess að láta fagmenn sjá um ráðningar auk þess sem töluverður tímasparnaður felst í því. Fyrirtækin eru líka almennt orðin upplýstari um hlutverk ráðningarstofa en áður og hversu fjölbreytta þjónustu þær bjóða upp á auk hefðbundinna ráðninga.“ Þær segja fyrirtækin einnig koma betur undirbúin en áður og með vel skilgreindar þarfir. „Störfín eru betur skilgreind en áður. Við hjálpum með starfsgreiningar og höfum ýmsar leiðir til þess að sjá hvernig einstaklinga



Auður Bjarnadóttir, ráðningarstjóri hjá Capacent ráðningum og Agla Sigríður Björnsdóttir, ráðningarstjóri Vinna.is.

MYND/ANTON

þarf í starfið með tilliti til menntunar og starfsreynslu.“

Nýjar valaðferðir

Mikil reynsla starfsmanna beggja fyrirtækja er helsti styrkleiki þeirra segja Auður og Agla, enda meirihluti starfsfólks fyrirtækjanna býið að starfa um árabíl við ráðningar. Fyrirtækið hefur verið í fararbroddi við innleiðingu nýrra valaðferða í ráðningum hérlandis. Má nefna að auk hefðbundinna matsaðferða, s.s. sérsniðinna viðtala og umsagna, þá leggur fyrirtækið raunhæf verkefni fyrir umsækjendur og hefur



notað persónuleikamat og hæfnispróf með góðum árangri. Með notkun persónuleikamats kemur fram hvort umsækjandinn hafi þá eiginleika sem nauðsynlegir eru til að ná árangri í starfinu, matið

hefur verið staðlað og viðmiðunarhópurinn eru íslenskir sérfræðingar og stjórnendur. Hæfnisprófin sem Capacent ráðningar beita kanna hæfni svarenda til að skilja flókinn texta eða lesa úr tölum og próf sem

mæla hversu mikla hæfni svarandi hefur til að greina og leysa vandamál. Matsmiðstöðvar eru einkum notaðar við val starfsmanna í stjórnunarstöður. Þá er matsferlið ítarlegra þar sem umsækjendur vinna verkefni sem endurspeglar meginþætti þess starfs sem um er að ræða. Persónuleika- og hæfnisprófin eru helst notuð hjá Capacent ráðningum en Vinna.is hefur einnig aðgang að þeim. „Vinna.is tók síðastliðinn vetur í notkun öryggis- og áhættumat sem er frábær viðbót við þau próf sem við erum með frá SHL,“ segir Agla. „Þau henta einkar vel fyrir framlínustörf og eru þau með íslenskan viðmiðunarhóp,“ bætir hún við.

Aukin breidd í eftirspurn

Auður og Agla segja eftirspurn eftir starfsfólki hafa aukist síðustu tvö árin og það sem er jákvæðast við breytinguna frá því sem var er að aukin breidd er komin í auglýst störf. Töluverð eftirspurn er eftir tæknimenntuðu fólki, t.d. forriturum, verkfræðingum, starfsmönnum með sterkan fjármála-grunn auk þess sem mikill skortur er á iðnmenntuðum einstaklingum. Þessir hópar hafa reyndar lengi vel verið eftirsóttir.

Auður og Agla hvetja fyrirtæki stór og smá til að kynna sér þjónustuframboð Capacent ráðninga og Vinna.is og skoða hvaða möguleikar eru í boði fyrir fyrirtæki og stofnanir og hvers konar viðbætur þjónustan getur verið fyrir starfsemi viðkomandi fyrirtækja.



Ari Eyberg, Helga Rún Runólfssdóttir, Torfi Markússon og Þórður S. Óskarsson hafa starfað í mörg ár við ráðgjöf og ráðningar.

MYND/GVA

Tólf ára reynsla af ráðningum, ráðgjöf og rannsóknum

Intellecta er þekkingarfyrirtæki á sviði ráðninga, ráðgjafar og rannsókna og býður upp á sérhæfðar lausnir tengdar mannauði fyrirtækja. Helga Rún Runólfssdóttir segir mannauð uppsprettu vaxtar og samkeppnisyfirburða og því mikilvægt að vanda til verka.

Intellecta er 12 ára gamalt sjálfstætt þekkingarfyrirtæki með áherslu á þróun og innleiðslu lausna sem skila árangri fyrir viðskiptavinum. Fyrirtækið starfar á þremur megin sviðum: Rannsóknum, ráðningum og rekstrarráðgjöf.

Fagmennska í vali á starfsmönnum

Ráðgjafar Intellecta á sviði ráðninga, Ari Eyberg, Helga Rún Runólfssdóttir, Torfi Markússon og Þórður S. Óskarsson, hafa starfað í mörg ár við ráðgjöf og ráðningar. Auk þess hafa Ari, Torfi og Þórður starfað sem starfsmannastjórar í ólíkum atvinnugreinum.

„Mikil reynsla er innan Intellecta sem nýtist viðskiptavinum í öllum málum sem snúa að ráðningum og öðrum þáttum er tengjast mannauði fyrirtækja. Hjá Intellecta er lögð mikil áhersla á faglegt hæfnismat á einstaklingum. Við erum valkostur þeirra sem kjósa að vanda til verka við ráðningar

og ráðningarferlið í heild. Það er aukin og vaxandi krafa um að fagmennska í valferli sé tryggð. Allt okkar starf miðast við að uppfylla ströngustu kröfur í þeim efnum,“ segir Ari.

Ráðningar stjórnenda og lykilstarfsmanna

„Áherslusvið okkar eru lykilstarfsmanna- og stjórnendaráðningar, háskólamenntaðir sérfræðingar og upplýsingatæknigeirinn í heild sinni. Einnig bjóðum við viðskiptavinum upp á að sjá um ráðningar í öll almenn skrifstofustörf,“ segir Þórður. Fyrirtækið annast einnig beina leit (headhunting) lykilstjórnenda. Markmið ráðgjafa Intellecta er að finna hæfileikaríka einstaklinga sem skara fram úr í starfi ásamt því að hafa persónuleika sem fellur að viðkomandi starfsumhverfi.

Intellecta notar eitt fullkomnasta ráðningarkerfi sem völ er á héraendis. „Kerfið veitir öllum þeim sem skráðir eru í gagna-

grunn okkar fullan aðgang að eigin gögnum, svipað og aðilar hafa í heimabankanum sínum. Allir skráðir einstaklingar geta breytt gögnum sínum sjálfir og bætt við þau ef þarf,“ segir Torfi.

Virðisaukandi ráðgjöf á mannauðssviði

Intellecta býður upp á heildstæða ráðgjöf á sviði mannauðsmála. Þar mætti helst nefna uppbyggingu starfsmannastefnu, innleiðingu og framkvæmd frammistöðumats, vinnustaðagreiningar, kjarakannanir, uppbyggingu árangurslaunakerfa, aðstoð við úrlausn ágreiningsmála og ráðgjöf við stjórnendur vegna uppsagna. Einnig er veitt uppbyggjandi ráðgjöf til starfsmanna sem sagt hefur verið upp.

Þórður S. Óskarsson, Ph.D. í vinnu- og skipulagssálfræði og framkvæmdastjóri Intellecta, leiðir ráðgjöf í mannauðsmálum. Ráðgjafar Intellecta eru meðal annars mennt-

aðir í félagsvísindum, fjármálum, stjórnun, sálfræði, viðskiptum og verkfræði og búa yfir umfangsmikilli reynslu í ráðgjöf og rekstri.

Gæði í ráðningum skiptir máli

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er það hagur viðkomandi fyrirtækis og einstaklings að vel takist til. Árangur fyrirtækja ræðst að miklu leyti af þekkingu og getu starfsmanna og því er mikilvægt að ráðningar séu faglega unnar. „Flestir eru sammála um að mannauður sé ein mikilvægasta auðlind fyrirtækja. Hann er uppsprettu vaxtar og samkeppnisyfirburða. Árangursríkar ráðningar byggjast á faglegum vinnubrögðum, skilningi á mannlegri hegðun og notkun viðurkenndra aðferða,“ segir Helga Rún.

Nánari upplýsingar um starfsemi og þjónustu Intellecta er að finna á heimasíðu fyrirtækisins www.intellecta.is.

△ Ráðgjöf

Stefnumótun / Stjórnskipulag
Breytingastjórnun / Stjórnendabjálfun
Mannauðsstjórnun / Árangurslaunakerfi
Verkefnastjórnun

α Ráðningar

Sérfræði- og stjórnendaráðningar
Stjórnendaleit / Hæfnispróf
Persónuleikapróf / Starfslýsingar
Samningagerð / Starfstengd verkefni

Σ Rannsóknir

Þjónustukannanir / Markaðskannanir
Vinnustaðagreiningar / Stjórnendamat
Ferlagreiningar / Kjarakannanir

intellecta

Vits er þörf
þeim er víða ratar

Auka virkni og hæfni starfsmanna og stjórnenda

Fyrirtækið Hugtak – mannauðsráðgjöf var stofnað árið 2010. Eigendur þess eru hjónin Jóhanna Ella vinnusálfræðingur og Guðlaugur Örn viðskiptafræðingur. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á viðtæka fyrirtækjaþjónustu á sviði starfsmannamála og að sýna fram á mælanlegan árangur.

Guðlaugur Örn segir að Hugtak sé í raun alhliða ráðningar- og ráðgjafarfyrirtæki. „Annars vegar er þetta hefðbundið ráðningarfyrirtæki en hins vegar veitum við viðtæka fyrirtækjaþjónustu á sviði starfsmannamála. Við bjóðum upp á nokkuð fjölbreytta þjónustu og sem dæmi má nefna ýmsar leiðir til að auka virkni og frammi-stöðu starfsmanna, efla stjórnendur og leiðtoga, veita þarfa-greiningu og hanna sérsniðin inngríp fyrir vinnustaði,“ greinir hann frá.

„Þar fyrir utan bjóðum við ýmiss konar liðsheildarvinnu, kannanir, þjálfun og fræðslu, stefnumótun og innleiðingu öryggismenningar á vinnustöðum og aukningu öryggishegðunar. Auk þess höfum við haldið fjölmörg námskeið og vinnusmiðjur fyrir fyrirtæki og stofnanir. Eftirspurn hefur verið að aukast mikið eftir þeim námskeiðum sem við bjóðum upp á,“ segir Guðlaugur enn fremur. „Ekki má gleyma að meðal ráðgjafa er sálfræðingur sem veitir persónulega ráðgjöf

innan fyrirtækja. Má þar nefna hvernig á að takast á við vinnustreitu eða einelti á vinnustað sem og önnur skyld vandamál.“

Aukin öryggishegðun

„Hér á landi taka flest öll fyrirtæki öryggi starfsmanna sinna föstum tökum,“ segir Jóhanna Ella og bætir við að sem betur fer uppfylli flestir vinnustaðir öryggisstaðla og hafi viðeigandi öryggisbúnað. „Hins vegar þarf vinnuumhverfið og vinnustaðurinn að vera þess eðlis að hann ýti undir að starfsmenn fylgi öryggisreglum og leiði til aukinnar öryggishegðunar. Rétt innleiðing öryggismenningar með ákveðnum áherslum, eins og skuldbindingu stjórnenda og þátttöku starfsmanna er nauðsynleg í slíkum tilfellum. Við höfum haldið námskeið varðandi öryggishegðun og tekið þátt í að innleiða kerfi í fyrirtækjum með því markmiði að auka öryggishegðun starfsmanna. Þessi þjónusta byggir á hegðunarsvinnu, lögmálum hegðunar, sem hefur sannað virkni sína í gegnum tíðina og mun virka áfram.“

Stór og smá verkefni

Hugtak býður fyrirtækjum að úthýsa stórum sem smáum verkefnum sem varða starfsmannamálin. „Við bjóðum meðal annars upp á þjónustuleiðina Starfsmannastjóri til leigu en þar býðst fyrirtækjum að úthýsa þeim verkefnum sem snúa að starfsmannámum og ekki gefst tími til að sinna eins vel og fyrirtækin vilja. Þetta geta verið jafnt stór sem smá verkefni. Við höfum til dæmis haldið utan um allar ráðningar fyrir viðskiptavinum á meðan aðrir kjósa að láta okkur sjá um starfsmannakannanir. Þá sjáum við einnig um viðskipta- og þjónustukannanir, stefnumótun og árangursmælingar, vinnusmiðjur og námskeið. Auk þess að bjóða upp á þjónustu sem kallast Ráðgjafi til leigu þar sem við bjóðum ráðgjafa í afmörkuð verkefni innan fyrirtækja og Fræðslustjóri til leigu sem er í raun það sem nafnið gefur til kynna,“ útskýrir Guðlaugur.

Hugtak er til húsa að Hlíðasmára 6 í Kópavogi, sími: 571-5000. Heimasíða: www.hugtak.is.



Guðlaugur Örn og Jóhanna Ella á skrifstofu Hugtaks í Kópavogi.

Kvennabaráttan hefur ekki skilað jafnrétti í launum

Þrátt fyrir áralanga baráttu kvenna til að útrýma kynbundnum launamun er enn langt í land með að konur nái sömu launum og karlar. Talið er að konur fari fram á 25-30% lægri laun en karlar þegar þær fara í launaviðtal eða sækja um vinnu.

Engin almenn skýring hefur fengist á því hvers vegna konur nefna lægri tölu en karlar þegar þær ráða sig í vinnu. VR gerir reglulega launakannanir og samkvæmt því sem segir á heimasíðu félagsins hækkuðu laun félagsmanna í VR um 4,5% á síðasta ári. „Launamunur kynjanna er óbreyttur á milli ára, konur eru með 15,3% lægri heildarlaun en karlar. Frá árinu 2001 hefur munurinn á heildarlaunum kynjanna minnkað úr 19,7% í 15,3% og kynbundinn launamunur hefur minnkað úr 13,8% árið 2001 í 10,6% í ár. Launamunurinn hefur því dregist saman um 22% – 23% á einum áratug, eftir því hvort litið sé til heildarlauna eða kynbundins launamunar,“ segir á vef VR.

Heildarlaun karla í fullu starfi eru tæplega 484 þúsund krónur á mánuði að meðaltali, samkvæmt launakönnun VR, en heildarlaun kvenna rúmlega 409 þúsund krónur að meðaltali.

Þeir sem starfa við starfsmannaráðgjöf segja það kúnst að verðleggja sig. Betra sé að nefna of háa tölu en of lága. Hægt er að undirbúa sig fyrir atvinnuviðtal og nauðsynlegt að vera með ákveðnar launahugmyndir áður en sótt er um starf. Konur eru gjarnari á að draga úr styrkleika



Konum hefur ekki enn tekist að minnka kynbundið launamismun þrátt fyrir áratuga baráttu. Launabilið hefur þó minnkað lítillega.

sínum í starfsviðtali fremur en karlar. Sjálfstraust er nauðsynlegt þegar sótt er um vinnu.

Konur eru því miður fáar í stjórnun fyrirtækja og stjórnunarstöðum. Félag kvenna í atvinnurekstri hefur barist fyrir því að auka veg þeirra hjá fyrirtækjum. Markmið félagsins er meðal annars að auka sýnileika og tækifæri kvenna í viðskiptalífni og stuðla að virðingu og verðskuldaðri athygli samfélagsins á framlagi fyrirtækja sem

rekin eru af konum. Þá leggja þær áherslu á að hvetja konur til frumkvöðlastarfa.

Á undanförunum árum hefur aukist að tekni sé upp ákveðin starfsmannastefna og starfsmat í stærri fyrirtækjum. Starfsmönnum er gefinn kostur á endurmenntun og viðhorfskannanir innan stofnana eru framkvæmdar reglulega. Starfsmenn eiga auk þess kost á að fara í sérstakt starfsmannaviðtal einu sinni á ári.

Árlegur mannauðsdagur

Félag mannauðsstjóra á Íslandi stendur fyrir árlegum mannauðsdegi í september. Fjöldi áhugaverðra fyrirlestra er í boði.

Flóra, félag mannauðsstjóra á Íslandi, var stofnað árið 2011 og telur um 100 starfsmanna- og mannauðsstjóra á Íslandi. Helsta hlutverk félagsins er að efla fagmennsku í þágu íslensks atvinnulífs. Flóra stendur fyrir árlegum mannauðsdegi sem fram fer í ár þann 19. september næstkomandi á Hótel Hilton Nordica. Elfa Hrönn Guðmundsdóttir, formaður Flóru og starfsmannastjóri Landsnets, segir marga áhugaverða og spennandi fyrirlestra vera í boði. „Mannauðsstjórar eru að takast á við ólík mál, bæði skemmtileg og krefjandi. Fyrirlestrarnir á mannauðsdeginum eru fjölbreyttir og spanna þau viðfangsefni sem mannauðsstjórar eru að fást við í dag.“ Yfirskrift dagsins er „Mannauðsmál í takt við tímann“ og eru mannauðsstjórar, sérfræðingar í mannauðsmálum og fræðimenn á sviði mannauðsmála á meðal fyrirlesara.

Aðalfyrirlesari dagsins er Bretinn Paul R. Sparrow sem mun fjalla um þær erfiðu áskoranir sem blasa við mannauðsstjórum í atvinnulífni í dag. Að auki verða fjölmargir fyrirlestrar í boði og nefnir Elfa Hrönn sem dæmi fyrirlestur um samfélagsmiðlana sem nefnist Samfélags-



Elfa Hrönn Guðmundsdóttir, formaður Flóru og starfsmannastjóri Landsnets.

MYND/ÚR EINKASAFNI

miðlabylltingin er mannauðsbyllting sem Stefán H. Hagalín og Ægir Már Þórisson frá Advania halda. „Einnig mun sálfræðingurinn Þórkatla Aðalsteinsdóttir frá Lífi og sál fjalla um samskipti á vinnustað undir heitinu Samskipti á vinnustað – streituvaldur eða uppspretta fagmennsku og gleði? og Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri Landsbankans, mun fjalla um hlutverk mannauðsdeilda við innleiðingu stefnu. Auk þess mun Hildur Arnars Ólafsdóttir frá Actavis flytja erindi sem ber yfirskriftina Fræðsla til eflingar mannauðs.“

Nánari upplýsingar má finna á www.mannauðsstjorar.is.

Atvinnumiðlun stúdenta

Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík bjóða nemendum upp á atvinnumiðlun og ráðgjöf varðandi atvinnuleit. Þjónustan er hugsuð fyrir nemendur, fyrrum nemendur og fyrirtæki í leit að starfsfólki.

Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands bjóða upp á atvinnumiðlanir. Þjónustan er hugsuð bæði fyrir nemendur skólanna og atvinnulífið og hefur hún það markmið að auðvelda námsmönnum leit að starfi og atvinnurekendum að finna góða starfskrafta. Fyrirtæki og stofnanir geta leitað til atvinnumiðlana háskólanna eftir starfsmönnum, hvort sem um er að ræða sumarstarf, hlutastarf eða fast starf eftir útskrift. Yfir 1.000 nemendur leituðu til atvinnumiðlana háskólanna á síðasta ári.

Háskólinn í Reykjavík

Andri Tómas Gunnarsson er umsjónarmaður og ráðgjafi atvinnuþjónustunnar í Háskólanum í Reykjavík. Hann segir nemendur sem standa sig vel í námi eftirsótt á vinnumarkaði, óháð úr hvaða deild þeir koma en undanfarið hafi eftirspurn eftir tölvunarfræðingum verið mikil. „Við reynum að hafa starfsúrvalið sem fjölbreyttast til að koma til móts við



Andri Tómas Gunnarsson, umsjónarmaður atvinnumiðlunar Háskólans í Reykjavík.

þarfir nemenda okkar.“ Þjónustan er nemendum og fyrirtækjum að kostnaðarlausu. Auk atvinnumiðlunarinnar er boðið upp á leiðsögn varðandi atvinnuleitina. „Við gefum ráð við gerð ferilskrár og kynningarbréfa, undirbúning fyrir atvinnuviðtal, leiðsögn í samningatækni í launaviðtali sem og öðrum þáttum umsóknarferlisins,“ segir Andri og bætir við að atvinnuþjónustan bjóði einnig upp á áhugasviðsgreiningu sem og styrkleikapróf byggt á fyrirmynd frá bandaríska háskólanum MIT.

Háskóli Íslands

Rebekka Sigurðardóttir er upplýsingafulltrúi Stúdentamiðlunar Félagsstofnunar stúdenta. Þar fer atvinnumiðlunin öll fram á vefnum og er því milliliðalaus. „Vinnuveitendur skrá störf sín sjálfir og hafa samband við þá sem eru á skrá og stúdentar hafa beint samband við þá sem auglýsa,“ útskýrir Rebekka. „Flestirw sem nýta sér þjónustuna eru að leita sér



Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi Stúdentamiðlunar Félagsstofnunar stúdenta.



Fjölbreytt atvinnuþjónusta Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands undirbýr nemendur fyrir atvinnulífið.

MYND/GETTY

að sumarstörfum og hlutastörfum. Þjónustan er í boði fyrir alla nemendur, og þá sem eru að útskrifast, óháð skóla.“ Frítt er fyrir stúdenta að nota vefinn en fyrir-

tæki greiða fyrir aðgang að gagnagrunninum. „Á vorin höfum við boðið ókeypis auglýsingar til að hvetja fyrirtæki til að ráða stúdenta til starfa.“ Rebekka bætir við

að Stúdentamiðlun bjóði ekki upp á aðra þjónustu á þessu sviði, en Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands aðstoði stúdenta við að undirbúa leit að framtíðarstörfum.

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áherlsa er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöðum.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is



HVAÐ MEÐ FERILSKRÁNA?

Pegar sótt er um vinnu skiptir miklu máli að vera með vandaða ferilskrá, sérstaklega ef starfið er eftirsótt.

Útlitið skiptir máli. Passið upp á línubil og leturgerð. Það er ekki töff að nota Comic Sans. Ef fylgiskjöl eru með ferilskránni, reynið að hafa þau í sama stíl og á sams konar pappír.

Tengið hæfni við starfið sem sótt er um. Ekki eyða plássi í að nefna garðyrkjustörf ef sótt er um verslunarstjórastöðu. Aðlagið ferilskrána að hverju starfi, hverju sinni.

Passið ykkur á stórum götum í tímalínunni. Ef þið voruð ekki á vinnumarkaði í ákveðinn tíma er ágætt að taka fram hvað þið voruð að gera á meðan, hvort sem það var umönnun ættingja eða heimsreisa. Atvinnurekendur eiga auðvelt með að fylla í götin með ímyndunaraflinu og telja ykkur mögulega hafa eitthvað að fela. Hafið ártöl aftast í upptalningunni, starfsheitið skiptir meira máli.

Að lokum er gott að hafa í huga að ráðningastjórinn er líklega ekki að lesa ferilskrár sér til skemmtunar. Reynið að hafa textann hnitmiðaðan og gripandi. Þið eruð ekki einu umsækjendurnir.



ATVINNUMIÐLUN ÁÐUR FYRR

Elstu heimildir um atvinnumiðlun eru frá árinu 1650. Bretinn Henry Robinson kom fram með tillögum að stofnun sem hefði það hlutverk að tengja saman vinnuveitendur og atvinnuleitendur. Breska þingið hafnaði tillögum hans en sjálfur reyndi hann í skamman tíma við slíkan rekstur. Fyrsta atvinnumiðlunin á vegum hins opinbera tók til starfa í London í Englandi árið 1893 og næstu árin um allt England. Í Bandaríkjunum tók sams konar þjónusta til starfa árið 1933. Fyrsta einkarekna atvinnumiðlunin í Bandaríkjunum var þó sett á fót mun fyrr eða árið 1893. Nokkrum árum síðar opnaði önnur einkarekin atvinnumiðlun í San Francisco í kjölfar jarðskjálftans mikla sem varð á þeim slóðum. Alþjóðavinnuálagstofnunin taldi lengi vel einkarekna atvinnumiðlanir vera á mörkum þess að vera löglegar. Hún hvatti í staðinn til þess að atvinnumiðlanir yrðu allar rekna af hinu opinbera.

FÖTIN SKIPTA MÁLI Í ATVINNULEIT

Það er ekki sama hvernig maður klæðist þegar sótt er um vinnu. Fatnaðurinn er hluti af sjálfum þér og er mikilvægur þáttur í atvinnuviðtali. Of frjálslægur klæðnaður getur orðið til þess að viðkomandi einstaklingur sé ekki tekinn nægilega alvarlega til að fá starfið. Svart eða fjólublátt naglalakk, hringur í nefi og augsynilegt húðflúr getur farið fyrir brjóstið á sumum stjórnendum. Mikið fleginn kvenbolur getur sömuleiðis truflað atvinnusamtalið.



Sum fyrirtæki hafa fatareglur. Gott er að spyrjast fyrir um slíkar reglur áður en farið er í viðtalið. Ef atvinnuleitandi veit að hverju hann gengur þegar haldið er í starfsviðtal verður samtalið öruggara og betra. Litur á fatnaðinum getur skipt máli. Mjúkir litir henta vel á fatnaði sé verið að sækja um vinnu við félagslega þjónustu á meðan dökkblár litur er bestur þegar sótt er um í banka eða tryggingafélagi.



Heildarlausnir á sviði ráðninga og mannauðsstjórnunar

HH Ráðgjöf er ráðningarfyrirtæki sem hóf starfsemi sína árið 2005. Fyrirtækið er í einkaeigu og eru fagmennska, persónuleg þjónusta og vönduð vinnubrögð einkunnarorð þess.

HH Ráðgjöf veitir viðskiptavinum sínum heildarlausnir á sviði ráðninga og mannauðsmála. „Með það að markmiði höfum við þróað ýmsar þjónustuleiðir til þess að uppfylla hinar mismunandi þarfir fyrirtækja er kemur að ráðningum og mannauðsmálum og hefur það mælst mjög vel fyrir hjá viðskiptavinum okkar,“ segir Hulda Helgadóttir, framkvæmdastjóri HH Ráðgjafar.

Hulda segir þetta, ásamt öðru, hafa leitt til þess að fyrirtæki haldi mikilli tryggð við HH Ráðgjöf. „Öll okkar þjónusta tekur mið af því að rækta langtímasamband milli okkar og viðskiptavinarins, því þannig lærum við að þekkja þarfir hans sífellt betur. Við höfum einnig átt því láni að fagna að atvinnuleitendur hafa leitað mikið til okkar enda er ýmiss konar þjón-



Hulda Helgadóttir, framkvæmdastjóri HH Ráðgjafar.

MYND/ANTON

usta í boði og má þar nefna aðstoð við gerð ferilskrár sem getur haft mikla þýðingu í atvinnuleitinni. Í dag erum við með hátt í fimmtán þúsund einstaklinga á skrá og erum

við þá að tala um bæði einstaklinga án atvinnu og þá sem eru að hugsa sér til hreyfings.“

„Mikil áhersla er lögð á að starfsmenn fyrirtækisins fái alla

þá þjálfun sem er í boði. Einungis eru ráðnir til starfa einstaklingar með mikla þekkingu og reynslu á því sviði sem þeir starfa við hjá HH Ráðgjöf. Enn fremur hefur það verið okkur mikið kappsmál að nýta tæknina til fulls og var af þeim sökum sérskrifaður hugbúnaður fenginn fyrir ráðningarþjónustuna. Hugbúnaðurinn hefur verulega þýðingu varðandi gæði þjónustunnar og gerir okkur kleift að finna á mun markvissari hátt en ella rétta einstaklinginn fyrir rétta starfið. Einnig hefur mælst ákaflega vel fyrir hjá viðskiptavinum okkar sú stefna að vinna hratt og örugglega og þannig hraða ráðningarferli eins og unnt er,“ segir Hulda.

Viðskiptavinir HH Ráðgjafar eru fyrirtæki og stofnanir af öllum stærðum og gerðum og fjölbreytni starfaframboðsins endurspeglar það.

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

Varahlutir

Bilapartasalan

Bílhutir

Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhutir.is

Síðastu okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega til á niðurrif.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98, carisma'98. S. 896 8568.

Varahlutavaktin
Sími 555 6666

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renault, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opíó 09-18 og lau. 12-16.

Viðgerðir

AB Bremsur og viðgerðir
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

AB - PÚST

Almennar pústviðgerðir og sérsmiði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S. 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

ÓDYR ÞRIF
fyrir heimili og fyrirtæki. Mikil reynsla og góð þjónusta. S. 898 3799

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Hreingerningarpjónusta -Gerum verðtilboð-
Öll almenn þrif, veggjahreinsun, flutningsþrif, gólfbónun, teppa og steinteppeahreinsun. S. 842 6522

Garðyrkja

Ahliða
garðþjónusta

Garðþjónusta
Islands ehf

Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

Láttu
fagmenn
vinna verkið.

Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og
öll önnur Jarðvegsvinna.
Vönduð vinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössí 696 6676
www.hellulagnir.is

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað

- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Beðahreinsun
- Stubbatacting
- Garðsláttur

Traust þjónusta í 20 ár
S. 554 1989 • Garðlist.is

Sælugarðar.is

- Garðsláttur
- Skjólveggjasmíði
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmíði

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmiðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

KJS Verktakar
Alhliða málingarþjónusta, fagleg vinnubrögð og snyrtileg umgegni. Uppl. s. 896 6078.

Regnbogalítir
Málningarþjónusta
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

PVC - U
PLAST GLUGGAR
& HURDIR
ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA

Ekkert viðhald

Kjarnagluggar
Selhelli 13 Hafnarfjörð
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

FRÉTTIR VÍDSKIPTI ÍPÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísir.

Meiri Vísir.

VÍSIR

<p>PEUGEOT 5008 PREMIUM DÍSIL Nýskráður 2/2012, ekinn 7 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð kr. 4.450.000</p>	<p>PEUGEOT 407 SR 2.0i Nýskráður 12/2005, ekinn 126 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 1.290.000</p>	<p>NISSAN MICRA VISA 1.2i Nýskráður 6/2012, ekinn 2 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 2.550.000</p>
<p>SKODA SUPERB AMBITION 1.9 DÍSIL Nýskráður 10/2005, ekinn 145 þ.km, dísel, sjálfskiptur. kr. 1.820.000</p>	<p>HONDA JAZZ LS 1.4 Nýskráður 5/2006, ekinn 77 þ.km, bensín, sjálfskiptur. kr. 1.290.000</p>	<p>FORD EXPLORER XLT 4X4 Nýskráður 2/2006, ekinn 115 þ.km, bensín, sjálfskiptur. kr. 2.650.000</p>
<p>TOYOTA TACOMA DOUBLECAB 4X2 Nýskráður 5/2005, ekinn 80 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 2.650.000</p>	<p>SUZUKI LIANA 1.6 Nýskráður 11/2004, ekinn 89 þ.km, bensín, 5 girar. Verð kr. 920.000</p>	<p>PEUGEOT 207 1.4HDI Nýskráður 8/2011, ekinn 9 þ.km, dísel, 5 girar. Verð kr. 2.890.000</p>

Nú erum við á þremur stöðum:

Bernhard notaðir bílar
Eirhöfða 11, Reykjavík, sími 551 7171

Bernhard notaðir bílar, Reykjanesbæ
Njarðarbraut 15, Reykjanesbæ, sími 421 7800

Bernhard notaðir bílar, Akranesi
Innesvegi 3, Akranesi, sími 431 1985

Komdu, reynsluaktu og gerðu góð kaup á góðum notuðum bílum.

1962-2012
50 ára

VR
FYRIRTÆKI
ARSINS
2012

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílaáskjalnum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Húsviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrvíðgerðir og flíslagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Stíflubjónusta

Stíflulagna þjónusta
Stíflulosun - myndun lagna - endurnýjum frárennsli og drenlagnir - setning rotþróa - malbiksögun - smágröfur vinna og leiga - vörubíll.
Stíflu- og Lagnaþjónsutan
S. 697 3933

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSID
Spámiðill Tarot lestar og kristalkúla
Vísu 566 7311
Tímápanantir í síma 869-4650

Spásíminn 908 5666
Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nylögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Lögilltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Þjónusta

Röggi ehf. Þjónusta við lóðnaðinn
Vegna mikilla sölu
vantar okkur allar gerðir að notuðum vélum á skrá. Trésmiðavélar, jarnsmiðavélar og loftpressur.
Upplýsingar í síma 586 8000 - 893 5226

Til sölu

ERTU ÖRUGGUR?
SÝNDU FYRIRHYGGJU EKKI VERÐA FYRIR STÖRTJÖNI
Gardsman
Hugna ehf býður sumarmúsa eigendum aflátt á GSM öryggisvefur frá GARDSMAN fram til mánaðarmóta. Komið og skoðið möguleika og verð. Engin áskrift, þitt eigið kerfi.
www.hugna.is
Dalveg 16b Sími: 554-2727

Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Lögilltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Tölvur

Öll tölvubjónusta og viðgerðir. Mjög sanngjamt verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

Önnur þjónusta

Blekhyllki.is

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu



Plastgeymslu útihús. 4.5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503.



Gróðurhús rýmingarsala
6 fm með hertu gleri 190þ. 9 fm með hertu gleri 290þ. KLIF ehf, S:552 3300.

Í alla bíla



ÖRYGGI VELFERÐ

Vefverslun - oryggi.is
Sími 570 2400 - Askaland 1



Lay-Z-Spa uppblásnu heitu pottarnir eru komnir aftur Premium series línan var að koma og fæst á 125 þús. 900 lítra pottar með hitara og dælu. Auðveld uppsetning Og þægilegir í notkun. VDO Borgartún 36 S: 5889747 www.vdo.is

ÓDÝR HEIMILISTÆKI
Þvottavélar, ísskáp, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

Ódýr heimilistæki
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

Helluborð og blástursofn, stjórnsúsjónauki og kristalsglós sirk. 26 stk. S. 773 5622

TURBO CHEF -PIZZAOFN
hraðvirkur blástursofn fyrir pizzugerð og allt hliðstætt, sem nýr. Uppl. gefur Örn í s. 696 7669.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldþyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Kaup gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiðitil fagmanns og fáitð góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Lítsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Ódýrir dúkar
Línóleum dúkar 500-1000kr/fm Harðviðarval, Krókháls 4 sími 567 1010.

Verslun

Flottar Jazz og ballet-vörur í miklu úrvali
Fimleikabolir • Tátillur Jazz og ZUMBA skór Dansfatnaður omfl.
ÁSTUND
Háaleitisbraut 68 • S. 568 4240
astund.dance

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífslísmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólíf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

NUDD OG HEILSA
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opit frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímápanantir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantannir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Til sölu dökkbrúnn, nýr Lazy boy 3 sæta sófi. Tilboð. Uppl.í s. 551 9596 og 820 5695

Dýrahald

Tveir svartir kettlingar gefins S. 554 4891.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse
www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.
Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulístsins. Kiktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.
30 fm íbúð í Vesturbæ, til leigu frá 1. sept. S. 615 3184.

Sumarbústaðir

Sumarhúsalóðir til sölu
í landi Kílshrauns á Skeiðum 18 km, fyrir austan Selfoss. 55 mín. akstur frá Reykjavík. Fallega mosavaxið hraun eða tún, góðar til gróðursetningar, vegur, vatn, símastrengur og 3ja fasa rafmagn komið að lóðarmörkum.
Til afhendingar strax.
Uppl. í síma 824 3040 Hlynur.

Sumarhúsalóðir í Kjösinni
Til sölu sumarhúsalóðir í landi Möðruvalla 1 (Norðurnes) í Kjösinni. Nánari upplýsingar á nordurnes.info og sínum 5616521 og 8921938.

Atvinnuhúsnæði

Til sölu 380 fm atvinnuhúsnæði í Bolungarvík.
Húsið er með þurrkklefum fyrir fisk. Allt klætt að innan með stáli. Upplagt í fiskvinnslu eða hvað sem er. Einnig 40f frystigámur til sölu á sama stað, nýfirfarinn. Ath. húsið stendur alveg niður við höfn.
Upplýsingar í s. 892 7523

51,6 m2 iðnaðarbil
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Uppl. í S: 660 1060 og 661 6800 Facebook:/Steinhella 14

Stórt herbergi í miðbæ
Til leigu tvö pláss á stórri og góðri skrifstofu við Austurvöll. Leiga 40 þús. pr. pláss, en samtals 70 þús ef þau leigjast saman (Internet innifalið). Uppl: austurvollur.reykjavik@gmail.com

Til leigu.
Við sund, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. skrifstofuherbergi. Við Tunguháls 326 fm með 2 innkeyrsludryum. leiguvall. sími 894 1022 og 553 9820

Geymsluhúsnæði

Upphituð ferðavagnageymsla í Borgarf.
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 899 7012, solbakk.311@gmail.com

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphituð og öryggisvöktun. S: 564-6500.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótörhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

Hagabakarí - Hagamel
Óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu. Uppl. í s. 897 8101 eða 868 6102.

BYLGJAN 25 ÁRA
989
Heimir & Kolla vakna með þér í bítíð
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00
Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

Castello
PIZZERIA

Óskar eftir þjónustulíprum starfsmönnum í fullt starf og hlutastarf. Aðeins 18 ára og eldri. Sækja um á castello@simnet.is eða í s. 692 3051.

PARTY BÚÐIÐ

Partýbúðina
óskar eftir að ráða í tvo starfsmenn til afgreiðslustarfa. Hvort starf er 80% stöðugildi, 6 fridagar af hverjum 14 almannaksdögum, unnið til 18:30 virka daga og aðra hverja hegi, 17:30 á lau, 16:30 á sun. Laun skv. VR með allt að 20% frammistöðubónus. Þú þarft að vera glaðlynd/ur, brosmild/ur, jákvæð/ur og reyklaus
Vinsamlega sendið umsókn fyrir n.k. helgi á gudrun@partybudin.is

aktu taktu

Aktu Taktu Mjódd
óskar eftir hressu og duglegu fólki til starfa. Ef þú ert dugleg/ur, eldri en 18 ára, snyrtileg/ur, mætir alltaf á réttum tíma og vantar vinnu þá gætum við verið með rétta starfið handa þér. Um er að ræða starf í afgreiðslu í hlutastarfi. Tilvalin vinna fyrir skólafólk. Góð íslenskukunnátta skilyrði
Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is

20 ÁTA
Hlöllabátar
1992-2012 REYKJAVÍK

Hlöllabátar
Óskað er eftir starfsfólki í fullt starf Einungis duglegt áráðanlegt og samviskusamt fólk kemur til greina. Aldurstakmark 20 ár.
Umsóknir sendist á lilja@hlollabatar.

Stálsmiðja í Hfj óskar eftir starfskrafti. Aðeins íslenskumælandi koma til greina. Æskilegur aldur 23+. Uppl. sendist á skh@internet.is

Góð íslenskukunnátta!
Góð aukavinna eða aðalvinna á kvöldin.
Getum enn bætt við okkur traustum starfsmanni í símasölu frá kl. 17.00-22.00 - 2-5 kvöld vikunnar. frá ca. 35+ ára þjálfun á staðnum. Upplýsingar í síma 869 0291 milli kl. 14.00 og 16.00 Kristín.

Hópbílar óska eftir að ráða bifreiðastjóra í framtíðarstörf.
Um er að ræða áætlunarakstur. Borgarnes - Reykjavík - Akureyri - Reykjavík - Akranes. Upplýsingar gefur Pálmar Sigurðsson í síma 822 0098. Einnig er hægt að sækja um á **www.hopbilar.is** undir liðnum starfsmenn.
Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Snælandvideo óskar eftir starfsfólki í fullt starf, um er að ræða vaktavinnu. Vinsamlega leggið inn umsókn á snarlandvideo.is eða hafðið samband við Pétur í síma 693-3777.

Dúklagningamenn ath. Mann sem er vanur dúklagningum óskast út á land til að leggja og sníða dúk á tröppur, forstofu og stigapall í einbýlishúsi. Húsnæði á staðnum. Frekari upplýsingar í tölvupósti radrag@me.com 5.775-9670.

Atvinna óskast
Leitast eftir vinnu, hef reynt af skrifstofu störfum, góð tölukunnátta, góð tungumálakunnátta, á höfuðb. svæðinu. svar sendist til fréttablaðsins undir „umsókn“

Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.

Ávintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

VÍSI

Þjónustuauglýsingar **Sími 512 5407**

PALLAR.IS
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
altrex **KVARNIR**
Akralind 8
www.kvarnir.is Sími: 564 6070

KÆLAR
Kæliklefar - Frystiklefar
Stakir - Fullbúnir
ÍSHÚSIÐ www.ishusid.is 566 6000

Sturlaugur Jónsson & Co **TÚRBÍNUR**
Útvegum túrbínur frá IHI, Garrett, KKK, Schwitzer, Holset og Mitsubishi í flestar gerðir farartækja. Hagstætt verð.
www.sturlaugur.is - Sími 412 3000 - Selhelli 13 Hafnarfirði

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípuþjónir · Rafþjónir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir · Hellulagnir · Jarðvinna Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu. Uppl. í síma: 820 8888

STERK LOK á alla heita potta.
Eitt verð á öllum stærðum Framleiðum lokin eftir málum.
Sterkasta áklæðið á markaðnum sem þolir vel raka-klór og veðráttu.
(Myndir á facebook) **Tjalda og Seglaþjónustan**
Kristinn 899-7663 - 461-5077 Tjalda@simnet.is

ALLT Í KAMBSTÁLÍÐ
• Klippið & beygt kambstál 6 - 32 mm
• Tengijárnabakkar & Samsetningahólkur
• Fjarlægðaplast og Bindivir
• Vélar & Tæki til vinnslu Kambstáls
Bindir & Stál ehf. • www.bindir.is
Hvaleyrarbraut 39 • 220 Hfj • S.564 6050 • bindir@simnet.is

VERK ehf.
Rafvirkjar - Smíðir
Flísalagnir - Múrarár
Málarar - Píparar
Allar almennar húsviðgerðir! **698 6738**
www.lp-verk.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-
verktakavinna
BROTAFI
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafi ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafi@simnet.is

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTUNI 4 • SÍMI 562 6066

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AÐDUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

• Hjólbardæviðgerðir
• Smurþjónusta
• Bremsur
• Demparar
• Rafgeymar
• o.fl.
Gylfafiöt 3 Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Líkamsrækt!
Til sölu tæki og búnaður úr líkamsræktarstöð til flutnings á frábæru verði. Allt til alls.
Upplýsingar í síma 861 5718

Parketslípun
sölpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is **99% RYKFRITT**
Gólf list

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímamantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http://www.facebook.com/bilathjonustabjarka

Alla fimmtudaga og laugardaga
gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

Fasteignir

Tækifæri í ferðapjónustu

Til sölu góður rekstur á landsbyggðinni. Reksturinn er 337,9fm. eigin húsnæði. Miklir stækkunarmöguleikar. Hentar einstaklega vel hjónum sem vilja skapa sér sinn eigin rekstur.

Frekar uppl. veitir Agnar í s: 820-1002. Verð kr. 37.0 millj.

HRAUNHAMAR

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Prastarás 17 - Einbýli - Hf.

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 18-19.



Glæsilegt 320 fm. Fullbúið einbýli með tvöföldum bílskúr og auka íbúð. Húsið er glæsilegt í alla staði. Mjög vel innréttað. Á neðri hæð er stór tvöfaldur bílskúr og lítil auka íbúð ef vill. Efri hæð: Glæsileg stofa, eldhús og þrjú góð svefnherbergi auk vinnuherbergi. Glæsileg verönd í bakgarði. Útsýni. Eign í sérflökki. Verð 79,5 millj.

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

ÆSUFELLI 6 ÍBÚÐ 6C
AUFVELD KAUP

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL 18 OG 18.30

Mjög góð íbúð 92,2 fm 3ja herbergja íbúð á 6.hæð

Petta er snyrtileg og góð íbúð sem getur verið laus við kaup-samning

Möguleiki á að yfirtaka lán frá íbúðarlánasjóði,

Eignin fæst mögulega á yfirtöku lána auk sölukostnaðar.



Hafðu samband
KRISTBERG SNJÓLFSSON Sölufulltrúi
Sími: 892 1931 - kristberg@landmark.is



MAGNÚS EINARSSON
Löggiltur fasteignasali
Sími: 512 4900

LANDMARK

FASTEIGNASALA

MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

Á FALLEGUM ÚTSÝNISSTAÐ Í ÚTHLIÐ
- SUMARBÚSTAÐUR TIL SÖLU!

Húsið er 51 fm að grunnfleti og ca. 20 fm svefnloft að auki. Stór verönd með skjólveggum og heitum potti. Geymsluskúr. Gróin lóð með leiktækjum. Stutt í alla þjónustu og náttúruperlur.

Laus strax, innbú og húsgögn fylgja.

LÆKKAD VERÐ - FRÁBÆR KAUP

Hægt að skoða sunnudag 26. ágúst.

Heimilisfang: Guðjónsgata 8, Úthlíð.

Verð: 13.900.000

Allar upplýsingar veitir:

Sveinn Eyland, löggiltur fasteignasali, í síma 690 0820

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Tilkynningar



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Skipulags- og byggingardeild

Auglýsing

Um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt skipulagslögum nr.123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi svæðis á Stokkseyri sem afmarkast af Eyrarbraut til suðurs að Nýkastala til austurs og Kaðlastaðaflötum til vesturs.

Í gildandi aðalskipulagi fyrir svæðið er það skilgreint að hluta til sem athafnasvæði og sem blandað svæði íbúðabyggingar, þjónustu, verslunar og athafnasvæðis. Innan svæðisins eru einnig þjónustustofnanir/kennsluhúsnæði.

Lóðirnar Eyrarbraut 49 og 49a eru sameinaðar undir heitinu Eyrarbraut 49. Lóðin verður stækkuð og gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á lóðinni. Lóð áhaldahúss og íþróttahúss stækkar um því sem nemur áður aðliggjandi óráðstafaðs svæðis. Lóðirnar Eyrarbraut 21 og 23 verða sameinaðar í eina lóð undir heitinu Eyrarbraut 23.

Teikningar ásamt greinargerð, vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með 30. ágúst til og með 14. október 2012.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 14. október 2012 og skal þeim skilað skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinargerð til kynningar á heimasíðu Árborgar <http://www.arborg.is> þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.

Selfossi 23. ágúst 2012.

Bárður Guðmundsson
Skipulags og byggingarfulltrúi
Árborgar



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Skipulags- og byggingardeild

Auglýsing

Um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt skipulagslögum nr.123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands við Árveg Selfossi. Um er að ræða eftirtaldir breytingar: Eldri hluti sjúkrahúsbyggingar er stækkaður um 2000m², þakhæð er hækkuð og í enda hverrar álmu er komið fyrir viðbyggingu, sem nær yfir allar hæðir hússins.

Breytingar verða austanvert á lóð, innakstur frá Árvegi að vörumóttöku er breikkaður. Bílastæðum austanvert á lóð er fjölgað. Þyrlupallur er færður til, verður austanvert á lóð. Feld er úr gildi staðsetning þyrlupalls vestanvert á lóð.

Að öðru leiti gildir á reitnum deiliskipulag fyrir heildarskipulag svæðisins, samþykkt 9.4.2003 með síðari breytingum.

Teikning ásamt greinargerð, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með 30. ágúst til og með 14. október 2012.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 14. október 2012 og skal þeim skilað skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinargerð til kynningar á heimasíðu Árborgar <http://www.arborg.is> þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.

Selfossi 23. ágúst 2012.

Bárður Guðmundsson
Skipulags og byggingarfulltrúi
Árborgar.


STÆRSTI
HÚSNÆÐISVEFUR
LANDSINS

vísir



FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt
úrval íbúða til sölu
eða leigu!





VIÐHALDS DAGAR



20%
afsláttur
af allri
innimálningu
frá Jotun

Límfréttir

Grönt
poly bárujám
1.930
kr./m

Pakull
20%
AFSLÁTTUR

Pakrennur
20%
AFSLÁTTUR

STEINULL HF

Electrolux

5 ÁRA
ÁBYRGD
30 DAGA
SKILARETTUR

VERÐ ÁÐUR 129.900
NÚ **99.900 kr.**

Ofn og helluborð
Stál Innovation.
1850510

Electrolux

87.900 kr.

5 ÁRA
ÁBYRGD
30 DAGA
SKILARETTUR

Upphovtavél
ESF 65050X
12 manna
81.8/87.8x59.6x57.5cm,
Hljóðstyrkur 47dB(A)
1805340



HAGKVÆMAR GLUGGALAUSNIR

Bjóðum hagkvæmar gluggalausnir,
áratuga reynslu og þekkingu.
Komdu og fáðu ráðgjöf og
tilboð strax í dag.

idealcombi
Udvikler vinduet



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LÁRÉTT

2. snöggur, 6. skammstöfun, 8. ái, 9. er, 11. 950, 12. skjögra, 14. veira, 16. bókstafur, 17. þrá, 18. á sjó, 20. ung, 21. skipta.

LÓÐRÉTT

1. sæti, 3. átt, 4. syndafyrirgefning, 5. pili, 7. kvalastaður, 10. mánuður, 13. æxlunarkorn, 15. greinilegur, 16. erfiði, 19. stöðug hreyfing.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. snar, 6. eh, 8. afli, 9. sem, 11. lm, 12. slaga, 14. vírus, 16. pí, 17. ósk, 18. út, 20. ný, 21. liða.
LÓÐRÉTT: 1. sess, 3. na, 4. aflausn, 5. rím, 7. helvíti, 10. maí, 13. gró, 15. skýr, 16. púl, 19. ið.



“ÉG ER SÁTT OG ÁNÆGÐ MEÐ LÍFIÐ”

Linda Pétursdóttir eftir að hafa tekið lífsstílinn í gegn.

Lífið

— FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM

Örsögur um Ísland á þjóðvegi 95

BAKÞANKAR Sifjar Sigmarsdóttur

Dagur eitt: Ég hafði aðeins staðið nokkrar sekúndur í anddyri þreytulegs öldurhúss í smábæ í Maine á austurströnd Bandaríkjanna þegar miðaldra kona hentist inn úr myrkrinu, greip í handlegginn á mér og dró mig inn. Loftið var rakt og mettað svitablandinni bjórlykt. „Sestu,“ hrópaði hún yfir viskí-rispaða rödd feitlagins kántrísöngvara sem jólaði klúrar sveitavísur. Ég var í leit að ódýrum kvöldverði á ökuferðalagi mínu um Bandaríkin. Ég velti þó fyrir mér hvort þessi væri ekki of ódýr. En staðfesta konunnar var áhyggjum af matareitrun yfirsterkari. „Hvaðan ertu?“ spurði hún og skaut undir mig stól. Ég sagðist vera frá Íslandi og átti ekkert sérstaklega von á að hún hefði heyrt staðarins getið. „F*** me!“ hrópaði hún upp yfir sig. „I am Icelandic.“ Andlitsfarðinn lak niður kinnarnar á henni um borð í svitaperlum og bjórfroða þakti efri vör hennar. Ég trúði henni ekki fyrr en hún sagði orðið „Vopnafjörður“. Móðir hennar var einn af Vesturförum.



DAGUR TVÖ: „Geggjað!“ sagði starfsmaður í safni sem var eitt sinn æskuheimili skáldsins Henrys Wadsworth Longfellow í Portland þegar ég sagðist koma frá Íslandi. „Þekkirðu hljómsveit sem var rosa heit fyrir svona 20 árum...“ „Sykurmolana,“ skaut ég vélrænt inn í. „Nei, Risaeðluna.“ Ég komst aldrei að því hvernig

steingerðir tónarnir höfðu náð eyrum safnvarðarins því holdugur Suðurríkjamaður tók af honum orðið. „Er ekki ódýrt að hita hús á Íslandi því þið eigið svo mikið af heitu vatni?“ Karlinn tónglaðist á heita vatninu allan skoðunartúrinn um heimkynni skáldsins. Hann reyndist sjálfur eiga fjögur hús í fjórum fylkjum Bandaríkjanna sem honum þótti svo assgoti blóðugt að hita.

DAGUR ÞRIJÚ: „Bölvaðir Íslendingar,“ sagði strætóbílstjórinn sem ók túristarútu milli frægustu vitanna í Maine. „Bankarnir ykkar settu næstum humarútgerðina okkar í Portland á hliðina.“ Ég lét mig sökkva ofan í sætið mitt.


DAGUR FJÖGUR: Ég stakk mér inn í bóka-búð í von um hvíld frá Íslandi. Ég var jú í útlöndum. Ég festi kaup á ritgerðasafni eftir lókal blaðakonu um mat frá Maine og fékk mér sæti á kaffihúsi. En pásan frá heimahögunum varði ekki lengi. Árið 1969 réði höfundurinn sig til vinnu á sauðabúi á Íslandi því henni þótti lambakjöt svo gott. Það voru henni mikil vonbrigði þegar í ljós kom að í íslensku sveitinni var borðaður fiskur með soðnum kartöflum í öll mál. Heill kafli í bókinni um Maine var tileinkaður íslensku lambakjöti og rabarbarásúpu.

DAGUR FIMM: Ég leigði íbúð til að dvelja í í New York gegnum Internetið. Í ísskápnum beið mín dós af Egils maltöli.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tilboðin gilda **29.** ágúst - **2.** september

nettó

Kræsingar & kostakjör



FROSID

**LAMBALÆRI
VERÐBOMBA!**

998 KR/KG

-9 TONN Í BOÐI-



www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



PETTA VIL ÉG SJÁ Sýning á myndskreytingum úr nýútökomnum íslenskum barnabókum opnar í Sláturhúsinu á Egilsstöðum í dag. Frumritin eru til sýnis eins og um málverkasýningu sé að ræða en einnig eru bækurnar sem myndirnar birtast í til sýnis.



LITLA KOMPANÍÐ Hluti hópsins sem stendur að sýningunni við Laxdalshús sem var heimili Vilhelminu um tíma.

Saga skörungs sýnd

Borgarinn, leikrit Sögu Jónsdóttur leikkonu, verður frumsýnt í kvöld í Samkomuhúsinu á Akureyri. Það fjallar um kvenskörunginn Vilhelminu Lever sem setti svip sinn á Akureyri á 19. öld, barðist gegn karlaveldinu og rak veitingasölu, verslun og gistiþjónustu fyrir

ferðamenn. Kaus meira að segja til bæjarstjórnar löngu áður en konur fengu kosningarétt. Leikhópur sem kallar sig Litla kompaníð stendur að sýningunni undir stjórn höfundarins Sögu. Aðeins fáar sýningar eru fyrirhugaðar, því húsið er upptekið vegna annarra verkefna. - gun

Bækur ★★★★★

Steinblóð

Johan Theorin. Anna Ragnhildur Ingólfssdóttir þýddi.

Undirheimar

Álfar og klámtröll

Bækur hins sænska Johans Theorin, Hvarfið og Náttbál, komu eins og ferskur svali af hafi inn í norræna glæpasagnaflóru. Söguviðið er Óland og glæpurnir eru óvenjulegir, engin súperlöggá í aðalhlutverki, ellilífeyrisþegar leika stórt hlutverk við lausn gátanna og áherslan er allt eins mikil á að lýsa sögu, sögnum og mannlífi eyjunnar eins og að leita að lausn sakamála. Steinblóð sver sig í sömu ætt og má eiginlega segja að hinn eiginlegi glæpur sé hálfgerð aukaatriði. Aðalpersónurnar tvær, Per Mörner og Vendela Larsson, leita hvor um sig að lausn frá þrúgun æskuáranna og sátu við óbilgjarna feður sem hvor um sig tengist ólíkum glæpum. Þjóðsögur um álfa, dverga og aðrar vættir eyjunnar koma sterkt fram og á köflum liður lesanda eins og söguviðið hljóti eiginlega að vera Ísland en ekki hið sænska Óland.

Theorin er frábær sögumaður og sögunar tvær fléttast eðlilega saman án þess þó að á þeim sé sjáanlegur neinn snertiflótur lengi framan af. Persónuleg vandamál Pers og Vendelu virðast heldur ekki lík að neinu leyti, en eiga þó sameiginlega hina óuppgerðu reiði í garð feðranna og bagga frá óvenjulegri æsku. Inn í söguna blandast ellilífeyrisþegin Gerlof Davidsson sem við þekkjum úr fyrri bókum Theorins, en hér er hann í algjöru auka-hlutverki, næstum eins og Hitchcock í eigin myndum, og skemmir frekar hrynjandina í frásögninni en að bæta einhverju við hana.

Í miðju glæpsins sem sagan öðrum þræði fjallar um er klámiðnaðurinn sænski og þau áhrif sem störf í kringum hann hafa á nánustu fjölskyldu klámbarónanna, áhugaverð nálgun sem sýnir hversu ólíkur Theorin er öðrum glæpasagnahöfundum. Hvarflar jafnvel að manni að glæpurnir í sögum hans séu einhvers konar sölutrick svo hægt sé að setja bækurnar í krimmaflokkinn sem dæmin sanna að tryggir betri sölu en á „venjulegum“ skáldsögum. Slíkt er þó algjör óþarfi því Theorin er höfundur sem kann að vekja og halda athygli lesanda frá upphafi til enda án þess að til komi nokkur hasar eða senseijsjónalismi.

Fríðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Mögnuð skáldsaga með glæpaívari sem sannar enn sérstöðu Theorins á norrænum glæpasagnamarkaði.

Les aldrei glæpasögur

Danski rithöfundurinn Jussi Adler-Olsen hefur slegið í gegn með bókum sínum um Deild Q í dönsku lögreglunni sem fæst við óupplýst sakamál. Hann er staddur hér á landi til að kynna verk sín og hitta íslenska lesendur.

„Ég tók þá ákvörðun þegar ég var 45 ára gamall að helga mig skrifum. Þá var ég í mjög krefjandi starfi og hugsaði með mér að ég vildi ekki brenna út auk þess sem ég átti þá ungan son sem ég vildi sinna. Ég vissi að ég gæti skrifað en ekki að það væri svona krefjandi að vera rithöfundur,“ segir Jussi Adler-Olsen rithöfundur sem þekktur er fyrir bækur sínar um Deild Q í dönsku lögreglunni, deild sem fæst við óupplýst sakamál.

Adler-Olsen hefur skrifað fjórar bækur um deildina og kom sú þriðja í röðinni, Flöskuskeyti frá P, nýverið út í íslenskri þýðingu. Sögunar segja frá glímu starfsmanna deildarinnar, Carls Mørck, Assads og Rósu, við gömul mál og glæpamenn að störfum en um leið fær lesandi innsýn inn í þeirra líf og kima dansks samfélags. Þær falla því vel að hinni norrænu glæpasagnahefð sem á rætur sínar að rekja til sænsku hjónanna Sjöwahl og Wahlö. „Þau eru sporgöngumenn norrænna spennusagna og við sem skrifum slíkar sögur byggjum á þeirra hefð, það er klárt. Ég vissi hins vegar að þegar ég lagði grunn að bókaflökkum um Deild Q þá væri mikilvægt að nota húmor í sögunum, um leið og maður fer að prédika þá hættir fólk að nenna að lesa.“

Það var vinur Adler-Olsen, leikstjórinn og framleiðandinn Rumle Hammerick, sem fyrst hvatti hann til þess að skrifa glæpasögur sem gerðust í Danmörku.

Spennu- frekar en glæpasögur

„Ég hafði ekki áhuga á að skrifa hefðbundna glæpaseríu sem fjallaði um lögreglumenn að störfum. Mér fannst það of heftandi. Þess vegna bjó ég til Deild Q, deild sem fæst við óupplýst sakamál og fær því öðruvísi viðfangs-efni og vinnur með öðrum hætti en lögreglan gerir. Bækurnar eru kannski frekar spennusögur en glæpasögur, söguhetjurnar keppast við að koma í veg fyrir



JUSSI ADLER-OLSEN í nokkurra daga Íslandsheimsókn ætlar höfundurinn meðal annars að ræða höfundarverk sitt í Norræna húsinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KVIKMYNDIRNAR STRESSA

Í október hefjast tölur á fyrstu myndinni um Deild Q þar sem danski stórleikarinn Nikolaj Lie Kaas fer með hlutverk Carls Mørck. „Þetta er viðkvæmt mál fyrir mig þó það ætti ekki að vera það. Ég hef unnið við kvikmyndir og veit að þær eru eitt og bækurnar annað en núna þegar bækurnar eru orðnar svona vinsælar þá er ég dauðstessaður yfir því hvaða tölum sögunar og söguhetjurnar verða teknar í kvikmyndunum,“ segir Adler-Olsen. Samið hefur verið um réttinn til að kvikmynda fyrstu fjórar bækurnar í flokknum við danska stórfyrirtækið Zentropa. „Sjáum til hvort þeir fá réttinn að hinum,“ bætir hann brosandi við.



glæpi sem rígheldur lesendum allt til söguloka.“ Hver saga stendur vitanlega sjálfstætt en eftir því sem flokknum vindur fram munu lesendur fá að vita meira um aðalpersónurnar. „Ég legg mikla vinnu í plottið sem er undirliggjandi og segir sögu þeirra þriggja. Þau eru öll flóknir persónuleikar eins og kemur æ betur í ljós eftir því sem bókunum fjölgar en líkast til verða þær tíu. Nema lesendur fái nóg af Deild Q, þá fer ég kannski bara að skrifa erótískar skáldsögur,“ segir hann og hlær.

Aður hafði Adler-Olsen sent frá sér þrjár bækur sem gerast á alþjóðlegum vettvangi en það var fyrst með bókunum um Deild Q sem hann sló í gegn svo eftir var tekið. Hann hefur verið þaulsætinn á metsölulista á Norðurlöndum, í Þýskalandi og nýverið komst hann fyrstur Dana um áratugaskeið inn á metsölulista New York Times. Velgengninni hafa fylgt mikil ferðalög en að Íslandsheimsókn lokinni ætlar Adler-Olsen að setjast við skriftir og halda áfram með fimmtu bókina um Deild Q: „Ég er langt á eftir áætlan með hana satt best að segja. En maður verður að sinna lesendum og mörkuðum sem eru mikilvægir eins og til dæmis Þýskalandi og Bandaríkjunum. Og ég er satt best að segja mjög ánægður með að vera kominn til Íslands loksins. Þið lesið svo mikið sem hefur alltaf heillað mig.“

Ræktaði alla hæfileikana
Þetta er fyrsta heimsókn Adler-Olsen síðan hann gerðist rit-

höfundur en hann átti afar fjölbreyttan feril að baki þegar hann settist við skriftir.

Hann átti um tíma verslun sem seldi teiknimyndasögur, hann samdi tónlist fyrir teiknimyndina Valhalla, starfaði fyrir dönsku friðarhreyfinguna og var útgefandi hjá Bonnier-útgáfunni svo fáein dæmi séu tekin. „Faðir minn, sem var einn best menntaði maður á Norðurlöndum, sagði við mig þegar ég var ungur: Jussi, þú ert svo hæfileikaríkur á mörgum sviðum og þú átt að rækta þá alla. Og svo býrð þú yfir stærsta hæfileikanum af öllum, þú ert heppinn.“

Adler-Olsen segir skrautlegan feril og þá staðreynd að hann ólst upp á geðveikrahæli, þar sem faðir hans var yfirlæknir, hafa hjálpað honum við persónusköpun og skáldsagnasmíð. „Ég sækji innblástur í fjölmiðla og fréttir, les á milli línanna í sögum dagsins og fylgist með því sem er að gerast.“

Adler-Olsen kemur fram á höfundakvöldi í Norræna húsinu í kvöld klukkan átta en þar ræðir Árni Matthíasson við hann um verk hans.

sigridur@frettabladid.is

The Academy of Colour and Style
ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI
VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og förðun. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant). Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjú mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

1. önn

Fatastíll
Fatasamsetning
Textíll

2. önn

Litgreining
Förðun út frá litgreiningu
Litasamsetning

Starfsmöguleikar:

Innkaupstjóri
Útlitsráðgjafi
Stílisti
Verslunarstjóri

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101

www.utlit.is



The Academy of Colour and Style og Kvikmyndaskóli Íslands hafa hafið samstarf sín á milli, sem felst í því að nemendur í innanhússtílanámi og útlits- og förðunarnámi koma að verkefnum nemenda í Kvikmyndaskólanum. Nemendur í útlits- og förðunarnáminu vinna að búningagerð og förðun fyrir verkefni í skólanum en nemendur í innanhússtílanáminu aðstoða við þróun á leikmynd og útfærslu hennar.

Svala, stílisti

Í starfi minni í kvenfataverslun nýttist námið mér mjög vel því ég get sagt viðskiptavinum hvaða snið hentar og hvaða lit. Einnig er ég að hanna og sauma fát, eftir útskrift hefur námið hjálpað mér mikið í saumaskapnum. Aukalega hef ég haldið förðunarnámskeiði, snyrtikynningar og fleira tengt stílistun, þetta er nám sem ég mæli eindregið með.





HÖFUNDARKVÖLD MEÐ JUSSI ADLER-OLSEN

í Norræna húsinu fimmtudaginn 30. ágúst kl. 20.00

ÁRNI MATTHÍASSON blaðamaður
ræðir við Jussi um verk hans




Spurningar úr sal

Jussi áritar bækur sínar sem verða
til sölu á staðnum

Danska sendiráðið býður upp á hressingu

ALLIR VELKOMNIR!

Mögnuð saga,
hlaut Glerlykilinn 2010
sem besta norræna
glæpasagan



**NÝ
KILJA**



Kærkomið tækifæri fyrir tónlistarmenn

Síðsumartónleikar í Þjóðmenningarhúsinu er yfirskrift tónleikaraðar sem hafin er í Þjóðmenningarhúsinu og stendur til 4. september næstkomandi auk tónleika 23. september.

Á tónleikunum koma fram evrópskir listamenn sem eiga það sameiginlegt að vera skipuleggjendur tónleika og forsvarsmenn tónlistarhátíða í sínum heimalöndum. „Tónleikaröðin er kærkomið tækifæri fyrir íslenska tónlistarmenn að hitta kollega sína erlenda sem hafa skipulagt tónlistarhátíðir og mynda tengsl og sambönd sem geta verið ómetanleg fyrir ferilinn,“ segir Sigurður Bragason, söngvari og einn listrænna stjórnenda tónleikaraðarinnar. „Ég hef sjálfur komið fram á fjölda listahátíða og fór að velta fyrir mér hvernig ég gæti nýtt þau sambönd sem ég er kominn með, þannig kom þessi tónleikaröð til.“

Tónlistarmennirnir eru allir í fremstu röð að sögn Sigurðar. Á tónleikum kvöldsins, sem hefjast klukkan átta, stíga á svið Norðmennirnir Michael Süßmann fiðluleikari og Signe Bakke píanóleikari. Þá taka einleikstónleikar á píanó við: Peter Bortfeldt frá Þýskalandi leikur næsta sunnudag klukkan átta, Sebastian Brusco frá Ítalíu kemur fram þriðjudaginn 4. september á sama tíma og loks heldur íslensk-bandaríski píanóleikarinn Kristín Jónína Taylor tónleika sunnudaginn 23. september klukkan átta.

Auk Sigurðar eru listrænir stjórnendur tónleikanna Guðrún Birgisdóttir og Guðni Bragason.

MIKAEL SÜSSMANN Fiðluleikarinn norskur kemur fram á tónleikum í Þjóðmenningarhúsinu í kvöld.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 30. ágúst 2012

→ Sýningar

21.00 Óperuverkið Ráðskonuríki verður frumsýnt á Café Rosenberg. Verkið er sett upp af Alþjóðóperunni með uppfærsluformi sem aldrei áður hefur verið reynt á Íslandi. Miðaverð er kr. 2.500.

→ Fræðslufundir



14.00 Áttundi opni fræðslufundurinn í tilefni af 30 ára afmæli stoðtækjafyrirtækisins Stoðar hf. verður haldinn í hjálpartækjasal Stoðar að Trönuhrauni 8 í Hafnarfirði. Fundurinn ber yfirskriftina Magnaðir hjólastólar og þar fjallar Borgþór Sveinsson tækniáður um mismunandi gerðir rafmagnshjólastóla og hvað þarf að hafa í huga við val á þeim.

→ Uppákomur

21.00 Mánaðarlegt Bingó fer fram á Glaubar. 100.000 krónur eru í aðalverðlaun. Hvert spjald á 500 krónur. DJ Atli spilar að bingóinu loknu.

→ Kynningar

17.00 Haldin verður lífandi kynning á öllum þeim fjölmörgu fræðslumöguleikum sem í boði eru fyrir skóla hjá Listasafni Reykjavíkur. Kynningin verður haldin á Kjarvalsstöðum og er aðgangur ókeypis. Kennarar eru sérstaklega hvattir til að mæta.

→ Dans

20.00 Salsalceland býður í frían prufutíma í salsa á Thorvaldsen bar. SIST meðlimir bjóða einnig í prufutíma í Taxi dönsnum fyrir byrjendur. Að prufutímum loknum verður dansgólfið laust og salsatónlist spiluð. Allir velkomnir og tilboð á barnum.

→ Tónlist



12.15 Ítalska sópransöngkonan Antonia María Emanuela Palazza og píanóleikarinn Paolo Scibilla hefja nýja hádegistónleikaröð í Salnum, Kópavogi. Þau flytja sönglög frá Suður-Ítalíu á tónleikaröðinni sem ber yfirskriftina Líttu inn í hádeginu.

16.30 Hljóm sveitin Árstíðir leikur fyrir gesti á tónleikum í Piknik-tónleikaröð Norræna hússins. Frítt er á tónleikana sem haldnir eru í gróðurhúsi Norræna hússins.

21.00 Sóley og danska sveitin My Bubba and Mi spilar á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.

21.30 Andrés Thor spilar með norrænum kvartett á KEX Hostel. Tónleikarnir eru hluti af Jazzhátíð Reykjavíkur.

22.00 Sisý Ey og Dj Margeir verða í kjallaranum á Ellefunni. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

22.00 Bítla-drengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Di-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



KILROY OPNUNARHÁTÍÐ

Á ÍSLANDI

AFSLÆTTIR OG FRÁBÆR TILBOÐ

1. SEPTEMBER

KL. 13:00-16:00

FYRSTU 10 FÁ VINNING!

Fyrstu 10 sem koma við á skrifstofunni okkar á Skólavörðustíg 3A fá gefins m.a. heimsreisu, flug og skemmtilegar ævintýraferðir. Það eina sem þú þarft að gera er að mæta snemma og vona að hepnin verði með þér.

Í tilefni þess að við séum búin að opna á Íslandi þá ætlum við að bjóða viðskiptavinum upp á frábær tilboð og flotta afslætti.

Á sama tíma höldum við KILROY Live, en í ár er áherslan á nám erlendis.

Ævintýri

Fjallgöngur

FERÐASKRIFSTOFAN KILROY

KILROY er ferðaskrifstofa fyrir ungt fólk, námsmenn og aðra ævintýragjarna.

Okkar markmið er að láta drauma þína rætast, hvort sem það er að ferðast um heiminn eða stunda nám erlendis.

f Þú finnur okkur á Facebook /KILROYiceland

KILROY Iceland | Skólavörðustígur 3A, 101 Reykjavík | S. 517 7010 | ferdir@kilroy.is | www.kilroy.is

Börnin í teiknimynd

Börn popparans sáluga Michaels Jackson ætla að ljá persónum í asískri teiknimyndaseríu raddir sínar. Prince, Paris og Blanket, sem eru á aldrinum tíu til fimmtán ára, munu þar með feta í fótspor föður síns í skemmtanabransanum.

Teiknimyndirnar, sem hafa notið mikilla vinsælda í asísku sjónvarpi, verða sýndar í Bandaríkjunum í framhaldinu.

Prince og Paris hafa áhuga á að leggja leiklistina fyrir sig. Þau leika í fjölskyldumyndinni *London's Bridge* and the *Three Keys* á næsta ári, sem verður frumraun þeirra á hvíta tjaldu.



PARIS JACKSON Dóttir Michaels Jackson hefur áhuga á skemmtanabransanum.


Páll Óskar stjórnar zumba-partíi

„Við eigum von á mörg hundruð manns í þetta parti en við erum með það mikla aðsókn á námskeiðin okkar að slíkar væntingar eru vel raunhæfar,“ segir Jóhann Örn Ólafsson, zumbakennari hjá Dans og Jóga.

Dans og Jóga standa fyrir risa zumba-veislu í Vodafonehöllinni þann 8. september. Enginn annar en Páll Óskar mætir á svæðið og syngur fyrir trylltum dansi og er öllum velkomið að mæta. „Þótt þú hafir aldrei farið í zumba-tíma á ævinni, eða bara danstíma yfir höfuð, þá er þér velkomið að mæta,“ segir Jóhann Örn og bætir við að fólk geti tekið börnin

með sér en allir 10 ára og eldri ættu vel að geta dansað með. Partíði mun standa yfir í tvo og hálfan tíma og lofar Jóhann brjál-uðu fjöri allan tímann. „Við erum að búa til zumba-dans í takt við lögin hans Palla og ég er viss um að það verði skemmtileg og flott upplifun að dansa við lifandi tónlist,“ segir hann.

Hægt er að kaupa miða á skemmtunina á heimasíðunni midi.is og kostar hann 2.500 krónur. „Það er nóg pláss inni í höllinni svo ég hvet alla til að kíkja við,“ segir Jóhann að lokum.



ZUMBA-PARTÍ Páll Óskar mætir í Vodafonehöllina þann 18. september og syngur og spilar á zumba-hátíðinni.



FRÍÐUR FLOKKUR Eliza Newman er meðal þeirra sem koma fram á Iceland Airwaves í ár.

Airwaves listinn tilbúinn

Búið er að tilkynna alla þá listamenn er koma fram á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni í ár. Skipuleggjendur hátíðarinnar kynntu síðustu 78 listamennina er stíga á svið í október.

Meðal þeirra listamanna sem kynntir voru í gær eru Apparat Organ Quartet, Eliza Newman, EmmSjé Gauti, Strigaskór Nr. 42, danska sveitin The Foreign Resort, Ultra Mega Technobandið Stefán, Woodpidgeon frá Kanada og Æla.

Iceland Airwaves fer fram í Reykjavík dagana 31. október til 4. nóvember. Uppselt varð á hátíðina um miðjan ágúst, ellefu vikum fyrir upphaf hennar. - sm



DJAMMARI Harry virðist hafa tekið vel á því í Las Vegas.

Prinsalæti

Hann Harry Bretaprins kann svo sannarlega að valda usla. Ekki nóg með að nektarmyndir af honum hafi lekið í fjölmiðla og eru nú helsta áhugamál netverja um heim allan, heldur gerðist ýmislegt fleira á hótélherberginu í Las Vegas þar sem hann var í fríi. Orðrómur er nú í gangi um að myndband sé til af prinsinum þar sem hann dansar um nakinn ásamt því að neyta kókaíns. Einnig hafa vitni gefið til kynna í erlendum fjölmiðlum að einhverjar kynlífsathafnir kunni að hafa átt sér stað. Víst þykir að myndirnar séu í það minnsta bara toppurinn af ísjakanum og að greyið Harry eigi ekki gott í vændum. Það er víst ekki alltaf tekið út með sældinni að vera konungborinn.



Í TILFNI AF 5 ÁRA AFMÆLI SKÓLANS VERÐUR KAMERON BINK ÚR

So You Think You Can Dance? AÐALKENNARI SKÓLANS – GLÆSILEG SÝNING Í HÖRPUÐNI! ÞÖKKUM DANSGLEÐINA Á LIÐNUM ÁRUM! KRAFTMIKLIR DANSTÍMAR Í HAUST BYRJA 10. SEPT!



DANSGLEÐI með:

REYKJAVÍK (PRÓTTUR)

GARÐABÆR (SJÁLANDSSKÓLA)



skemmtilegri

KÓPAVOGUR (HK, DIGRANESI)

HAFNARFJÖRÐUR (FH, KAPLAKRIKA)



JAZZFUNK – STREET – HIP HOP – BREAK – NÚTÍMADANS – BARNADANSAR & BALLETT - ZUMBA
ALDUR: 4-6 ára, 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 ára & 20 ára eldri (Dömur sem elska Dansa!)
12 VIKNA ANNIR – ÁRSKORT – MARG BORGAR SIG!



Danslið þáttanna kemur sérstaklega á vegum:



TRYGGDU ÞÉR PLÁSS MEÐ ÞVÍ AÐ SKRÁ ÞIG STRAX Á dancecenter.is!

Nánari upplýsingar fást á dancecenter.is og á facebookgrúbbu DanceCenter RVK. Einnig er hægt að senda tölvupóst á dancecenter@dancecenter.is eða hringja í síma **777 3658** hjá DanceCenter Reykjavík.

www.dancecenter.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



498
KR. 500 ML

BÓNUS
LÝSISPERLUR
300 STK



498
KR. 300 STK.



KJARNAFÆÐI KOFAREYKTUR
ÚRBEINADUR
LAMBAFRAMPARTUR

1798 KR.KG.



GÆÐA ORKUKUBBUR
600 GR. BRAUÐ

259
KR. 600 GR



BÓNUS HANGIÁLEGG
8 SN. Í PAKKA CA. 120 GR / CA. 359 KR. PAKKINN

2998 KR.KG



BÓNUS KJARNABRAUÐ
198 KR. 500 GR



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
REYKT FOLALDAKJÖT
MEÐ BEINI

798 KR.KG.

NICKY



898 KR

TÓLF NICKY
SALERNISRÚLLUR



359 KR.

DRJÁR NICKY
ELDHÚSRÚLLUR



195
KR. 2 LTR.



NÝ BAKAÐ
BAGUETTE

129
KR. STK



2798
KR. KG

FROSIN LÚÐA
FRÁ NOREGI



95
KR. 500 ML



95
KR. 500 ML



BÓNUS HREINN EPLA OG
APPELSÍNUSAFI I LTR.

129 KR



BÓNUS HREINN EPLA OG
APPELSÍNUSAFI
DRJÁR 250 ML FERNUR I PAKKA

159 KR

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur



BONUS SILKISKORIN SKINKA 120 GR

298
KR. 120 GR

EKKERT
VIDBÆTT VATN

**KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR FERSKUR HEILL
KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI**



698
KR. KG



179
KR. KG



**NÝJAR ÍSLENSKAR
KARTÖFLUR Í LAUSU**



Í SNEIÐUM

1298 KR.KG



OSTSTYKKI

998 KR.KG



1798
KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



ENGINN
VIDBÆTTUR
SYKUR

**BONUS HREINN EPLA OG
APPELSÍNUSAFI I LTR.**

129 KR



FROSIN LAMBASVIÐ

229 KR.KG



1398
KR. PK

MIDI 4-9 KG/56 STK. - MAXI 9-18 KG./50 STK. - JUNIOR 15-25 KG./44 STK.

EUROSHOPPER BLEIUR



1295
KR. KG

**NAUTAVEISLU FERSKT
NAUTGRIPAHAKK 100% KJÖT**



**4 DS. HEINZ BAKAÐAR
BAUNIR 398 KR.**



198 KR. I LTR



798
KR. 620 G

FROSID NAUTAHAKK 620 GR



**BONUS BACON
1598 KR.KG**



**DYKKVABÆJAR 700 GR
TILBOÐS FRANSKAR
KARTÖFLUR**

259 KR.

SUMARLÍÐI, HIPPIINN OG ALLIR HINIR með Bjartmari Guðlaugssyni er plata vikunnar ★★★★★

„Langþráð safn bestu laga Bjartmars Guðlaugssonar.“

- TÍ



TÓNINN GEFINN Trausti Júlíusson

DJ Shadow sýnir gamla takta

DJ Shadow er listamansnafn Kaliforníubúans Josh Davis sem er þekktastur fyrir plötuna Entroducing sem kom út árið 1996 og er eitt af höfuðverkum instrúmental hip-hop tónlistarbylgjunnar sem oftast er kölluð trip-hop. Hún var áberandi á síðari hluta tíunda áratugarins hjá útgáfum eins og Ninja Tune og MoWax. Entroducing er algjört meistaraverk, marglaga samsuða af tóktum og tónum, sem stundum birtist þegar spekulantar velja bestu plötur sögunnar – eins og skrattinn úr sauðalleggnum innan um allar Bítla- og Radiohead-plötur...



GÓÐ GRÆJA Það er mynd af Akai MPC-tækinu framán á nýju DJ Shadow-plötunni.

DJ Shadow er búinn að gera fjórar plötur síðan Entroducing kom út, en þær standa henni allan langt að baki. Fyrir fjórum árum byrjaði Josh hins vegar að gefa út tónlist sem hann gerði á árunum 1990 – 1992. Alls komu þrjár plötur frá þessu tímabili sem DJ Shadow kallar The 4-Track Era, enda vann hann tónlistina á fjögurra rása kassettutæki (Yamaha MT-100). Skemmtilegar plötur. Fyrir nokkrum vikum kom svo út platan Total Breakdown: Hidden Transmissions From The MPC Era, en hún hefur að geyma áður óútgefna tónlist frá næsta skeiði, 1992 – 1996. Þá tónlist vann Josh á Akai MPC-tæki, en það var MIDI-upptökutæki og trommuheili sem kom upphaflega á markað árið 1988, en þróaðist með árunum yfir í öflugan sampler. A meðal efnis á Total Breakdown er EP-plata sem DJ Shadow gerði með rapparanum Gift of Gab úr Blackalicious, en sú plata kom aldrei út á sínum tíma. Eins og 4-Track Era plötturnar er nýja platan stórskemmtileg. Tónlistin er einfaldari og frumstæðari heldur en hún varð á seinni stigum, en samt mjög flott.

ÁHRIF FRÁ KLÚBBATÓNLIST

Önnur plata ensku poppsveitarinnar The xx kemur út 10. september. Eftirvæntingarnar eru miklar enda hlaut frumburðurinn mjög góðar undirtektir.

Þrjú ár eru liðin síðan enska poppsveitin The xx sló í gegn með lágstemmdum en gripandi frumburði sínum. Hann lenti ofarlega á mörgum árslistum það árið, þar á meðal í níunda sæti hjá Rolling Stone og öðru hér á Fréttablaðinu. Árið eftir hlaut The xx hin virtu Mercury-tónlistarverðlaun í Bretlandi fyrir plötuna.

Eftirvæntingin eftir nýju efni frá The xx er því mikil og verður forvitnilegt að fylgjast með hvernig viðbrögðin við Coexist verða.

Til að fylgja eftir síðustu plötu ferðaðist The xx til Bandaríkjanna, Japans, Ástralíu og um Evrópu og spilaði við góðar undirtektir. Meðlimirnir, þau Romy Madley Croft, Oliver Sim og Jamie Smith, sáu varla heimili sín allt árið 2010. Þegar þau sneru aftur endurnýjuðu þau kynni við fjölskyldur og vini sína og reyndu að ná áttum.

Smith var mest áberandi meðlimur The xx á síðasta ári. Hann spilaði víða sem plötusnúður og þróaði sig áfram sem upptökstjóri. Hann endurhljóðblandaði lag Adele, Rolling in the Deep, og endurhljóðblandaði plötu banda-



THE XX Frá vinstri: Jamie Smith, Romy Madley Croft og Oliver Sim. NORDICPHOTOS/GETTY

ríska tónlistarmannsins Gil Scott Heron, I'm New Here, og kallaði hana We're New Here. Einnig gaf hann út sína fyrstu sólmáskífú, Far Nearer, og var upptökstjóri í lagi rapparans Drake, Take Care.

Að þessari vinnutörn lokinni hófust upptökur á nýju plötunni, Coexist. Hún er að sögn Smith undir áhrifum frá klúbbasunni sem hljómsveitin missti af á sínum tíma, auk þess sem áhrif frá nýbylgjutónlist, Bristol-hljómnum í kringum 1995 og r&b eru enn fyrir hendi.

„Hugmyndin sem ég var með í kollinum þegar við byrjuðum að semja plötuna var ekki rétt því ég var búinn að semja tónlist fyrir Drake, sjálfan mig og annað fólk, og hafði gleymt hvernig var að vinna með hinum tveimur í hljómsveitinni. Það er allt öðruvísi vegna þess að við erum svo nán,“ sagði Smith um Coexist. „Að vinna saman sem fullorðnir einstaklingar var mjög krefjandi. Það hafði mest áhrif á gerð plötunnar. Við þurfum að finna jafnvægi.“
freyr@frettabladid.is

Í SPILARANUM



The xx - Coexist



Deerhoof - Breakup Song



Yagya - The Inescapable Decay of My Heart

Gjöfult samband

Tónlist ★★★★★

Room

Eivör Pálsdóttir

Tutl

Strax og ég sá Eivöru Pálsdóttur syngja á tónleikum í fyrsta sinn varð mér ljóst að þarna væri engin meðalmanneskja á ferð. Eivör er mögnuð söngkona og býr yfir náttúrulegum tónlistarhæfileikum sem aðeins þeim bestu eru gefnir.

Hún hefur fengið við alls konar tónlist: Hún rokkaði með Clickhaze, söng sveitatónlist með Kanadamanninum Bill Bourne, bauð upp á fagmannlega unnið þjóðlagapopp með Íranum Dónal Lunny og gerði eina plötu með Stórsveit danska ríkisútvarpsins, svo við nefnum nokkur dæmi.

Sönghæfileikar Eivavar koma alltaf í gegn, en tónlistin sem hún hefur gefið út með öllum þessum ólíku samstarfsmönnum er mjög



misáhugaverð. Manni hefur stundum fundist að hæfileikar hennar fengju ekki alveg að njóta sín.

Eivör vann nýju plötuna, Room, með eiginmanni sínum Tróndi Bogasyni. Þau semja flest lögin og textana, saman eða hvort í sínu lagi. Tróndur sá um útsetningar og saman stjórnuðu þau upp-

tökunum. Og það er mikið gleði-efni að samstarf þeirra hjóna skuli virka svona vel. Room er mjög vel gerð og sannfærandi plata og á meðal þess allra besta sem Eivör hefur gert.

Það eru mörg umfjöllunarefni á Room. Fyrirferðarmest er ástin, æskuárin og fráfall ástvinar (faðir Eivavar féll skyndilega frá á síðasta ári). Textarnir eru allir á ensku, en það kemur ekki að sök. Tónlistin á Room er góð blanda af faguðu poppi og þjóðlagatónlist. Hún minnir af og til á Björk eða Kate Bush, en samt er tónlistin mjög persónuleg og fyrst og fremst Eivavar.

Útsetningarnar eru fagmannlegar og flottar. Píanóið er stundum áberandi og rödd Eivavar fær alltaf að njóta sín. Á heildina litið er Room frábær plata. Ein af bestu plötum Eivavar Pálsdóttur.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Eivör og eiginmaðurinn Tróndur með frábæra plötu

Sjúkraþjálfunin SPORÞÚSINU

Við bjóðum Karólínu Ólafsdóttur sjúkraþjálfara velkomna aftur til starfa.

Fyrir starfa á stofunni eftirfarandi sjúkraþjálfarar: Hólmfríður Þorsteinsdóttir, Hildur Kristín Sveinsdóttir, María Jónsdóttir, Sigrún Konrádsdóttir og Sólveig Práinsdóttir.

Aðstaða:

- Rúmgóð og vel útbúin stofa
- Gott aðgengi fyrir fatlaða
- Aðgangur að fullbúnum tækjasal
- Opnir hóptímar og hópþjálfun
- Fjöldi gönguleiða

Þjónusta sem er í boði:

- Almenn sjúkraþjálfun
- Bakleikfimi
- Stoðkerfisnámskeið
- Útivistarnámskeið
- Bakskóli
- Fræðslufyrirlestrar
- Hreyfigreining fyrir hópa og einstaklinga
- Heilsufarsmælingar

Sjúkraþjálfunin Sporthúsinu Dalsmára 9-11
Tímarpantanir í síma 564 4067

FRÉTTIR VIDSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFID SJÓNVARP

BESTU BROTTIN ÚR ÞÁTTUM FM 957

vísir - oft á dag

LAGALISTINN Vikuna 23. - 29. ágúst 2012

TÓNLISTINN Vikuna 23. - 29. ágúst 2012

Sæti	Flytjandi	Lag
▶ 1	Lykke Li	Follow Rivers
▲ 2	Fun	Some Nights
▲ 3	Ásgeir Trausti	Leyndarmál
▲ 4	Train	50 Ways To Say Goodbye
▶ 5	Jónas Sigurðsson	Þynigerðið
▼ 6	Jón Jónsson	All, You, I
▼ 7	Moses Hightower	Sjáum hvað setur
▲ 8	Pórunn Antonía	So High
▲ 9	Florence & The Machine	Spectrum
▲ 10	Owl City / Carly Rae Jesper	Good Time

Sæti	Flytjandi	Plata
▶ 1	Of Monsters And Men	My Head Is An Animal
▶ 2	Sigur Rós	Valtari
▶ 3	Moses Hightower	Önnur Mósebók
★ 4	Eivör	Room
▼ 5	Helgi Bj. & reiðm. vindanna	Heim í heiðardalinn
▲ 6	Ýmsir	Ég sé Akureyri
▼ 7	Mannakorn	Í blómabrekkunni
▼ 8	Ýmsir	Hljómskálinn
▼ 9	Mugison	5 CD Pakki
▼ 10	Björk	Gling gló

Skýringar:

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframléiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.



Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xíð 977, Rás 2, Kaninni, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

OASIS



Kjóladagar
20%
af öllum kjólum
frá fimmtudegi
til sunnudags




Verð:
14.990.-



Peplum snið
Verð:
10.990.-



Verð:
13.990.-



2 OSTSNEIÐAR Á DAG minnka líkurnar á sykursýki 2 um 12% samkvæmt nýjum rannsóknum breskra og hollenskra vísindamanna við rannsóknarstöð lækninga í Cambridge.



SKILNAÐUR Ekki skal rífast fyrir framan börn þegar gengið er í gegnum skilnað, að sögn Rosalind Sedacca, höfundar How Do I Tell the Kids About the Divorce?

NORDICPHOTOS/GETTY

Vel heppnaður hjónaskilnaður

SAMBÖND Rosalind Sedacca, höfundur bókarinnar How Do I Tell the Kids About the Divorce?, segir mikilvægt að hafa fimm atriði í huga þegar hjón með börn skilja. Fyrsta atriðið sem Sedacca nefnir er að hvorugt foreldrið skuli tala illa um hitt foreldrið í návist barnanna eða kenna því um skilnaðinn. Þetta skaðar sjálfsmynd barnsins og einnig framtíðarsamband foreldranna. Sedacca segir einnig mikilvægt að láta börnin ekki um ákvarðanatökur, þau eigi

mjög erfitt með að gera upp á milli foreldra sinna og eigi því ekki að vera sett í þá aðstöðu. Þriðja atriðið sem Sedacca segir mikilvægt er að gera börnunum ljóst að skilnaðurinn sé ekki þeim að kenna og að minna þau á það oft og reglulega. Annað sem hafa ber í huga er að gera börnin ekki að trúnaðarmanni, þau séu of ung til að takast á við vandamál fullorðinna. Og loks segir Sedacca að aldrei eigi að rífast fyrir framan börnin.

MÖMMUMATUR, SULTUR OG SPARNADARRÁÐ

Eygló Guðjónsdóttir á svo sannarlega ráð undir rífi hverju en hún er forstöðumaður Leiðbeiningastöðvar heimilanna og aðstoðar fólk með ýmis vandamál í gegnum síma eða Internetið.

HÚSRÁÐ „Það er mikið um karla sem hringja inn og biðja um ráð til að elda mat eins og mamma gerir hann,“ segir Eygló hlægjandi. Leiðbeiningastöð heimilanna var sett á fót í október 1963 og fagnar því 50 ára afmæli á næsta ári. „Lengst af hringdi fólk alltaf inn en fyrir fimm árum tókum við heimasíðuna í gagnið og nú getur fólk fundið svör við flestum spurningum þar,“ segir Eygló. Hún segir þó vera töluvert af fólki sem enn hringi inn og að alagið sé árstíðabundið. „Það er mikið að gera þegar fólk stendur í jólabakstrinum, á slátturtíð og á þessum árstíma þegar verið er að spá í sulturnar og saftin,“ segir hún og bætir við að fyrirspurnir um veisluhöld og upplýsingar um erlendar gæðakannanir á heimilistækjum séu líka algengar.

Aðspurð hvort hún sé með svör við öllum vandamálum hlær Eygló og segir það ekki vera svo gott en að það sé þó mjög sjaldan sem fólk fái ekki úrlausn sinna mála, enda leiti hún svara hafi hún þau ekki á reiðum höndum. Hún segir ungar konur vera þær sem hafi mest samband en að það hafi þó aukist mjög að karlar leiti aðstoðar. „Fyrst eftir efnahagsófarirnar hringdi mikið af yngra fólki og var að velta fyrir sér sparnaðarráðum. Það hefur nú aðeins gengið til baka núna,“ segir hún og bætir við að aukning hafi orðið á að miðaldra karlmenn leiti aðstoðar. „Ég fékk skondið símtal fyrir nokkru þar sem maður hringdi og bað um ráðleggingar um hvort hann ætti að hefja sambúð með kærustunni sinni. Honum



RÁÐ UNDIR RÍFI HVERJU Eygló leggur mikið upp úr því að geta svarað öllum spurningum sem berast og leitar sér oft svara hafi hún þau ekki á reiðum höndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SVEPPIR Í ÞVOTTAVÉLUM ALGENGIR

Eygló segist oftast svara spurningum er varða bletti í fötum en einnig sé mjög algengt að fólk glími við sveppi í þvottavélunum sínum. „Margir hringja inn og kvarta yfir því að þvotturinn sé farinn að lykta illa hjá þeim. Þá er yfirleitt um að ræða sveppi í þvottavélum

sem er mjög algengt og auðvelt að glíma við. Það er aðallega eitt efni sem vinnur á þessu og það heitir Rodalon og fæst í næsta apóteki,“ segir Eygló og bendir á síðuna Leiðbeiningastod.is til að fá nánari leiðbeiningar um hvernig skuli losna við sveppinn.

þótti lítið til þessarar leiðbeiningastöðvar koma þegar ég gat ekki hjálpað honum með það vandamál,“ segir hún og hlær. Leiðbeiningastöðin heldur úti heimasíðunni Leiðbeiningastod.is auk þess sem hún hefur gefið út ýmiss konar fræðsluefni í gegnum árin sem hægt er að kaupa gegn vægu gjaldi.

Leiðbeiningastöðin er ekki eini vettvangurinn sem miðlar húsráðum því samskiptasíðan Facebook fer ekki varhluta af þeim, frekar en öðru, og síðan Húsráð og annar fróðleikur hefur verið stofnuð þar. Þar geta allir Facebook-notendur skrifað sín vandamál og aðrir notendur komið með ráðleggingar. tinnaros@frettabladid.is

Vill alls ekki léttast

TÍSKA Alber Elbaz, yfirhönnuður Lanvin, segist ekki hafa neitt á móti því að tískukeðjur á borð við Topshop og H&M hermi eftir hönnun hans. „Ef við veitum þeim innblástur, þá er það af hinu góða. Ég hannaði fatalínu í samstarfi við H&M eitt sinn og fannst það skemmtilegt. Með því gat ég hannað fatnað handa fólki sem annars hefði ekki haft efni á hönnun minni. Og mér fannst gaman að 95 prósent af flíkunum höfðu selst á aðeins fjórum klukkustundum,“ sagði hönnuðurinn viðkunnalegi í viðtali við vefsíðuna WSJ.com.



VILL EKKI LÉTTAST Alber Elbaz hönnuður óttast að þyngdinni hafi áhrif á getu hans í starfi.

NORDICPHOTOS/GETTY

Hann viðurkenni jafnframt að hann hefði engan áhuga á að létta sig því hann óttaðist að það hefði áhrif á vinnu hans. „Ég er of þungur og læt mig þess vegna dreyma um allt sem er físlétt. Ég yfirfæri drauma mína á hönnunina og þess vegna eru

flíkur mínar léttar og fljótandi. Ég er hræddur um að ef ég léttist fari ég að hanna þungar flíkur. Þið hlæið kannski, en mér er alvara.“

Kærasta eða einn snöggur?

KYNLÍF Ég fór út að skemmta mér seinustu helgi. Á trúðnum skemmtistaðnum fylgdist ég með dularfullum augngotum, blikki, klaufalegum strokum og óþægilega háværum samræðum milli slefandi munns og eyra með fingri í. Mjög skemmtilegt allt saman fyrir áhorfandann en fyrir sjálfan þátttakandann virtust þessi samskipti ekki vera neitt sérlega áhrifarík. Einu samskiptin sem geta átt sér stað í þessum aðstæðum er hvort viðkomandi sé tilkippilegur fyrir kynlíf. Því verður það oft eina leiðin til að kynna tilvönandi maka. Þú nærð varla að kryfja persónuleika viðkomandi til mergjar þegar þú heyrir aðeins þriðja hvert orð og þið skiptist á einræðum í eyru hvors annars. Þú verður að drekka, dansa, rekast utan í hann, staulast heim, sofa saman og skiptast (vonandi) á símanúmerum þegar ölaðið er runnið af ykkur. Það er, ef viðkomandi er talinn ásættanlegur í hörðu dagsljósi timburmanna. En hvað ef þig langar ekki að fara þessa leið? Ég var orðin leið á þessum klaufalega dansi, fannst hann einhæfur og flókin. Mér gekk illa að slíta vininn úr þéttu fangi Bakkusar til að spyrja hann hvort hann langaði í kærustu eða bara einn snöggan. Flestir segja nú líka ansi margt til að komast í einn snöggan. En ég nenni þessu ekki. Ég nenni ekki klaufalegu fálmandi kynlífi með Bakkusi og sveittum djammara



STEFNUMÓT EÐA DRÁTTUR Hvað er til ráða fyrir þá sem ekki vilja hefja makaleit sína á skemmtistöðum eða öldurhúsum bæjarins?

NORDICPHOTOS/GETTY

sem var svo týndur í sinni eigin tilveru að hann stundi vitlaust nafn og staulaðist sokkalaus heim til sín. Það er fátt um úrræði fyrir þá sem þessu ekki nenna og vilja bara kynna einhverjum sem hefur svipaðar lífsskoðanir og gildi. Vissulega má liggja á netinu, pota og senda skilaboð en það getur verið tímafrekt og ekki allra að fara vel með hið skrifaða orð. Það vantar einhvern miðlara, einhvern sem sér um að para saman þá sem passa saman og vilja fá svipaða hluti út úr lífinu. Bandaríkin hafa verið framfarlega í slíkum sambandsmiðlunum og samkvæmt þeim þá svínvirkar þetta. Slík miðlun hefur nú verið opnuð hér á landi og verður spenn-

andi að fylgjast með hvort týndar sálir finni ástina hvor í annarri á formlegu stefnumóti. Kannski jafnvel þróast einhvers konar menning stefnumóta í framhaldinu. Það er mér algjörlega óskiljanlegt af hverju við erum svona feimin við stefnumót og ég skora á samlanda mína að breyta því frá og með þessum degi. Af hverju berum við kynfærin áður en við berum hjartað?

KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!

Sendu **Sígu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnir gæti birst í Fréttablaðinu. kynlif@frettabladid.is




Allt í myrkri?

Snemma á morgnana og á nóttinni dreifa 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu til lesenda.

Hvernig er aðkoman að pósthúsi á þínu heimili?

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu til þín þarf lýsing að vera til staðar. Höfum ávallt kveikt á útiljósum og sjáum til þess að aðgengi að pósthúsi sé viðunandi.



Sími: 585 8300 www.postdreifing.is

MacBook Air

engin venjuleg skólabók



MacBook Air 11"
Verð: 169.990.-

1.000 kr.
símtöknun á mánuði í
12 mánuði hjá NOVA
fylgir iPhone 4,
keyptum hjá epli.is



iPhone 4
Verð: 89.990.-
Lækkað verð



iPad
Verð frá: 74.990.-



MacBook Pro
Verð frá: 219.990.-

Vefverslun
www.epli.is
sendum fritt á land allt

Smáralind

Opnunartímar

Virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1300 | www.epli.is

Laugavegi 182

Opnunartímar

Virka daga 10-18 | Laugardaga 11 - 16
Sími 512 1300 | www.epli.is

epli.is

SAMBÍÓIN SAMbio.is

"INSANELY FUNNY"
BEST COMEDY OF THE YEAR!
DAX SHEPARD & KRISTEN BELL ARE MAGIC.
BRADLEY COOPER IS RIDICULOUSLY HILARIOUS.
HIT & RUN

STJARNNA MYND SUMARSINS
YFIR 60.000 GESTIR
Maður verður að sjá þessa mynd aftur, það er svo mikill að sjá af þessu mynd er mikil nóg, allvegja fyrir mig.
JON GUNNARSSON KVÍKMYNDUNANDI...

THE DARK KNIGHT RISES
STJARNNA MYND WB ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI

STEP UP REVOLUTION
BESTA MYNDIN Í SERÍUNNI TIL ÞESSA MÖGNUDANSATRIÐI!
VINSÆLSTA DANSSERÍA ALLRA TÍMA

FRÁBÆR GRINMYND
FRÁBÆR GRINMYND

BRABE
Frá Framleiðendum Toy Story 3, Finding Nemo og Up.

ALFABAKKA

HIT AND RUN FORSYND	KL. 8 - 10:20	2D	12
HIT AND RUN LUXUS VIP	KL. 8 - 10:20	2D	VIP
BABYMAKERS	KL. 5:50 - 8 - 10:20	2D	12
STEP UP REVOLUTION	KL. 5:50 - 8 - 10:20	2D	7
SEEKING A FRIEND	KL. 5:50	2D	12
BRABE M/IS.TAU	KL. 5:50	3D	L
BRABE M/IS.TAU	KL. 5:50	2D	L
BRABE M/ENSU.TAU	KL. 8	2D	L
DARK KNIGHT RISES	KL. 8 - 10:20	2D	12

EGILSHÖLL

HIT AND RUN	KL. 8 - 10:20	2D	12
DARK KNIGHT	KL. 8 - 10:10	2D	12
BABYMAKERS	KL. 5:40 - 8	2D	12
STEP UP	KL. 5:40 - 8	2D	7
STEP UP ÓTEXTUD	KL. 10:30	3D	7
BRABE ENS TAL	KL. 11:10	2D	L
BRABE ISL TAL	KL. 5:30	3D	L
BRABE ISL TAL	KL. 5:50	2D	L

KRINGLUNNI

HIT AND RUN FORSYND	KL. 8 - 10:20	2D	12
DARK KNIGHT RISES	KL. 5:30 - 9	2D	12
BABYMAKERS	KL. 8	2D	12
STEP UP REVOLUTION	KL. 5:50	2D	7
BRABE M/IS.TAU	KL. 5:50	2D	L
SEEKING A FRIEND	KL. 10:20	2D	12

KEFLAVÍK

EXPENDABLES 2	KL. 10:10	2D	16
BABYMAKERS	KL. 8 - 10:10	2D	12
STEP UP REVOLUTION	KL. 8	2D	7

AKUREYRI

BRABE ISL TAL	KL. 6	3D	L
STEP UP REVOLUTION	KL. 8	2D	7
BATMAN	KL. 10:10	2D	12
BABYMAKERS	KL. 6 - 8	2D	12
SEEKING A FRIEND	KL. 10:10	2D	12

KYNNTU ÞÉR VILDARKERFI SAMBÍÓA

STRANGLEGA BANNAD AÐ TJÁ SIG UM TÖKUR

Þagmælska er lykilatriði ef fólk ætlar að starfa við erlendar stórmyndir hér á landi. Skrifa þarf undir samning þess efnis og ströng viðurlög eru við brotum á honum.

Þeir sem starfa við þær erlendu kvikmyndir sem teknar eru hér á landi eru bundnir stífri þagmælskyldu. Skrifað er undir samning áður en tökur hefjast til að vernda framleiðendur myndanna gegn því að eitthvað leki út um söguþráð, umgjörð, útlit þeirra og annað slíkt. Allt er þetta hluti af markaðssetningu hverrar myndar fyrir sig enda vilja framleiðendurnir geta stýrt því hvað fer út í loftið af upplýsingum um myndirnar.

Fyrirtækið True North hefur aðstoðað við tökur á fjölda mynda hér á landi, nú síðast stórmyndinni Noah með Russell Crowe í aðalhlutverki. Næst á dagskrá hjá fyrirtækinu er nýjasta mynd Bens Stiller, The Secret Life of Walter Mitty, en tökur á henni eru nýhafnar. Aðspurð segir Helga Margrét Reykdal, framkvæmdastjóri hjá True North, að hátt í fjögur hundruð manns hafi skrifað undir samning um þagmælsku fyrir tökurnar á Noah. Hún segir engan hafa brotið samninginn og minnst hún þess heldur ekki varðandi aðrar myndir. „Það virða allir og skilja eðli málsins. Þetta er líka hluti sem framleiðendur verða að verja sig gegn í dag. Netíð er það virkt og það eru allir á einhvers konar samskiptavefjum. Það þarf að gæta þess að fólk sé ekki að setja neitt þar inn sem skiptir máli í þessu samhengi,“ segir Helga Margrét. „Þetta snýst um að fólk treysti okkur og vilji koma hingað aftur. Ég held að enginn vilji gera þetta því það er ekki þess virði. Við viljum öll fá þessi verkefni hingað því þau skipta okkur öll máli,“ segir hún.

freyr@frettabladid.is



NOAH Leikarinn Russell Crowe fer með aðalhlutverkið í myndinni Noah sem tekin var upp hér á landi í sumar.

FIMM ATRIÐI SEM TENGST ÞAGMÆLSKU

1. Fjölmíðlafulltrúi

Fjölmíðlafulltrúi er ráðinn fyrir hverja mynd fyrir sig. Hann sér um öll samskipti við fjölmíðla og passar upp á að þeir fái sem bestar og réttastar upplýsingar sem hægt er að veita á hverjum tímamarki fyrir sig.

2. NDA

Allir sem koma á einhvern hátt að kvikmyndinni skrifa undir svokallaðan NDA-samning, sem er skammtöfufun á „Non-disclosure agreement“. Hann snýst um að fólk má ekki tjá sig um neitt sem viðkemur myndinni við þriðja aðila nema um sé að ræða almenna vitneskju, eða „common knowledge“.

3. Símar og myndavélar

Þeir sem ætla að vera með síma á

tökustað þurfa að fylgja ákveðnum reglum. Fólk má að sjálfsgöðu tala í símana sína þegar sjálfar tökurnar eru ekki í gangi en algjörlega er bannað að nota myndavélarnar í símunum og hvað þá hefðbundnar myndavélar.

4. Viðurlög

Fólk er rekið úr starfi og gæti lent í dómsmáli ef það brýtur NDA-samninginn. Aldrei hefur þurft að reyna á þessi viðurlög hjá True North að sögn Helgu Margrétar.

5. Hvenær má tjá sig?

Eftir að myndin er frumsýnd má tala um allt sem tilheyrir útliti myndarinnar og söguþráði en ekki má fara út í slúðursögur af tökustað eða annað slíkt sem er ekki „common knowledge“.

Vantar fjögur hundruð hross

Framleiðendur kvikmyndarinnar Hross eftir Benedikt Erlingsson hafa auglýst eftir fjögur hundruð hrossum og eitt hundrað manns fyrir tökur á stóru atriði þar sem stóðréttir verða endurvaktar í Þverárrétt í Borgarfirði.

„Þetta er mikil söguflétta þar sem allir þræðir myndarinnar fara saman í einn hnút sem er stóðréttir,“ segir leikstjórinn Benedikt Erlingsson um atriðið. „Við þurftum að hverfa frá Skagafirði því við erum ekki með eins mikinn pening og Ben Stiller og ætlum að gera þetta í Þverárrétt 8. september. Við erum að vona að sveitungar hér sem hafa reynst okkur velviljaðir og hliðhollir vilji koma og leggja til hross og sjálfa sig kannski í perióðubúningi frá því þegar maður var upp á sitt besta um 1985.“

Tökur á Hrossi hafa verið í gangi í Borgarfirði síðan 13. ágúst. „Þetta hefur tekist algjörlega stóráfallalaust með mikilli hjálp náttúruaflanna. Það hafa ekki nema tveir leikarar dottið af baki enn sem komið er og hestarnir leika mjög vel. Það er ótrúlegt hvað þeir eru agaðir,“ segir Benedikt. Hross verður frumsýnd hér á landi haustið

2013. „Þetta er mynd um mennskuna í hestinum og dýrið í manneskjunn. Það er mikil hestasálfræði í þessu öllu saman.“

Meðal leikara verða Ingvar E. Sigurðsson, Charlotte Bøving, Halldóra Geirharðsdóttir, Atli Rafn Sigurðarson, Kjartan Ragnarsson, Vilborg Halldórsdóttir og Helgi Björnsson.

GENGUR VEL
Tökur á Hrossi hafa gengið vel, að sögn Benedikts Erlingssonar.



SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

THE EXPENDABLES 2
STALLONE STATHAM LI LUNDGREN NORRIS CREWS COUTURE HEMSWORTH VAN DAMME WILLIS SCHWARZENEGGER

16 LUXUS

TRÉSSU ÞÉSS MÍÐLA Á **mid.is**

SETTU ÖRYGGIÐ Á ÖÐRINN

THE WATCH **7**

PARANORMAN **3D** **7**

TOTAL RECALL **12**

BRABE **12**

SMÁRABÍÓ **GLERAUGU SELD SÉR** **5%**

THE EXPENDABLES 2	KL. 5.40 - 8 - 10.20	16
THE EXPENDABLES 2 LUXUS	KL. 5.40 - 8 - 10.20	16
THE WATCH	KL. 8 - 10.20	12
PARANORMAN 3D	KL. 5.45 / 2D KL. 3.30	7
BRABE: HIN HUGRAKKA	2D KL. 3.30	L
BRABE: HIN HUGRAKKA	3D KL. 5.45	L
TOTAL RECALL	KL. 8 - 10.35	12
ÍSÖLD 4 3D ISL.TAL	KL. 3.40 / 2D ISL.TAL	KL. 3.40
TED	KL. 8	12
SPIDER-MAN 3D	KL. 10.20	10

HÁSKÓLABÍÓ **NÁNAR Á MÍÐLIS** **5%**

THE EXPENDABLES 2	KL. 5.40 - 8 - 10.20	16
THE WATCH	KL. 8 - 10.20	12
TO ROME WITH LOVE	KL. 5.30 - 8 - 10.30	L
INTOUCHABLES	KL. 5.30 - 8 - 10.30	L

BORGARBÍÓ **NÁNAR Á MÍÐLIS**

THE EXPENDABLES 2	KL. 5.50 - 8 - 10	16
THE WATCH	KL. 8 - 10	12
INTOUCHABLES	KL. 5.50	12

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

mid.is **LAUGARÁS BÍÓ**

Miðasala og nánari upplýsingar **www.laugarasbio.is**
-bara lúxus sími 553 2075

POWERSÝNING **KL. 10.10**

THE EXPENDABLES 2 **16**

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAGI

56.000 MANNS!

LAUGARÁSBÍÓ **Sýningartimar**

THE EXPENDABLES 2	6, 8, 10, 10(P)	16
THE WATCH	8, 10, 20	12
PARANORMAN 3D	6 - ISL TAL	7
INTOUCHABLES	5.50, 8, 10, 20	12

BRABSKEMMILEG TEIKNIMYND

THE WATCH **12**

PARANORMAN **7**

INTOUCHABLES **12**

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BLAÐAKONA RANNSAKAR UNGAR NÁMSMEYJAR SEM STUNDA VANDI

JULIETTE BINOCHÉ
ELLES (PÆR)

TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR

HEIMILDAMYND UM KYNLEIÐRETNINGU
HRAFNHILDUR

FIMMTUDAGUR: ELLES (PÆR) 17:50, 20:00, 22:10 ■ **TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **HRAFNHILDUR** 18:00, 20:00 ■ **COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR** 18:00 ■ **COOL CUTS: JAR CITY** 20:00 ■ **COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC** 22:00 ■ **BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)** 22:00

31. ÁGÚST: EN KONGELIG AFFÆRE (KÓNGAGLENNNA)

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



LÆKKAD VERÐ

Fujitsu AH530

~~109.900 kr.~~

99.900 kr.

VFY: AH530M23A2IS

Örgjörvi: Intel Core i3 380M 2,53GHz

Vinnsluminni: 4GB DDR3

Harður diskur: 500GB, 7200rpm

Skjákort: Intel HD Graphics

Skjár: 15.6" LED BrightView

VERTU KLÁRARI

Hvaða tölva hentar þér? Komdu í OK búðina að Höfðabakka 9 og láttu sérfræðingana fræða þig um hvaða tölva hentar þér.



HP Probook 4340s
144.900 kr.

B6N71EA

Örgjörvi: Intel Core i3-2370M 2,4GHz
Vinnsluminni: 8GB DDR3
Harður diskur: 500GB, 7200rpm
Skjákort: Intel HD Graphics 3000 skjástýring
Skjástærð: 13,3" glampalaus



Macbook Air
189.900 kr.

Z0NA

Örgjörvi: Intel Core i5 2,6 Ghz
Vinnsluminni: 4GB DDR3
Harður diskur: 64GB Flash geymsla
Skjákort: Intel HD Graphics 4000
Skjástærð: 11,6"



HP Probook 4540s
149.900 kr.

B6M00EA

Örgjörvi: Intel Core i3-2370M 2,4GHz
Vinnsluminni: 8GB DDR3
Harður diskur: 320GB, 7200rpm
Skjár: 15,6" glampalaus
Skjákort: AMD Radeon HD7650m 1GB
720p HD vefmyndavél, taska fylgir.

hp apple FUJITSU | Fæst hjá endursöluáðilum um land allt

OK
búðin

OK búðin · Höfðabakka 9 · 110 Reykjavík · Sími 570 1140 · www.okbudin.is



RAGNAR SIGURÐSSON og félagar í FC Kaupmannahöfn töpuðu í gær fyrir Lille í Frakklandi, 2-0, í framlengdum leik. Lille tryggði sér þar með sæti í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu en dregið verður í riðla í dag. Ragnar lék allan leikinn en Sólvi Geir Ottesen sat á bekknum. Þar með er ljóst að enginn Íslendingur verður í Meistaradeildinni í vetur.



ENN TAPLAUSAR Þór/KA getur orðið meistari á þriðjudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pepsi-deild kvenna:

Þór/KA nálgast sinn fyrsta titil

FÓTBOLTI Þór/KA verður meistari í fyrsta sinn í sögu félagsins ef liðið vinnur Selfoss á heimavelli á þriðjudagskvöldið en þá fer fram næstsíðasta umferð tímabilsins í Pepsi-deild kvenna.

Norðankonur gerðu 1-1 jafntefli við ÍBV í Vestmannaeyjum í gær en á sama tíma vann Stjarnan öruggan 3-0 sigur á Aftureldingu. Stjarnan er ríkjandi meistari og fjórum stigum á eftir toppliði Þórs/KA.

„Það er frábært að ná stigi í Vestmannaeyjum,“ sagði Jóhann Kristinn Gunnarsson, þjálfari Þórs/KA. „Við eigum enn möguleika á að klára mótíð taplausar og stefnum við að því.“

ÚRSLIT

Pepsi-deild kvenna

ÍBV - Þór/KA	1-1
1-0 Kristín Erna Sigurldsóttir (36.), 1-1 Katrín Ásbjörnsdóttir (45.).	
Fylkir - Selfoss	2-3
0-1 Eva Lind Ellasdóttir (21.), 0-2 Valórie O'Brien (41.), 0-3 Guðmunda Brynja Óladóttir (46.), 1-3 Anna Björg Björnsdóttir (54.), 2-3 Anna Björg Björnsdóttir (70.).	
FH - Valur	1-4
0-1 Telma Hjaltalín Prastardóttir (33.), 0-2 Elín Metta Jensen (36.), 0-3 Elín Metta Jensen (40.), 0-3 Elín Metta Jensen (73.), 1-3 Sigrún Ella Einarssdóttir (89.).	
Afturelding - Stjarnan	0-3
0-1 Sjalásmark (17.), 0-2 Inga Birna Friðjónsdóttir (50.), 0-3 Inga Birna Friðjónsdóttir (87.).	
Breiðablik - KR	1-1
0-1 Olga Kristína Hansen (41.), 1-1 Rakel Hönnudóttir (68.).	

STADAN

Þór/KA	16	12	3	1	42-15	39
Stjarnan	16	11	2	3	48-19	35
ÍBV	16	10	2	4	47-21	32
Valur	16	9	3	4	44-22	30
Breiðablik	16	7	4	5	36-21	25
Selfoss	16	4	4	8	29-64	16
FH	16	4	3	9	23-24	15
Fylkir	16	3	3	10	21-39	12
Afturelding	16	3	3	10	14-38	12
KR	16	1	5	10	17-37	8

Stefnan sett á verðlaun í London

Eftir verðlaunaburrð á síðasta Ólympíumóti í Peking ríkir töluverð bjartsýni fyrir Ólympíumótið sem sett var í London í gær. Keppendur Íslands, sem allir hefja keppni á morgun, eru vel stemmdir fyrir mótið.

ÓLYMPIUMÓT Fulltrúar Íslands á Ólympíumóti fatlaðra í London hefja allir keppni á morgun. Hópur Íslands er sá næstfámennasti í sögu mótsins auk þess sem keppendurnir eiga það allir sameiginlegt að vera að keppa í fyrsta skipti á mótinu.

Engu að síður eru keppendur Íslands borubrattir en allir keppa í þremur greinum. Í Peking fyrir fjórum árum tókst íslensku keppendum í fyrsta skipti ekki að komast á verðlaunapall. Strákarnir ætla sér að bæta úr því og stelpurnar, sem báðar eru aðeins fimmtán ára, stefna á Íslandsmet og sjá hverju það skilar.

Segja má að frjálsíþróttafólkinu Helga Sveinssyni og Matthildi Ylfa Þorsteinsdóttur hafi skotið upp á stjörnuhimininn á skömmum tíma. Þrátt fyrir að hafa aðeins æft frjálsar í rúm ár unnu þau bæði til verðlauna á Evrópumótinu í sumar. Í kjölfarið er búist við miklu af tvíeykinu.

„Ég hef passað mig á að segja ekki of mikið en ég stefni á sæti, stefni á pening. Við verðum að sjá til hvað gerist,“ segir Helgi. Aldursforseti hópsins segist ekki hafa fundið fyrir utanaðkomandi pressu í aðdraganda leikanna.

„Mesta pressan er aðallega frá mér. Ég hef séð að ég get gert ýmislegt. Ég set standardinn hátt og stefni hátt.“

Innblásin af Ólympíuleikum

Matthildur Ylfa fylgdist vel með gangi mála á Ólympíuleikum á milli æfinga hjá sér.

„Þetta var allt svo flott. Öll heimsmetin í frjálsum og eiginlega bara allt sem ég sá,“ segir Matthildur greinilega innblásin af afrekum keppenda á leikum. Sömu sögu má segja um Helga.

„Þetta er eins og þegar maður var lítill strákur að horfa á aðalhetjurnar í fótboltanum, körfuboltanum og handboltanum. Maður fór alltaf beint út á völl og ætlaði að gera eins og þeir. Þetta er nákvæmlega það sama þegar maður sér spretthlaupara hlaupa á asnalega góðum tímum. Maður vill vera eins og þeir, fer niður á braut að æfa sig og reynir að vera eins góður,“ segir Helgi.

Helgi segir möguleika sína mesta í spjótkastinu og langstökkinu en minni í 100 metra hlaupinu. Matthildur er bjartsýn á góðan árangur í langstökkinu.

„Það er mín besta grein og möguleikar mínir mestir þar. Ég er



HIN FJÖGUR FRÆKNU Helgi, Matthildur Ylfa, Kolbrún Alda og Jón Margeir Sverrisson eru klár í slaginn.

Helgi Sveinsson
Fæðingarár: 1979
Félag: Ármann
Fötun: Hreyfihömlun - T42
Keppnisgreinar:
 Langstökk
 100 metra hlaup
 Spjótkast

Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir
Fæðingarár: 1997
Félag: ÍFR
Fötun: Hreyfihömlun - T37
Keppnisgreinar:
 Langstökk
 100 metra hlaup
 200 metra hlaup

Kolbrún Alda Stefánsdóttir
Fæðingarár: 1997
Félag: Fjörður/SH
Fötun: Proskahömlun - S14
Keppnisgreinar:
 100 metra baksund
 100 metra bringusund
 200 metra skriðsund

Jón Margeir Sverrisson
Fæðingarár: 1992
Félag: Fjöllnir/Ösp
Fötun: Proskahömlun - S14
Keppnisgreinar:
 100 metra baksund
 100 metra bringusund
 200 metra skriðsund

búin að æfa svo mikið og stefni á að setja Íslandsmet,“ segir Matthildur sem keppir í sinni uppáhaldsgrein strax á morgun.

Sterkust í skriðsundinu

Sundkonan Kolbrún Alda Stefánsdóttir hefur þrátt fyrir ungan aldur töluverða reynslu af keppni á alþjóðavettvangi.

„Ég er orðin spenn, mér líst vel á hópinn og held að þetta eigi eftir að vera rosalega gaman,“ segir Kolbrún Alda sem er sterkust í 200 metra skriðsundinu.

„200 metra skriðsund er uppáhaldsgreinin mín. Þar á ég möguleika á að standa mig best,“ segir Kolbrún Alda sem valin var íþróttakona ársins úr röðum fatlaðra á síðasta ári. Jón Margeir Sverrisson hlaut verðlaunin í

karlaflokki en hann ætlar að passa upp á spennustigið í London.

„Ég ætla að vera afslappaður og rólegur,“ segir Jón Margeir sem keppir í baksundi á morgun líkt og Kolbrún Alda. Greinarnar eru þær sem þau leggja síst áherslu á og því kærkomið tækifæri til að ná úr sér skreknum sem vafalítið fylgir svo stóru sviði sem Ólympíumótið er.

„Ég stefni á að komast á pall í 200 metra skriðsundi,“ segir Jón Margeir sem á annan besta tíma ársins í greininni í sínum flokki. Sundkappinn hefur æft í langan tíma með Ólympíumótið í huga en fór að finna fyrir öndunarerfiðleikum í upphafi sumars sem ollu honum og þjálfurum hans miklum áhyggjum. Fljótlega fékkst leyfi fyrir astmalyfjum sem virðast hafa komið honum á beinu brautina á ný.

Dagskrá

Föstudagurinn 31. ágúst

09.08	Langstökk kvenna Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir, F37
10.07	100 m baksund karla Jón Margeir Sverrisson, S14
10.18	100 m baksund kvenna Kolbrún Alda Stefánsdóttir, S14
18.20	Langstökk karla Helgi Sveinsson, F42

„Ég notaði þau áður en ég fór á Evrópumótið og þau virkuðu mjög vel. Svo hef ég notað þau síðan. Það er eitthvað að hrjá mig og lyfin hjálpa mér,“ segir Jón Margeir en hans fyrsta verk að mótinu loknu verður að fá sér húðflúr með merki Ólympíumótsins á kálfann.

kolbeintumi@365.is



Við erum með sterku hellurnar!

Graníthellurnar okkar eru endingarbetri, fallelgru og ódýrari en þig grunar.

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bilaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.



STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Dansdeild



DANS! DANS! Allir í DANS!

Kennsla
fer fram í
Íþróttahúsi HK,
Digranesi og
í Fagralundi



Kennsla hefst mánudaginn 3. sept. hjá keppnishópum og laugardaginn 8. sept. hjá barna- og fullorðinshópum.

- Barnahópar frá 3ja ára
 - Unglingahópar
 - Fullorðinshópar
- Innritun er hafin í síma 844 5939 eða á dans@hk.is

Prufutímar 8.-14. september fyrir alla byrjendur.

Ath. Kópavogsbær, Garðabær og Reykjavíkurborg styrkja börn til danskennslu sem fædd eru á árabílinu 1994 til 2006.



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolti



Taekwondo

HK var stofnað 1970 og er því 42 ára í ár. HK leitast við að bjóða uppá fjölbreytt úrval íþróttanna svo að sem flestir geti fundið grein við sitt hæfi. Félagið er með fjórar starfsstöðvar í Digranesi, Fagralundi, Kórnum og Fífunni. Upplýsingar um æfingartíma og gjöld er að finna á heimasíðu félagsins www.hk.is



Íslandsbanki

5.694 METRAR er lengd Geysisvallarins af gulum teigum. Af rauðum teigum er völlurinn 4.704 metrar en 6.070 af hvítum.

74 ER PAR Geysisvallarins. Að spila átján holur kostar frá 2.500 krónum upp í 3.200 krónum samkvæmt verðskrá á Golf.is.

Geysisvöllurinn gerður auðveldari

Breytingar eru hafnar hjá golfklúbbnum Geysi í Haukadale. Nýr golfskáli verður tekinn í notkun auk þess sem ný braut verður opnuð og farið verður í breytingar á flestum öðrum brautum.

„Við ætlum að gera völinn aðeins auðveldari, án þess þó að breyta karakter hans eða fegurð,“ segir Einar Tryggvason sem rekur Haukadalsvöll við Geysi ásamt konu sinni, Ágústu Þórisdóttur. Einar og Ágústa hafa rekið golfvöllinn að Geysi frá upphafi samhlíða gistiheimili á svæðinu. Nú hafa þau hins vegar selt gistiheimilið og ætla að einbeita sér að rekstri golfvallarins. Því fylgir að breyta þarf völinum töluvert enda hafði golfskálinn áður aðsetur í gistiheimilinu.

Nýtt hús og breyttar holur

Að sögn Einars eru ekki til teikningar að breyttum velli, þær séu hins vegar vel geymdar í höfði hans og Edwins R. Rögnvaldssonar golfvallahönnuðar. Edwin teiknaði upp völinn í núverandi mynd og breytingarnar sem nú er unnið að.

Helstu breytingarnar eru þær að nýtt klúbbhús verður reist þar sem þriðji teigur er nú og verður sú hola sú fyrsta á breyttum velli. Teigurinn verður jafnframt hækkaður og færður fram, svo þeir sem vilja geta reynt við flötina í fyrsta høggi. Fjórða hola helst óbreytt en við fimmtu holuna, sem verður sú þriðja á nýjum velli, verður meðal annars sett sandglompa aftan við flötina og jafnvel eitthvað fleira. Vinstra megin við sjöttu flötina verður grassvæði breikkað á kostnað lyngs og kjarrgróðurs til að auðvelda innáhöggi.

Fallegasta lokahola landsins

Edwin og Einar eru enn að bræða með sér hvernig sjöunda brautin,



ÚR KLÚBBHÚSINU Svona kemur síðasta hola á völinum séð frá klúbbhúsinu.



AF FYRSTA TEIG Fyrsta hola á breyttum velli verður þar sem þriðja hola er núna.



sem er 147 metra löng þar 3 hola, verði. Áttunda brautin verður óbreytt í bili en í stað gömlu níundu verður æfingarsvæðið lagt undir nýja braut sem verður þá sjöunda brautin í framtíðinni. Níunda brautin, eins og hún er í dag, verður sameinuð þeirri fyrstu en þær liggja samsíða frá gistiheimilinu. Önnur

brautin, sem nú er, verður lokaholan á breyttum velli, þó með stærri flöt og stærra grassvæði í kring. „Þetta verður örugglega ein fallegasta lokahola landsins,“ segir Einar högvær að vanda.

Vilja gera völinn auðveldari Geysisvöllurinn hefur þótt afar

krefjandi, ekki síst út af lynginu sem umlykur hann. Ef kylfingur missir bolta rétt út fyrir braut, á lyngið það til að gleypa hann svo hvorki finnst tangur né tetur af honum. Ekki er óalgennt að fjöldi golfkúlna sem kylfingar nota á Geysisvölinum hlaupi jafnvel á tveggja stafa tölu, þótt auðvitað séu líka margir sem spila með sama boltann allan hringinn.

Einar segir að þetta sé vissulega eitt af karaktereinkennum vallarins.

„Völlurinn getur vissulega verið svínslegur en við erum að reyna að ala upp góða kylfinga í anda Íþróttaskólans í Haukadale, sem rekinn var hér við Geysi í hálföld eða svo,“ segir hann og hlær en bætir þó við að á síðustu árum hafi völinn breyst þannig að lyngið sé víða búið að þjappast niður og gleypi ekki jafn mikið af boltum og áður.

„Það hefur verið kallað eftir því af sumum að við léttum völinn og erum við með þessum breytingum að koma til móts við þá kylfinga. Áður höfum við bætt við nýju teigasetti, gylltum teigum á brautirnar. Þeir eru þá fremstir teiga, hugsaðir fyrir byrjendur og þá sem vilja losna frá því að slá yfir árnar okkar eða náttúrugróður af teig.“

Að sögn Einars eru framkvæmdir við að breyta völinum þegar hafnar. Búið er að sá í nýja flöt á æfingarsvæðinu, nýja púttflöt og teig við væntanlegt klúbbhús. Eins sé búið að breikka og breyta þremur brautum með tætingum og sáningum.

„Þetta mun ekki trufla leik, nema til að gera hann auðveldari, það eru blámerkt svæði í stað náttúrugróðurs áður. Hluti af breytingunum mun detta inn á næsta ári og hluti 2014,“ segir Einar.

Litill klúbbur

Að sögn Einars eru ekki nema um þrjátíu kylfingar skráðir í Golfklúbbinn Geysi.

„Sumarkorthöfum fjölga hins vegar alltaf og traflinn hefur alltaf vaxið milli ára frá opnun árið 2006. En eins og á mörgum öðrum landsbyggðarvöllum vildum við gjarnan sjá meiri trafl á virkum dögum.“

Töluverður fjöldi útlandinga spilar á Geysisvölinum. „Það eru nokkur hundruð útlandingar sem spila hér yfir sumarið, njótum við þar sennilega nálægðar við hverasvæðið, Strokk og Geysi, sem flestir skoða á ferðum sínum um Ísland. Það er misjafnt hvort þeir leigja sett af okkur eða koma með sjálfir. Þeir eru allavega drýgstir í að kaupa merkjavöru og eru almennt góðir klúnar,“ segir Einar.

„Við erum spennt fyrir þessum breytingum og vonumst til að kylfingum líki það sem við erum að braska hér. Útsýnið úr nýja klúbbhúsinu verður magnað þar sem hægt verður að fylgjast með spili um nær allan völl. Við teljum það góða breytingu að færa golfskálan, þótt við fjarlægjumst auðvitað hverasvæðið um nokkur hundruð metra. Geysir og Strokkur verða þarna áfram og við sjáum þann síðarnefnda í það minnsta gjósa reglulega meðan á leik stendur hér eftir sem hingað til,“ segir Einar.

kristjan@frettabladid.is

Sex íslenskir kylfingar fara á Heimsmeistaramót áhugalandslíða í Tyrklandi: Gríðarlegt tækifæri fyrir okkar fólk

Sex íslenskir kylfingar, þrjú karlar og þrjár konur, munu innan skamms keppa á Heimsmeistaramóti áhugamanna í golfi sem fer fram í Tyrklandi dagana 27. september til 7. október.

Íslenska liðið var valið samkvæmt afreksstefnu Gólfsambands Íslands sem þýðir að Úlfar Jónsson landsliðsþjálfari valdi tvo kylfinga af sex, tveir fara til Tyrklands þar sem þeir eru efstir á stígalista Eimskipsmótaraðarinnar og tveir vegna þess að þeir eru efstir á heimslista áhugamanna.

Úlfar segir mótið vera mjög krefjandi. Leiknir séu fjórir hringir og við það bætist fjórir æfingaringir. Keppendur verði því að vera í góðu líkamlegu og andlegu ástandi.

„Þetta er gríðarlega mikið tækifæri fyrir okkar fólk,“ segir Úlfar. „Þetta verður einstakt tækifæri til þess að bera sig saman við þá bestu því þarna verða

flestir af fremstu áhugakylfingum heims.“

Ísland hefur best náð 20. sætinu á þessu móti, en það var fyrir tveimur árum. Aðspurður um væntingarnar í haust segir Úlfar að takmarkið sé að bæta þennan árangur, lenda ofar en í 20. sæti.

Um sextíu þjóðir taka þátt í mótinu. Liðakeppni

karla nefnist Eisenhower Trophy og kvennakeppnin nefnist Espirito Santo Trophy. Bæði mótin fara fram á Gloria Golf golfsvæðinu í Antalya í Tyrklandi en keppt verður á tveimur völlum, Nýja og Gamla völlum. Heimsfrægir kylfingar á borð við Jack Nicklaus, Tiger Woods og Rory McIlroy stíga sín fyrstu skref á þessu móti.

Karlamótið hefur verið haldið síðan árið 1958 eða 27 sinnum. Bandaríkjamenn hafa oftast sigrað eða 13 sinnum en Frakkar sigruðu í fyrra þegar mótið var haldið í Argentínu.

Kvennamótið fór fyrst fram árið 1964 og hefur því verið haldið 24 sinnum. Líkt og hjá körlunum hefur lið Bandaríkjanna oftast hrósað sigri eða 13 sinnum. Lið Suður-Kóreu sigraði í Argentínu í fyrra.

- th



nettó
Kræsingar & kostakjör

KOMINN Í NETTÓ!

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMR/ÉÐAN ÚTVARP LÍFID SJÓNVARP

ALLT SPORTIÐ Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

vísir
- oft á dag

ÚTILÍF

REACH HIGHER.
PUSH HARDER.

WITH THE FLEXIBLE,
EVER ADAPTING FEEL OF
REEBOK REALFLEX.

Reebok
THE SPORT OF FITNESS
HAS ARRIVED.

REEBOK Í RÆKTINNI

NJÓTTU ÞÍN TIL FULLS Í RÆKTINNI MEÐ REEBOK.

ÚTILÍF HEFUR ÞAÐ SEM ÞARF TIL AÐ TAKA Á ÞVÍ Í VETUR.



VERÐ: 24.990 KR.

REEBOK REALFLEX SPEED. Herraskór til hlaupa og æfinga í stærðunum 41,5–46. Fást í Kringlunni og Holtagörðum.



TILBOÐ: 8.990 KR.

EASY TONE BOLUR. Öndunarefni og aðhald. Litur: Rauður. Almennt verð: 12.990 kr.



VERÐ: 9.990 KR.

SHAPE WEAR HLÝRABOLUR. Öndunarefni og aðhald. Litur: Fjólublár.



VERÐ: 6.990 KR.

HERRABOLUR. Öndunarefni. Litur: Bláyrjóttur/blár.



VERÐ: 4.990 KR.

HERRASTUTTBUXUR. Öndunarefni. Innanundirbuxur. Litur: Svartur.



VERÐ: 24.990 KR.

REEBOK REALFLEX SPEED. Dömskór til hlaupa og æfinga í stærðunum 36–41. Fást í Kringlunni og Holtagörðum.



TILBOÐ: 8.990 KR.

EASY TONE BUXUR ¾. Öndunarefni og aðhald. Litur: Svartur. Almennt verð: 10.990 kr.



TILBOÐ: 11.990 KR.

EASY TONE BUXUR. Öndunarefni og aðhald. Litur: Svartur. Almennt verð: 14.990 kr.



VERÐ: 7.990 KR.

HERRABUXUR. Öndunarefni. Nælon, fóðraðar. Litur: Svartur.



VERÐ 9.990 KR.

REEBOK ÍÞRÓTTATASKA. Litur: Svartur eða bleikur.

Tilboð gilda til sunnudags.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

> Stöð 2 kl. 20.55
Steindinn okkar

Það er komið að öðrum þættinum í nýrri og drepfyndinni seríu með Steindanum okkar. Steindi jr. bregður sér í allra kvikinda líki og kitlar hláturtaugarnar með sínum einstaka húmor.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ TINNA RÓS STEINSDÓTTIR FAGNAR HAUSTINU

Gleðin sem fylgir kólnandi veðri

Jæja, þá er Dallas búið! Ég horfði á lokaþáttinn tvisvar til að kveðja þá John Ross og Christopher almennilega og bið nú spennit eftir næstu seríu – því það kemur ný sería, jei! Þó söknuðurinn eftir Dallas verði mikill þá er samt algjör óþarfi að örvænta. Það er nefnilega komið haust og ekki nóg með að það hafi í för með sér brjáluð skólaverkefni og kólnandi veður þá býður það líka upp á yndisauka eins og enska boltann og alla uppáhaldsgelgjúpættina (og hina). Hver elskar ekki andvökunætur vegna ritgerðarskrifa sem teygjast fram undir

morgun en enda svo í kósíheitum með Chuck og Blair til að ná sér niður fyrir svefninn.

Í annrúki vetrarins er mikilvægt að allir eigi sér nokkra þætti sem þeir geta sókkt sér í af og til þegar flýja þarf raunveruleikann og verkefnalistann. Það getur veitt gleði og yl á köldum vetrarköldum. Nokkrir sjónvarpsþættir sem ég ætla að leyfa mér að mæla með eru: Gossip Girl (að sjálfsögðu), Dexter, Grey's Anatomy, Rizzoli & Isles, Mad Men, The Closer, Glee og Smash. Svo eru þættir á við Arrested Development, Friends og Sex and the City sem bregðast aldrei og gott er að eiga uppi í hillu fyrir veikindadaga eða lata sunnudaga (fyrir og eftir fótboltaleikina auðvitað).



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregni 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstud með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Litla flugan 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í næmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútgáfa 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni 13.00 Allt af rifast 14.00 Fréttir 14.03 Góðan daginn, mannkynsaga 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Eldhress í heila öld 15.25 Góður matur - Gott líf 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Liðast um landið 17.00 Fréttir 17.03 Vísja 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva 21.30 Kvöldsgan: Draumur um Ljósaland 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.20 Útvarpsperlu: Ég hef nú aldrei! 23.20 Til allra átta 00.00 Fréttir 00.05 Næturútgáfa Rásar 1

RÚV

16.35 Herstöðvarlíf (8:13) (Army Wives)
17.18 Konungsríki Benna og Sóleyjar
17.29 Geymslan
17.53 Múminálfarnir
18.02 Lóa
18.15 Táknálsfréttir
18.25 Hvolpalíf (7:8) (Valpekulet) Norsk þáttaröð um hvolpáhóp sem fylgst er með frá goti og fyrsta árið hjá nýjum eigendum.
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfregni
19.35 Hrefna Sætran grillar (1:6) Hrefna Rósa Sætran matreiðslumeistari grillar gimilegar kræsingar.
20.05 Njósnaari (3:6) (Spy) Bresk gamanþáttaröð. Tim á í forræðisdeilu við fyrverandi konu sína og segir upp starfi sínu. Hann sækir um vinnu hjá hinu opinbera og kemst að því í viðtali að verið er að bjóða honum njósnaarstarf hjá MI5.
20.30 Ljósastarinn
20.55 Líf vina vorra (8:10) (Våra vännerens liv) Sænskur myndaflokkur um fjóra vini.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfregni
22.20 Detroit 1-8-7 (4:18) Morðdeild lögreglunnar í Detroit á í höggi við harðsvíraða glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.05 Berlínarsaga (2:6) (e)
23.55 Krabbinn (2:13) (The Big C) (e)
00.25 Fréttir
00.35 Dagskrárlök

BÍÓ

06.20 Coco Before Chanel
08.10 Love Wrecked
10.00 Back-Up Plan
12.00 Kapteinn Skögultönn
14.00 Love Wrecked
16.00 Back-Up Plan
18.00 Kapteinn Skögultönn
20.00 Coco Before Chanel
22.00 Smother
00.00 The Death and Life of Bobby Z
02.00 We Own the Night
04.00 Smother
06.00 Bridesmaids

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 Malcolm In The Middle (2:22)
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors (134:175)
10.15 Extreme Makeover: Home Edition (18:25)
11.00 Lie to Me (11:22)
11.50 Glee (18:22)
12.35 Nágrannar
13.00 Temple Grandin Sannsóleg og áhrifarík mynd sem byggð á ævi Temple Grandin og fjallar um glímuna við einhverfu sem hún greindist með ung að árum. Í dag er hún einhver þekktasti búfjárfæðingur Bandaríkjanna og nýtur mikillar virðingar þar vestra. Claire Danes leikur aðalhlutverkið.
14.45 Smallville (17:22)
15.30 Barnatími Stöðvar 2
16.45 Bold and the Beautiful
17.10 Nágrannar
17.35 Ellen
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Malcolm in the Middle (12:22)
19.45 Modern Family (13:24)
20.10 Masterchef USA (15:20)
20.55 Steindinn okkar (2:8) Steindi jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekta Íslendinga til liðs við sig, jafnt þá sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hina sem þekktir eru fyrir eitthvað allt annað.
21.25 The Closer (17:21)
22.10 Fringe (11:22)
22.55 Southland (6:6)
23.40 Harry's Law (6:12)
00.25 Rizzoli & Isles (11:15)
01.10 Mad Men (3:13)
01.55 Treme (8:10)
02.55 The Nail: The Story Of Joey Nardone
04.25 Lie to Me (11:22)
05.10 Steindinn okkar (2:8)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

07.00 Meistaramörkin
15.05 Spænsku mörkin
15.35 Meistaradeild Evrópu: Lille - Köbenhavn
17.25 Meistaramörkin
17.45 Pepsi-deild kk: FH - ÍBV
20.00 Evrópueldin: Liverpool - Hearts BEINT
21.45 Tvöfaldur skolli
22.25 Pepsi-deild kk: FH - ÍBV
00.15 Evrópueldin: Liverpool-Hearts

SPORT 2 enski boltinn

16.20 Stoke - Arsenal
18.10 Tottenham - WBA
20.00 Premier League World 2012/13 Stjórnarar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsottar og fjallað er um líf leikmanna innan sem utan vallar.
20.30 Premier League Review Show 2012/13 Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
21.25 Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
21.55 Sunderland - Reading
23.45 Liverpool - Man. City

krakkar

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Samsent barnaefni frá Stöð 2.
08.00 Dóra könnuður
08.25 Áfram Diego, áfram!
08.50 Doddi litli og Eyrnastór
09.05 UKI
09.10 Lína langsokkur
09.35 Mörgæsirnir frá Madagaskar
10.00 Elías
10.15 Dora the Explorer
11.00 Disney Channel
17.30 iCarly (11:25)
17.55 Tricky TV (11:23)

POP TV

17.00 Simpson-fjölskyldan
17.45 Íslenski listinn
18.10 Sjáðu
18.35 Glee (11:22)
19.20 Evrópski draumurinn (5:6) Hörkuspennandi og skemmtilegur þáttur um tvö lið sem þeysast um Evrópu þvera og endilanga í kapphlaupi við tímann og freista þess að leysa þrautir og safna stigum. Liðin eru mönnuð þeim Audda og Steinda annars vegar og Sveppa og Pétri Jóhanni hins vegar.
19.55 Suburgatory (3:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósatt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlíf er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
20.20 I Hate My Teenage Daughter (3:13) Bandarísk gamanseria um tvær vinkonur sem komast að því að dætur þeirra eru orðnar alveg eins og stelpurnar sem gerður líf þeirra óþærilegt í menntaskóla.
20.40 Pretty Little Liars (3:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
21.25 Material Girl (3:6) Dramatískir gamanþættir um ungan fatahönnuð sem dreymir um frægð og frama en það eru margvísleg ljón á veginum í átt til velgengi.
22.15 Evrópski draumurinn (5:6)
22.50 Suburgatory (3:22)
23.15 I Hate My Teenage Daughter (3:13)
23.35 Pretty Little Liars (3:25)
00.20 Material Girl (3:6)
01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

GULL

18.15 Doctors (15:175)
19.00 Ellen
19.45 Spurningabomban (9:11)
20.35 Steindinn okkar (1:8)
21.00 Það var lagið
21.55 Friends (3:24)
22.20 Ellen
23.05 Spurningabomban (9:11)
23.55 Steindinn okkar (1:8)
00.20 Doctors (15:175)
01.05 Friends (3:24)
01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
15.35 The Biggest Loser (16:20) (e)
17.05 Pan Am (13:14) (e)
17.55 Rachael Ray
18.40 America's Next Top Model (1:13) (e)
19.30 Everybody Loves Raymond (24:24) (e)
19.55 Will & Grace (6:24)
20.20 Rules of Engagement (7:15) Upp kemur núningur á milli Audrey og Jeff þar sem Audrey getur ekki viðurkennt að hún þolir ekki hægindastól sem Jeff þykist elska af öllu hjarta.
20.45 30 Rock (2:22) Uppnám verður eftir að myndband af Tracy með yfirlýsingu um samkynhneigð lekur á netið.
21.10 Monroe (4:6) Skilnaðir eru aldrei auðveldir og erfitt getur verið að koma sér aftur á markaðinn. Það fær taugaskurð-læknirinn Gabriel Monroe að kynnst í kjölfar síns skilnaðar.
22.00 Goldfinger Þriðja Bond-kvikmyndin og ein sú þekktasta.
23.50 Law & Order: Criminal Intent (13:16) (e)
00.35 CSI (19:22) (e)
01.25 Unforgettable (19:22) (e)
02.15 Crash & Burn (5:13) (e)
03.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America 07.00 The Barclays - PGA Tour 2012 (4:4) 12.30 Golfing World 13.20 The Barclays - PGA Tour 2012 (4:4) 18.50 Inside the PGA Tour (35:45) 19.15 Arnold Palmer Invitational 2012 (3:4) 01.05 ESPN America
18.00 Að norðan
20.00 Hrafnaþing 21.00 Auðlindakista 21.30 Perlu úr myndasafni
Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó FM 90,9 Gullbylgjan FM 95,7 FM957 FM 96,7 Létt Bylgjan FM 98,9 Bylgjan FM 100,5 Kaninn FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2 FM 93,5 Rás 1 FM 96,3 FM Suðurland FM 97,7 X-ið FM 99,4 Útvarp Saga FM 102,2 Útvarp Latibær FM 105,5 Útvarp Boðun

Vilt þú læra á listskauta?

SKAUTAFÉLAGIÐ BJÖRNINN LISTHLAUPAÐEILD er með 14 vikna listskautanámskeið 1. september – 8. desember 2012

Skemmtilegar listskautæfingar fyrir hressar stelpur og káta stráka. Sér hópur er fyrir unglinga. Frábær æfingaaðstaða í EGILSHÖLL. Æfingar 2 í viku, á miðvikudögum og laugardögum.

Skráning á www.bjorninn.com – Listskautar eða á staðnum þann 1. september frá kl. 10-14.

FRÍR PRUFUTÍMI





SUBARU XV

Nýr sparneytinn Subaru

Aðeins **6,6 l/100 km** í blönduðum akstri



Subaru XV sjálfskiptur
Verð 5.890.000,-

Fjór hjóladrifinn
CO2 153 g/km
Veghæð 22 cm
Bakkmyndavél

Vél 2,0 lítra 150 hestöfl
Eyðsla 6,6l/100km í blönduðum akstri

Í beinni tengingu við borg og náttúru.

Við fyrstu sýn gefur augaleið að Subaru XV er einstaklega vel hannaður bíll, bæði með tilliti til borgaraksturs sem og aksturs á torfærnum malarvegum landsins. Útlitið er stórfenglegt í alla staði sem gefur bílnum glæsilegt yfirbragð og veghæðin, sem er gríðarleg, gerir hann færán í flestan sjó við erfiðar aðstæður.

Verið velkomin í reynsluakstur á nýjum Subaru XV



KAFFI OG REYNSLUAKSTUR Í DAG!

Vertu velkomin(n) til okkar í kaffi og reynsluakstur og láttu sölumenn okkar reikna út hvernig þú getur eignast nýjan Subaru XV og komist leiðar þinnar við allar aðstæður.





„Subway er bestur í skyndibita; fátt betra en góður bræðingur. Laundromat er bestur í brunch, Sushisamba ef maður ætlar að gera vel við sig og Gló þegar maður ræktar líkama og sál.“

Jón Gunnar Geirdal, eigandi markaðssetningarfyrirtækisins Ysland.

Sigur Rósar teppi uppseld á örskotsstundu

„Það var gaman að flétta saman þessa tvo heima sem við hjá Farmers Market lifum og hrærumst í, tónlistar- og hönnunarheiminn,“ segir Jóel Pálsson tónlistarmaður um samstarfsverkefni Farmers Market og hljómsveitarinnar Sigur Rósar. Jóel rekur hönnunarfyrirtækið ásamt eiginkonu sinni, fatahönnuðinum Bergþóru Guðnadóttur, og höfðu meðlimir Sigur Rósar samband við þau snemma í vor og báðu þau um að hanna teppi sem hægt væri að bjóða samhliða hinna hefðbundnu geisladiska- og bolastölu á tónleikaferðalagi sínu sem nú stendur yfir.

„Við ákváðum að nota íslenska ull í teppin og hanna þau með tilliti til þess að hægt væri að framleiða þau hér heima. Bergþóra lagðist í smá grúsk og gerði svo eins konar abstrakt útgáfu af plötuumslagi Valtara. Við gerðum

frumgerð, mynduðum hana og Sigur Rós setti á vefinn sinn. Það er skemmst frá því að segja að öll 300 teppin seldust upp í forsoðu á nokkrum klukkutímum,“ segir Jóel. Í kjölfarið var ákveðið að framleiða önnur 300 teppi en í annarri líta-samsetningu og seldust þau einnig strax upp. Fleiri teppi verða ekki framleidd og því um takmarkað upp-lag að ræða en framleiðslan hefur verið í gangi í allt sumar.

Inntur eftir því hvort þau hafi í huga að vinna frekar með Sigur Rós útilokar Jóel það ekki. „Fáir vita að fyrirtæki okkar byrjaði sem plötútgáfa þó fatahönnunin hafi tekið yfir síðustu árin.“ - sm



UPPSELT Um 700 kíló af íslensku ull voru notuð í teppin. Jóel Pálsson er annar eigenda Farmers Market.

hár expo
býður Auði Magnúsdóttur
velkomna til starfa
tímapantanir í síma
552 7170
www.harexpo.is

HELGA ARNARDÓTTIR: ÞAÐ ER ALLTAF EINHVER SEM VEIT EITTHVAÐ

Hefur leit að horfnu fólki

„Mér finnst óviðunandi að manneskja geti horfið sporlaust í okkar litla samfélagi,“ segir fréttakonan Helga Arnardóttir sem er að fara af stað með nýja þætti á Stöð 2 þar sem umfjöllunarefnið er mannhvörf á Íslandi.

Þættirnir bera vinnuheitid Horfið fólk og fara í loftið í kringum áramótin en þeir verða alls átta talsins. Um ólík mál er að ræða þar sem elsta málið er um fimmtíu ára gamalt og það yngsta tveggja ára. Björn Brynjúlfur Björnsson sér um framleiðslu þáttanna en hann framleiddi Sönn íslensk sakamál á sínum tíma.

Helga hefur lengi gengið með hugmyndina að þáttunum í maganum en hún hlaut blaðamannaverðlaunin í ár fyrir umfjöllun sína um Guðmundar- og Geirfinnsmálin, frægustu mannhvarfsmál á Íslandi. „Þegar ég vann þá umfjöllun kviknaði áhugi minn á að fjalla um óleyst mannhvörf hér á landi. Mér finnst þessir einstaklingar eiga það skilið hvort sem hvörf þeirra eru sjálfskipuð, slys eða sagnæm. Ég finn líka að það er mikill áhugi í íslensku samfélagi fyrir mannhvörfum,“ segir Helga sem er rétt byrjuð að vinna þættina og hefur fengið gríðarlega góð viðbrögð frá aðstandendum og lögreglu. „Mér hefur verið mjög vel tekið. Aðstandendur, sama hversu langur tími er liðinn frá hvarfinu, eru alltaf að biða og leita að svörum um afdrif einstaklingsins.“

Helga vill ekki fara nánar út í hvaða mál verða tekin fyrir í þáttunum. Hún segir að hvert mál verði að nálgast af virðingu og er vongóð um að einhver svör finnist. „Sum mál eru þess eðlis að erfiðara er að leita svara, en það er alltaf einhver sem veit eitthvað barna úti. Eitthvert smáatriði sem hefur ekki fengið athygli,“ segir Helga og bætir við að aldrei sé of seint að veita upplýsingar.

Helga ætlar einnig að varpa ljósi á vinnu lögreglunnar og björgunarsveitar í tengslum við



FER ÓTROÐNAR SLÓÐIR Helga Arnardóttir ætlar að kafa ofan í mannhvörf á Íslandi í nýjum þáttum sem fara í loftið um áramótin. Helga er vongóð um að finna einhver svör og hvetur fólk til að setja sig í samband við hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SAKAMÁL, SLYS OG MANNSHVÖRF Á SKJÁINN

Neyðarlínan: Þættir sem hefjast á Stöð 2 í september. Fréttakonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna. Símtalið er spilað og talað við sjúkraflutningamenn og lækna sem aðstoðuðu sjúklingana á sínum tíma. Kastljósini beint að sögum sem enda vel.

Óupplýst: Hefjast á Skjá Einum í september. Þættirnir verða sex talsins og eru byggðir á sögum Íslendinga af óútskýranlegum atburðum sem hafa átt sér stað. Daniel Bjarnason og Erlendur Sveinsson standa að þáttunum.

Sönn íslensk sakamál: Hefjast í október á Skjá Einum. Þar verður hulunni svipt af gömlum og nýjum íslenskum sakamálum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður meðal annars fjallað um líkfundarmálið, morðið á Sri Rahmawati, vándisstarfsemi Catalinu og morðið á Einarri Erni Birgissyni. Sigursteinn Másson er þulur þáttanna og leikstjóri er Sævar Guðmundsson.

mannshvörf, ásamt sviðsettum atriðum inn á milli.

„Ég veit að ég á eftir að reka mig á vegg í enda er ég að feta ótroðnar slóðir. Ég hef góða tilfinningu fyrir þessu verkefni og

vonast til að fá góð viðbrögð,“ segir Helga og hvetur þá sem vilja setja sig í samband við hana vegna þáttarins að senda sér póst á netfangið helga@stod2.is.

alfrun@frettabladid.is

**6GB MINNI
640GB DISKUR**

15,6"

99.990

TOSHIBA Toshiba SAT C855-18C
Kemur í flottum rauðum lit með Intel Pentium Dual Core örgjörva, 6GB vinnsluminni og stórum 640GB disk. Windows 7 Home Premium.

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR

FINLUX
32" LCD SJÓNVARP

32"

Einfalt en vandað 32" Finlux sjónvarp með stafrænum DVBT móttakara, USB tengi og innbyggðum margmiðlunarspilara.

Finlux 32FLX905U

69.990

DVB-T USB HDMI

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SIÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Vissðu að...
ofækkur er ein
bíttingarmynd var á þessu?

Barnahell
Save the Children á Íslandi

Bauðst starf eftir danskeppni

Linda Ósk Valdimarsdóttir dansari kom fram í hæfileikakeppninni Rampljuset sem sýnd var í sænska ríkissjónvarpinu í maí. Þættirnir njóta mikilla vinsælda og í kjölfar þeirra var Lindu Ósk boðið starf yfirkennara hjá Dansakademíunni í Malmö.

„Þetta er enginn smá heiður fyrir mig, aðeins tvítuga stelpuna,“ segir Linda Ósk og bætir við: „Ég hef gengið frá öllum samningum við skólann og flyt út á morgun [í gær]. Fyrsta verkefni mitt er strax á sunnudag en þá verð ég einn af þremur dómurum í áheyrnarprufum fyrir sýningarhóp skólans.“

Að sögn Lindu bar flutningana skjótt að og hefur hún til að mynda aldrei hitt skólastjóra skólans. Hún kveðst þó spennt fyrir vinnunni og segir þetta ævintýri líkast. „Ég er búin að selja allt dótíð mitt og

fer út með aðeins eina 20 kílóa ferðatösku. Það er engin eftirsjá að dótinu mínu, mér finnst þetta allt bara ótrúlega spennandi og ég hlakka til að upplifa ný ævintýri, nýtt land og nýtt tungumál.“

Linda Ósk gerði samning til sex mánaða við skólann en telur líklegt að hún dvelji í það minnsta í tvö ár í Svíþjóð. Hún segir jafnframt að óalngengt sé að yfirkennara séu ráðnir á þennan hátt. „Bæði hefur skólastjórinn ekki hitt mig og það er líka óalngengt að yfirkennara séu svona ungir.“

Linda Ósk er eigandi dansskólans Rebel Dance Studio og dansar að auki með Rebel-dansflokknum. Hún segir dansskólann vera í góðum höndum í hennar fjarveru því meðeigandi hennar, Helga Ásta Ólafsdóttir, tekur við rekstrinum.

- sm



Á LEIÐ ÚT Lindu Ósk Valdimarsdóttur bauðst starf yfirkennara við Dansakademíuna í Malmö eftir frammistöðu sína í Rampljuset.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LAGERSALA Á ÚTIVISTAR- & VETRARFATNAÐI

ALLT AÐ AFSLÁTTUR 80%



Dömu dúnúlpa

Verð nú kr. 16.900
Verð áður kr. 39.990



Dömu prjónaflíspeysa

Verð nú kr. 9.900
Verð áður kr. 19.990



Barnaútigalli

St. 92 -128

Verð nú kr. 9.900
Verð áður kr. 19.990



Herra dúnúlpa

Verð nú kr. 19.900
Verð áður kr. 39.990



Herra prjónaflíspeysa

Verð nú kr. 9.900
Verð áður kr. 19.990



Barna prjónaflíspeysa

St. 92 -122

Verð nú kr. 5.900
Verð áður kr. 12.990

OPNUNARTÍMAR

Fimmtudagur	30. ágúst	kl. 12:00 - 20:00
Föstudagur	31. ágúst	kl. 12:00 - 20:00
Laugardagur	1. sept	kl. 11:00 - 18:00
Sunnudagur	2. sept	kl. 12:00 - 18:00
Mánudagur	3. sept	kl. 12:00 - 20:00

Mikið úrval af vetrarfátnaði, útivistarfátnaði og mörgu fleiru.

Lagersala - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekkumegin) - Kópavogi



ZO·ON
I C E L A N D

www.zo-on.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Áheyrnarprufur í Hörpu


Dansæðið grípur þjóðina á ný í vetur er Dans Dans Dans fer aftur á dagskrá Ríkissjónvarpsins. Áheyrnarprufurnar fara fram dagana 28.-30. september næstkomandi í Hörpu og má búast við miklum fjölda þátttakenda ef marka má góð viðbrögð í fyrra. Sigurvegari þáttarins fær 1,5 milljónir króna í verðlaunafé en sú nýlunda er í ár að einnig verða veitt verðlaun



fyrir annað og þriðja sæti. Annað sætið fær 600 þúsund á meðan þriðja sætið hlýtur 300 þúsund krónur. Kynnir þáttarins, **Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir**, og dómaramir Katrín Hall, Gunnar Helgason og Karen Björk Björgvinsdóttir eiga því eftir að hafa í nógu að snúast í vetur.

Bakaríi lokað fyrir Stiller

Tökur á myndinni The Secret Life of Walter Mitty hér á landi hófust í gær. **Ben Stiller**, sem leikstýrir myndinni ásamt því að fara með aðalhlutverkið, var með lið sitt á Helligshelgöngu í gær. Hann mun gera viðreist í framhaldinu, meðal annars um Vesturland. Í héraðsblaðinu Skessuhorni segir að Geirabakarí í Borgarnesi verði lokað frá morgundeginum til og með þriðjudags vegna upptöku á atríði á pitsustað. Þá herma fréttir að upptökur muni einnig fara fram á Borgarfjarðarbrúnni og að tökulíðið hafi leigt húsnæði menntaskólans í bænum meðan á tókum stendur.



- áþ. þj

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Reyndu að selja íslenska konu mansali
- 2 Eva Rausing sagðist vita hver myrta Olof Palme
- 3 Nokkrum milljónum var stolið frá Jarðböðum við Mývatn
- 4 "Hvað ef þetta hefði verið Anders Breivik á upptökunni..."
- 5 Segja að myndband sé til af Harry prins nöktum

Ný bók
 eftir metsöluhöfundinn
Jodi Picoult

www.forlagid.is

BOSS
 HUGO BOSS

SAND
strellson

POLO
 RALPH LAUREN

ARMANI
 COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM
 MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO
 HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
 collezione

bugatti

Stenströms

LLOYD

BELLINI
 collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
 FRÁ KL. 11 TIL 18
 LAUGARDAGA
 FRÁ KL. 11 TIL 17

Herra Lagerinn outlet

Troðfull verzlun af merkjavöru!

40-70%

afsláttur af öllum vörum!

Úrval af barnafatnaði frá **ENGLABÖRNIN**

Falleg fót á stelpur og stráka...

á 50-60% afslætti

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)